Byggðasafn Skagfirðinga - Rannsóknaskýrslur

Hallormsstaður og nágrenni

Fornleifaskráning

Framhúsið á Hallormsstað. Ljósm. GZ

Guðný Zoëga

nóvember 2004

2004/34

© Guðný Zoëga Byggðasafn Skagfirðinga
2004/34

Efnisyfirlit

Inngangur **2**
Tilgangur fornleifaskráninga 3
Fornleifaskráning og aðferðir 4
Aðferð við skráningu 4
Jarðanúmer 4
Tegund, hlutverk og heiti 5
Lega 5
Staðhættir og lýsing 5
Hættumat 5
Heimildir 5
Heimildamenn 6
Saga jarðanna og fornleifar 6
Helstu minjaflokkar 6
Minjar í túni 6
Minjar í eða við tún 7
Minjar utan túns 7
Við sjó/vötn 9
Saga jarðanna og fornleifar **10**
Hallormsstaður (Hallormsstaðir) 157488 50 10
Sólheimar 157547 50 77
Skjögrastaðir (Skagasel) 182047-51 83
Buðlungavellir (Bulungavellir) 157464 50 96
Tóftir utan Hallormsstaðalands **106**
Mjóanes (Mjóvanes) 157540 46 106
Gunnlaugsstaðir (Gunnlaugarstaðir) 157486 47 112
Hrafnkelsstaðir (Rafnkelsstaðir) 156960 154 115
Vallholt 156971 154 120
Niðurstöður – samantekt **123**
Minjar og vaðveislugildi 123
Minjar í og við Hallormsstaðaskóg 123
Fjöldi minja á skráðum jörðum 123
Minjar og notkunargildi þeirra 123
Minjar á Hallormsstað 124
Minjar á Skjögrastöðum 125
Minjar á Buðlungavöllum 125
Minjar á Ormsstöðum 125
Minjar á Tittlingsseli 125
Minjar utan Hallormsstaðalands 126
Búseta í Skógum 126
Frekari rannsóknir 129
Niðurlag 129
Minjar sem hafa sérstakt minjagildi eða eru áhugaverðar til kynningar: 130
Heimildaskrá **131**

Viðauki – listi yfir hnit og fornleifakort



Inngangur

Nú stendur yfir ritun um sögu og náttúru Hallormsstaðar sem Hjörleifur Guttormsson ritstýrir. Í tengslum við það rit var á vegum náttúrufræðistofu Hjörleifs unnið að fornleifaskráningu í landi Hallormsstaðar um tveggja vikna skeið 3. – 14. maí 2004. Skráningin var unnin með styrk frá Fornleifasjóði og var fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fengin til að vinna hana en Hjörleifur var til aðstoðar og leiðsagnar á vettvangi. Jarðir sem skráðar voru í heild sinni voru Hallormsstaður, Skjögrastaðir, Buðlungavellir og Ormsstaðir auk minja á seljum og öðrum afbýlum Hallormsstaðar. Einnig voru skráðar búsetuminjar frá fyrri hluta 20. aldar og minjar tengdar stofnun Húsmæðraskólans á Hallormsstað. Til viðbótar voru skráðar minjar um elstu byggð í Mjóanesi og á Gunnlaugsstöðum þó að þar hafi ekki verið um að ræða heildarskráningu jarðanna líkt og á Hallormsstað. Skráðar voru leifar fornbýlisins Háls á vestanverðum Gilsárdal auk fleiri minja á dalnum og fylgja þær með sem viðbót aftast í þessari skýrslu.
Auk þess að skráningin gagnist við ritun sögu Hallormsstaðar nýtist hún við skipulagningu skógræktar og aðalskipulagsvinnu sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs.

Fornleifasjóði er þakkaður veittur styrkur. Sérstakar þakkir eru færðar heimildamönnum Hjörleifi Guttormssyni og Gunnlaugi M. Kjerúlf og fyrir veitta aðstoð Þór Þorfinnssyni og Skúla Björnssyni hjá Skógrækt ríkisins, Guðrúnu Sigurðardóttur og Sigurði Blöndal og að lokum Sigurði E. Kjerúlf í Vallholti fyrir leiðsögn um Ranaskóg og inn á Gilsárdal. Einnig eru þakkir til Ómars Þrastar Björgólfssonar byggingafulltrúa Austur-Héraðs sem veitti aðgang að loftmyndum sveitarfélagsins. Hnitsetning minja á skipulagskort var í höndum Verkfræðistofu Austurlands.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
>
> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
>
> Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í

minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í sameiginlegan gagnagrunn minja-vörslunnar, Sarp.

Í fornaleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.[1]

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndir eða teikningar eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á skipulagskort frá Verkfræðistofu Austurlands. Kort og loftmyndir eru birtar hér með góðfúslegu leyfi Verkfræðistofunnar og Sveitarfélagsins.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Hallormsstaður - 157488, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens, 50 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði Hallormsstaðar væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti:

[1] J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

Hallormsstaður - 157488-50-1. Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild" sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Borgargerði eða Hólhús, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort frá Verkfræðistofu Austurlands. Hnitin sem gefin eru upp eru í landskerfinu ISN93.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki

neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Heimildamenn

Heimildamenn við skráninguna voru fyrir Hallormsstað Hjörleifur Guttormsson, fæddur þar og uppalinn og Skúli Björnsson starfsmaður Skógræktar ríkisins. Fyrir Skjögrastaði og Buðlungavelli var heimildamaður Gunnlaugur M. Kjerúlf sem var seinasti ábúandi á Buðlungavöllum, bjó þar í 20 ár.

Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hverrar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Stærsti minjaflokkurinn hinsvegar teljast útihús hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt svo engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á ***alkirkjum***, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á ***hálfkirkjum***, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á ***fjórðungs-*** og ***þriðjungskirkjum*** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrndir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:
***Fjós*:** Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.
***Fjárhús*:** Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við veggi. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.
***Hrútakofar*:** Smærri kofar oft yst í túni.
***Lambhús*:** Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.
***Hesthús*:** Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.
***Smiðjur*:** Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.
***Kofar*:** Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.
***Brunnar*:** Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.
***Myllur*:** Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúðar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.
***Kvíar*:** Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

***Kuml/haugur/dys/kumlateigar*:** Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml,

stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

***Réttir*:** Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabrúks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðheldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

***Stekkir*:** Eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

***Nátthagar*:** Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ánna á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftar en ekki í næsta nágrenni.

***Sel*:** Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17.-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

***Stöðull*:** Kýr voru mjólkaðar á stöðli, þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

***Beitarhús*:** Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

***Smalakofar*:** Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

***Heytóftir*:** Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

***Fjárborgir*:** Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

***Garðlög*:** Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að

aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.
***Heyvinnsla*:** Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

Við sjó/vötn

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.
***Sjóhús/verbúðir*:** sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.
***Fiskbyrgi*:** Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.
***Hjallar*:** Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuð upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.
***Naust/hróf*:** Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.
***Uppsátur*:** Þar lögðu menn upp bátum. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur voru líka til en eru sjaldgæfari.
***Fiskgarðar*:** Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Saga jarðanna og fornleifar

Hallormsstaður (Hallormsstaðir) 157488 50

Framhúsið á Hallormsstað. Garðlag (no.4) í forgrunni og kirkjugarður í bakgrunni. Ljósm:GZ

Saga

Hallormsstaður liggur í Hallormsstaðaskógi austan Lagarfljóts um fimm kílómetra utan við Fljótsbotn þar sem Jökulsá á Fjöllum fellur í Lagarfljót.

Byggð hefur verið í skóginum frá fornu fari en í Landnámu greinir svo frá: "Graut Atli nam ina eystri strönd Lagarfljóts allt á milli Giljár og Vallaness fyrir vestan Öxnalæk.[2] Nafnið Atlavík kemur fyrir í Droplaugarsonasögu, Þorsteins sögu hvíta og Hrafnkötlu. Í Droplaugarsonasögu segir: "Atli kaupir landið fyrir austan fljótit upp frá Hallormsstöðum, er nú heitir í Atlavík, ok bjó þar til elli, en nú eru þar sauðhúsatóftir".[3] Droplaugarsonasaga mun rituð á fyrri hluta 13. aldar[4] og er þar Hallormsstaða-nafnið komið til sögunnar (bærinn nefndur Hallormsstaðir) en býlið í Atlavík orðið að tóftum. Því er víst að Hallormsstaðajörðin hefur verið snemma byggð þótt heimildir séu þögular um upphaf hennar.

---

[2] Íslendingasögur I, Landnámabók, bls. 180.
[3] Íslendingasögur X, Austfirðingasögur, bls. 124.
[4] Stofnun Árna Magnússonar, heimasíða:
http://www.am.hi.is/handritasafn/nokkurThekktHandrit.php?fl=6

Hallormsstaður varð snemma kirkjustaður. Tvær kirkjusóknir voru í Vallahreppi hinum forna, Hallormsstaðasókn og Vallanessókn.[5] Hallormsstaðasókn samanstóð af bæjunum í Skógum auk tveggja bæja í Skriðdal, Geirólfsstaða og Mýra. Sóknin var lítil enda þótti brauðið í rýrara lagi.[6] Sóknarkirkjan var á Hallormsstað en sagnir eru um að bænhús hafi verið í Mjóanesi.[7] Kirkju er fyrst getið á Hallormsstað í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá því um árið 1200.[8] Hennar er einnig getið í Vilkinsmáldaga frá 1397, þar sögð Pétursskirkja og eignir hennar tíundaðar.[9] Þar var prestsetur frá 14. öld allt til 1880 er sóknin var sameinuð Þingmúlasókn. Síðasta kirkjan á staðnum var reist 1895 en rifin 1910.[10]

Hallormsstaðar er getið á fleiri stöðum í Fornbréfasafni, þá oft í tengslum við prestaskipti ellegar skógnytjar.[11]

Í sóknarlýsingu frá 1874 er Hallormsstaður sagður "best húsaður bær í Skógum[...] mestallur byggður af útlendum viðum og rekavið".[12] Núverandi bæjarhús stendur þar sem bærinn hefur staðið í gegnum aldirnar. Húsið, nefnt Framhús, er úr timbri, byggt 1884 af Lárusi Eiríkssyni smiði.[13] Byggt var við húsið 1921 og aftur 1928 (Stórastofa). Grjóthlaðinn kjallari (Gamli kjallari) er undir elsta hluta hússins. Önnur hús í bæjarþorpinu voru Baðstofa (rifin 1927), skemma, smiðja (brann 1938), skemma, hlaða nefnd Gípa, kamar og skúrbygging.[14]

Í Jarðabók Johnsens er sögð ein hjáleiga frá Hallormsstað, Skjögrastaðir. Ormsstaðir og Tittlingssel eru þó einnig taldar hjáleigur frá staðnum 1760 og 1804.[15] Önnur afbýli voru Buðlungavellir, fornbýli aflagt á 18. öld, auk Bjargsels og Borgargerðis en þar mun hafa verið búið á 19. öld.[16]

Jörðin var kirkjujörð en síðar þjóðjörð. Hallormsstaðaskógur var friðaður með lögum 1899 og árið 1907 fékk skógræktin full yfirráð yfir Hallormsstað.[17] Frá fornu fari hafa helstu hlunnindi Hallormsstaðar verið skógurinn sem nýttist bæði til bygginga og kolagerðar. Nú er Skógrækt ríkisins þar með starfsemi og þar starfar einnig skógarvörður.

Húsmæðraskóli var stofnaður að tilstuðlan þeirra Sigrúnar og Benedikts Blöndal í Mjóanesi en hann var síðan fluttur í Hallormsstað og starfræktur þar allt frá 1930 fram á þennan dag (nú Hússtjórnarskóli). Með skólanum var rekið skólabú en það var lagt niður um miðjan sjöunda áratuginn.[18]

---

[5] Sveitir og jarðir II, bls. 127.
[6] Sveitir og jarðir II, bls. 132.
[7] Sveitir og jarðir II, bls. 127.
[8] DI XII, bls. 4.
[9] DI IV, bls. 207-209.
[10] Sveitir og jarðir í Múlaþingi, bls. 132.
[11] DI III, bls. 232, DI VI, bls. 590, DI VII, bls 29. DI VIII, bls. 299, DI XI, bls. 283. DI XII, bls. 711, DI XV, bls. 682.
[12] Sýslu- og sóknarlýsingar 1874, bls. 346.
[13] Sveitir og jarðir II, bls. 135.
[14] Örnefnaskrá, HG, bls. 10.
[15] Jarðatal á Íslandi, bls. 371.
[16] Sveitir og jarðir í Múlaþingi, bls. 133-5.
[17] Sveitir og jarðir í Múlaþingi, bls. 135.
[18] Sveitir og jarðir í Múlaþingi, bls. 138.

Friðlýstar minjar fornbýlanna Atlavíkur og Geitagerðis eru í landi Hallormsstaðar. Atlavíkurstekkur fylgir með fornleifaskrá Hallormsstaðar en Geitagerði er skráð með nýbýlinu Sólheimum. Sólheimar voru nýbýli frá Hallormsstað stofnað 1948.

Náttúrufar og jarðabætur

Hallormsstaður liggur austan Lagarfljóts. Milli Ormsstaða og Hallormsstaðar er mikið berghlaup, svokallaðir Hólar, sem liggur allt frá Hallormsstaðabjargi niður að Lagarfljóti. Fjallshlíðar eru nú vaxnar skógi en neðan undir skiptast á hjallar og hólar niður að Fljótinu. Strandlínan er vogskorin og víða ganga klettahöfðar út í Fljótið.[19]

Í sóknarlýsingu frá 1874 er Hallormsstað lýst svo: Hallormsstaður með hjáleigunum er talinn 93,2 hndr. (eftir nýju mati). Það er ágæt útigangsjörð, einkum vegna skógar og víðis á sumum stöðum, en heyskapur er þar mjög lítill, helst er hann á ræktuðum blettum hjá beitarhúsum og kringum tún”.[20]

Land umhverfis Hallormsstað var víða mýrlent uns skógur og framræsla þurrkuðu land að mestu á seinni hluta 20. aldar. Í Fasteignamati 1918 eru tún sögð 7 hektarar og hæfileg áhöfn 12 nautgripir, 15 hross og 350 fjár. Þriðjungur túns var sléttur en tún nokkuð illþýfð. Beitiland var kjarngott og snjólétt, mótak gott en torfrista léleg.[21]

Eins og fyrr er nefnt var skógurinn helstu hlunnindi Hallormsstaðar en í Jarðabók Johnsens segir: „Hallormstaður (í Skógum), [...] Skógur er hér einhver enn bezti, til rapta og kola, og mikið af honum í fullu lífi og vexti; aptur er enn fyrri “timburskógur”, sem áður stóð nær því um allt landið, öldúngis útdauður.”.[22] Skógarítök í landi Hallormsstaðar áttu Bessastaðir í Fljótsdal, Brekka í Fljótsdal, Arnheiðarstaðir í Fljótsdal, Skeggjastaðir í Fellum og Þingmúli í Skriðdal. Móti þessum skógarítökum átti Hallormsstaður eftirtalin ítök í framantöldum jörðum, sex hrossa beit í Bessastaðalandi, fjögurra hrossa beit í Brekkulandi, beit fyrir 100 fjár í landi Arnheiðarstaða og Hólmann í Skriðuvatni í landi Þingmúla.[23] Í sóknarlýsingu frá 1874 virðist nokkuð gengið á skóginn og stærri viðir nálega horfnir.[24] Á árunum 1905-1908 var mestallt skóglendið girt af og hefur skógurinn vaxið mjög, bæði vegna ræktunar en auk þess hafa náttúruskógar vaxið skjóli friðunar.[25]

Landamerki

"Landamerki Hallormsstaðar og hjáleignanna Ormsstaða og Buðlungavalla frá 8. maí 1884: 1. Að utan ræður Hafursá inn og upp að reiðgötum sem ráða mörkum austur á Skarðshrygg. 2. Að austan ræður bein stefna frá reiðgötum á Skarðshrygg um austurbrúnir, austanvert við Prestaflóa og Sandhóla, alla leið inn á móts við ytri Hraungarðsenda. 3. Að sunnan ræður Hraungarður þar sem hann ber hæst, alla leið inn í Hornbrynju. 4. Að innan ræður Gilsá, allt til upptaka hennar".[26]

---

[19] Ö-Hallormsstaðar 2002, 3, Sveitir og jarðir II, bls. 133.
[20] Sýslu- og sóknarlýsingar 1874, bls. 336-7.
[21] Sveitir og jarðir í Múlaþingi, bls. 134-5.
[22] Jarðabók Johnsens, 1847, bls. 383.
[23] Örnefnaskrá Hallormsstaða, 2002, bls. 2.
[24] Sýslu- og sóknalýsingar, bls. 331.
[25] Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, bls. 135.
[26] Örnefnaskrá Hallormsstaðar, 2002, bls. 2.

Fornleifaskrá



Uppdrátturinn er byggður á túnakorti Hallormsstaðar frá 1908.

Hallormsstaður 157488 50 - 1
Hlutverk Bæjarhóll
Tegund: Heimild
Staðsetning: X699868,068 Y517258,344
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðhættir
Á túnakorti eru bæjarhúsin fast sunnan vegar, rétt suðvestan kirkjugarðs.
„Innan við ána [Staðará] og niður við veg er Hallormsstaðabær, bólstaður prestsins fyrrum og síðar skógarvarðar" (Sjm, 134).
Núverandi íbúðarhús stendur á gamla bæjarstæðinu. Enn stendur þar timburhús (framhús) byggt 1884 af Lárusi Eiríkssyni smið, viðbygging (skúrbygging) úr timbri frá 1922 og steinsteypt álma frá 1928. Í elsta hluta hússins er kjallari, hlaðinn úr grjóti, stofuhæð og rishæð (Sjm:135).
Í örnefnaskrá segir: „Hallormsstaðabær hefur lengi, ef til vill frá ómunatíð, staðið innan við Kirkjugarð ofan þjóðvegar sem fram um 1955 fylgdi heimreið um bæjarhlað, en bílvegur var þá færður niður á túnið þar sem hann liggur nú 2002" (ÖHG:9).
Lýsing
Engin merki eru um eldri bæjarhús á bæjarstæðinu en enn er greinilegur hlaðinn garður við bæjarhlað, norðan heimreiðarinnar gömlu.
Heimildaskrá
Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 - 2

Kirkjutrappa og legsteinar þar sem kirkjan stóð. *LjósmGZ*

Hlutverk Kirkja
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 699905,066 Y: 517291,876
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
Kirkja var á Hallormsstað allt frá miðöldum en hún var lögð niður og rifin 1895. Kirkjustæðið og kirkjugarðurinn eru rétt utan við Hallormsstaðabæinn. Í kirkjugarðinum fannst árið 1908 hluti úr keri, sem talið er vígsluvatnsker úr kaþólskum sið, og var það sent Forngripasafninu í Reykjavík (ÖHa:2, Sjm II:132-134, Árb:76).
Á túnakorti frá 1908 má sjá kirkjugarðinn rétt utan bæjarhúsanna. Í örnefnaskrá segir: „Neðan við Botn er Kirkjugarður þar sem kirkja staðarins stóð, að talið er frá öndverðri 13. öld eða fyrr til 1895 að þjónusta lagðist þar af og var kirkjan þá rifin." (ÖHG:13).
Lýsing
Um 10 m austan bæjarhúsa á Hallormsstað er kirkjugarður. Garðurinn er um 25 x 25 að utanmáli. Kirkja var fyrir miðjum gamla kirkjugarðinum en er horfin nema hvað kirkjutrappan upp að framdyrunum er enn á sínum stað.
Aðrar upplýsingar
Eftirágerð teikning af kirkjunni, unnin af Ara Lúðvíkssyni arkitekt eftir forsögn frá Lúðvík Ingvarssyni og Auðunni Eiríkssyni, gerð m. a. eftir gömlum uppmælingum, er í vörslu Biskupsstofu.
Heimildaskrá:
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Árbók hins íslenska fornleifafélags. 1910.
Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort Hallormsstaðar, 1908.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 - 3

Hlutverk Kirkjugarður
Tegund: Hleðsla
Staðsetning: X: 699905,066 Y: 517291,876
Hleðsluhæð: 1,5 m
Lengd: 25 m
Breidd: 25 m
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
Kirkja var á Hallormsstað allt frá miðöldum en hún var lögð niður og rifin 1895. Kirkjustæðið og kirkjugarðurinn eru rétt utan við Hallormsstaðabæinn. Í

kirkjugarðinum fannst árið 1908 hluti úr keri, sem talið er vígsluvatnsker úr kaþólskum sið, og var það sent Forngripasafninu í Reykjavík (ÖHa:2, Sjm II:132-134, Árb:76).
Á túnakorti frá 1908 má sjá kirkjugarðinn rétt utan bæjarhúsanna.
Í örnefnaskrá segir: „Neðan við Botn er Kirkjugarður þar sem kirkja staðarins stóð, að talið er frá öndverðri 13. öld eða fyrr til 1895 að þjónusta lagðist þar af og kirkjan þá rifin" (ÖHG:13).

Lýsing

Um 10 m austan bæjarhúsa á Hallormsstað er kirkjugarður. Garðurinn er um 25 x 25 að utanmáli. Að norðanverðu er framhlið garðsins grjóthlaðin og einnig að hluta til austur og vestur hliðar garðs. Grjótveggurinn var hlaðinn 1985 og kom þá í stað torfgarðs og girðingar. Veggurinn er um 1,5 m að hæð og er garðflöturinn í sömu hæð eftir að bætt hefur verið jarðvegi í garðinn næst grjótveggnum. Til 1908 var torfgarður umhverfis kirkjugarðinn Garðurinn var endurhlaðinn og minnkaður eitthvað í byrjun 20. aldarinnar en hefur síðan verðir stækkaður tvívegis, fyrst um miðja 20. öldina og síðar þegar grjótgarðurinn var hlaðinn 1985. Kirkja var fyrir miðjum gamla kirkjugarðinum en er horfin nema hvað kirkjutrappan upp að framdyrunum er enn á sínum stað.

Heimildaskrá:

Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun. Örnefnastofnun.
Árbók hins íslenska fornleifafélags. 1910.
Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort Hallormsstaðar, 1908.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 - 4

Hlutverk Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 699876,929 Y: 517321,017
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Á túnakorti má sjá matjurtagarð vestan við bæjarhúsin, handan við veginn
„Við bæinn, neðan vegar um hlaðið, var langur matjurtagarður með birki til skjóls á þrjá vegu en torfgarður meðfram veginum" (ÖHG:10).

Lýsing

Hlaðinn torfveggur liggur á um 50 m kafla í stefnuna austur-vestur um 10 m norðan við gamla íbúðarhúsið á Hallormsstað. Tröðin um bæjarhlað lá milli bæjarhúsa og torfveggjarins, síðar þjóðvegur og nú heimreið. Hleðslan stendur enn mjög vel en garðurinn er um 1 m að hæð og um 1 m að breidd.

Aðrar upplýsingar

Gps hnit á vestara horni garðsins: 65°05'40/14°44'42"

Heimildaskrá

Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort Hallormsstaðar, 1908.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 - 5

Hlutverk Vegur,Tröð, Heimreið

Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 699879,012 Y: 517290,12
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir „Hallormsstaðabær hefur lengi, ef til vill frá ómunatíð, staðið innan við Kirkjugarð ofan þjóðvegar sem fram um 1955 fylgdi heimreið um bæjarhlað, en bílvegur var þá færður niður á túnið þar sem hann liggur nú 2002 [...] Gömlu traðirnar og götur inn frá Hallormsstað lágu efst í Mörk þar sem nú er stígur að blágreninu frá 1905" (ÖHG:9/15).
Lýsing
Framan (norðan) gamla bæjarhússins á Hallormsstað var hellulögð stétt. Fast norðan hennar, milli hennar og torfgarðs norðan húss, lá heimtröðin. Hún mun hafa verið um 2,5 m að breidd og nokkuð djúp, með allháum bökkum innan og utan við bæ. Neðan við íbúðarhúsið er tröðin nú malarlögð og engin merki bakkanna lengur að finna en móta sést enn fyrir tröðinni í túninu (Fjósatúni) vestan bæjar.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 - 6
Hlutverk Brunnur
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 699868,068 Y: 517258,344
Lengd: 1,2 m
Breidd: 1,2 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
Í örnefnalýsingu segir: „Brunnur var milli bæjar og fjóss, tengdur bæjarlæk. Frá honum lá leiðsla að vatnshrút við bæjarlæk litlu neðar og dældi „hrúturinn" vatni upp í tunnu í bænum þar til um 1945 að lögð var 300 m löng vatnsleiðsla frá lind efst í Efri-Hestagirðingu neðan við Kolagjót" (ÖHG: 10).
Lýsing
Brunnurinn var um 20 m vestur af vesturhlið bæjarhúsanna. Hann var grjóthlaðinn, um 1,2 x 1,2 m að breidd. Fyllt var upp í brunninn nálægt 1950 eftir að vatn hafði verið leitt í bæinn. Brunnurinn er nú horfinn og steypt bílaplan þar sem hann var.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 - 7
Sérheiti: Fjóshóll
Hlutverk Fjós
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 699855,04 Y: 517257,465

Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðhættir
„Innan við bæ er Fjóshóll. Þar er klettarani sem heitir Fjósakambur”(ÖHa:10).
Í örnefnalýsingu segir: „Garður, með rifsi, trjám, fjölærum blómum og matjurtum var mótaður innan við bæinn nálægt 1930, innan við hann hafði 1909 verið steypt fjós og hesthús og 1934 var innan við steypt stór hlaða áföst fjósi grafin inn í Fjóshól” (ÖHG:10).
Á túnakorti má sjá útihús sunnan við bæjarhúsin, alveg við veginn.
Lýsing
Gamla fjósið sem Fjóskambur mun draga nafn sitt af stóð um 30-40 m vestur af bæjarhúsinu. Þar stendur nú steypt fjós sem byggt mun hafa verið 1909. Áföst því er steypt hlaða sem mun reist 1934.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.
Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort Hallormsstaðar, 1908.

Hallormsstaður 157488 50 - 8

Hlutverk Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 699911,316 Y: 517199,183
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt og ábúð
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Túngarður sunnan bæjar, horft til vesturs. Ljósm:GZ

Staðhættir
Í örnefnalýsingu segir „Innan við það [Framtúnið] voru leifar af túngarði og engjastykki kallað Grund inn af hesthúsinu „fram og niðri” skammt neðan þjóðvegar” (ÖHG:14).
Lýsing
Túngarður lá umhverfis túnið á Hallormsstað og var lega hans nokkurn veginn eins og fram kemur í afmörkun túns á túnakorti 1908. Á þeim kafla garðsins sem lá um Hólinn og Geirólfsstaðahól (suðaustan og norðaustan bæjarhúsanna) var hann í formi upphækkaðs barðs á hólunum. Torfgarður lá þaðan á innmörkum og útmörkum túnsins en ógreinilegur neðan þess og þar handgrafinn skurður eins og sést á túnakorti. Einna greinilegastur er garðurinn nú suðvestan við Hólinn en þar liggur hann yfir sund sunnan bæjarins og rennur bæjarlækurinn í gegn um sundið. Nokkru efni hefur verið bætt í garðinn á þeim kafla en þar mun lækurinn hafa verið stíflaður. Þar er garðurinn nú um 3 m hár og um 5 m breiður. Einnig má greina garðinn í boga niður úttúnið neðan (norðan) vegar en þar hefur verið sléttað úr honum.
Heimildaskrá
Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort Hallormsstaðar, 1908.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 - 9

Sérheiti: Nátthagi/Siggabær
Hlutverk Nátthagi
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 699887,344 Y: 517166,528
Lengd: 11 m
Breidd: 9 m
Ástand: Gott
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
„Rétt fyrir ofan Fjósakamb og innan við túnið heitir Nátthagi, gamlar kvíarústir."(ÖHÞG)
Í örnefnaskrá segir: „Ofan við kambinn, innan við Fjósatún, eru rústir af Nátthaga, á 20. öld leiksvæði barna og um tíma kallaður „Siggabær" eftir Sigurði Blöndal sem lék sér þar ásamt fleirum í æsku" (ÖHG:14).
Ofan (austan) við svokallaðan Fjósakamb í skógarbrekku er hringmynduð tóft sem ber nafnið Nátthagi. Tóftin er um 30 m vestan við bæjarlækinn þar sem hann rennur í sundi ofan túngarðs sunnan bæjarhúsa á Hallormsstað.



Lýsing
Nálega hringlaga tóft um 11 x 9 m að innanmáli, mjög gróin. Veggir hrundir og er þykkt mest um 2 m en hæð veggja utanvert um 1 m. Tóftin virðist standa á nokkurri upphækkun sem bendir til endurbygginga á sama stað. Tóftin var leikvöllur barna á 20. öld og eru menjar um þann búskap enn greinilegar, bæði hefur verið grafið inn í veggina og svo hafa tveir smákofar verið hlaðnir upp við tóftina sunnanverða. Óljóst mótar fyrir hliði á tóftinni suðaustan til.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður, leiðréttingar og viðaukar eftir Þórhall Guttormsson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 10
Sérheiti: Gamli Skriðdalsvegurinn
Hlutverk Vegur
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 699850,344 Y: 517132,996
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
„Gamlar götur liggja yfir Hólana frá túni á Hallormsstað, götur þessar lágu út og upp (A) yfir Hálsabrekkur og Hallormsstaðaháls til Skriðdals og eru nefndar Skriðdalsvegur." (ÖHa:8)

Í örnefnaskrá segir: „Utan við kirkjugarðinn var Tröð upp á milli Geirólfsstaðahóls og Hóls, notuð sem áheldi fyrir hesta kirkjugesta en upp frá henni lá stekkjargata og Skriðdalsvegur yfir Hálsinn” (ÖHG:13).

Lýsing

Greinilegar reiðgötur liggja skáhallt upp og austur yfir Fjósakamb. Voru þær neðsti hluti svokallaðs Skriðdalsvegar sem lá upp og austur yfir Hallormsstaðaháls til Skriðdals.

Aðrar upplýsingar

Um göturnar lá umferð þeirra sem fóru ”fyrir ofan garð”, þ. e. án viðkomu á bæ.

Heimildaskrá

Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður. (Örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson) Örnefnastofnun.

Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 11

Hlutverk Vatnshrútur
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðhættir

„Brunnur var milli bæjar og fjóss, tengdur bæjarlæk. Frá honum lá leiðsla að vatnshrút við bæjarlæk litlu neðar og dældi “hrúturinn” vtni upp í tunnu í bænum þar til um 1945 að lögð var 300 m löng vatnsleiðsla frá lind efst í Efri-Hestagirðingu” (ÖHG:10)

Heimildaskrá

Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 12

Séð til suðurs frá Vikurholu að bæjarhúsum á Hallormssað. Ljósm: GZ

Hlutverk Áveita, Vikur
Tegund: Heimild
Staðsetning: X699755,521 Y517374,911
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt og ábúð

Staðhættir

„Á Úttúni neðarlega var Vikurhola í barði sem myndað var af vikurhaug eftir þetta mikla öskufall [1875], en þá var vikri bæði mokað og skolað af túninu. Mótar enn fyrir áveituskorningi út frá Bæjarlæk eftir miðjum Hólnum inn og upp af bæ, en hann gæti upphaflega hafa verið frá 1840...”(ÖHG, bls. 13).

Lýsing

Um 150 m neðan (norðan) bæjarstæðis á Hallormsstað í túninu neðan þjóðvegar er hola eða dæld í túnið sem mun vera umrædd Vikurhola.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 13

Sérheiti: Húsin frammi og niðri
Hlutverk Fjárhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 699770,094 Y: 517158,626
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
Á túnakorti má sjá útihús syðst í túninu, rétt vestan við veginn og túnhlið eftir að girt var. Getið er um tvö fjárhús á þessum stað í úttekt 1861.
Í örnefnalýsingu segir: Fjós yfir geldneyti með steyptum veggjum var byggt 1926 innan við gamalt fjárhús/hesthús „fram og niðri" á túninu, og stóð þá neðan þjóðvegar" (ÖHG:10).
Aðrar upplýsingar
Hús þessi voru rifin um 1955 þegar þjóðvegur var færður úr tröðum niður á túnið.
Aðrar upplýsingar
Gps punktur var tekinn um 15 m neðan (norðan) gatnamóta þjóðvegar og götunnar Fjósakambs.
Heimildaskrá
Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort Hallormsstaðar, 1908.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.
Úttekt 1861

Hallormsstaður 157488 50 – 14

Hlutverk Hesthús, Hlaða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðhættir
Í Örnefnaskrá er þessi lýsing: „Út og niðri" við Neðsta-Leyning var fram að jarðýtuöld rúst af hesthúsi og hlöðu og utar og neðar í túnjaðri, skammt frá Innra-Sandskeiði, rúst af hrútakofa" (ÖHG:10).
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 15

Hlutverk Hrútakofi
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 699827,434 Y: 517472,872

Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt
Staðhættir
Í Örnefnaskrá er þessi lýsing: „Út og niðri” við Neðsta-Leyning var fram að jarðýtuöld rúst af hesthúsi og hlöðu og utar og neðar í túnjaðri, skammt frá Innra-Sandskeiði, rúst af hrútakofa” (ÖHG:10).



Lýsing
Tóftin er vel gróin um 5 x 4 m að utanmáli og hafa dyr vitað til norðvesturs. Grjót sést enn í hleðslu. Veggir eru um 40 cm háir þar sem þeir eru hæstir og um 60 cm að breidd.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 16
Hlutverk Útihús
Tegund: Heimild; Tóft
Staðsetning: X: 699955 Y: 517326
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Gróður
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
Innanvert við túngarð (barð) suðaustast á Geirólfsstaðahóli nálægt Kirkjutröð..
Lýsing
Tóftin er á svokölluðum Geirólfsstaðahóli um 50 m austan við kirkjugarðinn. Syðst og efst í hólnum er óljóst tóftarbrot, líklega af einhverskonar kofa. Veggjalög eru mjög óljós enda er tóftin þakin trjágróðri að hluta.

Hallormsstaður 157488 50 – 17
Hlutverk Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Horfin: Já
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
Á túnakorti má sjá matjurtagarð sunnan við bæjarhúsin (baðstofu).
Í örnefnalýsingur segir: „Garður, með rifsi, trjám, fjölærum blómum og matjurtum var mótaður innan við bæinn nálægt 1930, innan við hann hafði 1909 verið steypt fjós og hesthús og 1934 var innan við steypt stór hlaða áföst fjósi grafin inn í Fjóshól” (ÖHG: 10). Í garðinum eru nú (2004) há tré, gróðursett um 1930, og gróinn bali.
Heimildaskrá
Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort Hallormsstaðar, 1908.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 18

Hlutverk Kofi, Óþekkt
Tegund: Heimild; Tóft
Staðsetning: X: 699889,427 Y: 517135,631
Hleðsluhæð: 0,5 m
Lengd: 3 m
Breidd: 3 m
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt



Staðhættir
Smákofi um 3 x 3 m að utanmáli liggur í skóginum um 10 m suðaustur af náttahaganum ofan við Fjósakamb. Dyr hafa verið á tóftinni til austurs en veggir eru mjög óljósir og grónir grasi og mosa.

Hallormsstaður 157488 50 – 19

Hleðsla við Staðarárfoss. Ljósm:GZ

Sérheiti: Myllusund
Hlutverk Mylla
Tegund: Heimild; Hleðsla
Staðsetning: X: 700100 Y: 517305
Horfin: Já

Staðhættir
„Myllusund mun hafa heitið mýrarsund fyrir neðan það sem nú er Hjalli. Ég man eftir kvörnum þar úr gamalli myllu," segir í leiðréttingum og viðaukum Þórhalls Guttormssonar við örnefnaskrá Hallormsstaða.
Í örnefnaskrá segir: „Kornmylla, kölluð Myllan, var ofan túns á Hallormsstað, knúin af vatni sem leitt var úr Staðará með fyrirhleðslu neðan við miðfossinn í Staðará. Myndaðist þar sérstakur farvegur sem myllan var reist yfir en vatn skilaði sér í ána litlu neðar. Mylluhúsið var með valmaþaki og með tréspöðum á ás úr gildu tré. Myllan mun hafa verið í notkun á seinnihluta 19. aldar og eitthvað fram yfir aldamótin 1900. Mylluhúsið stóð til 1931. Merki sáust um mylluna fram yfir 1940 og einhverjir myllusteinar eru enn varðveittir" (ÖHG:12).
Myllan mun hafa staðið þar sem nú eru krossgötur við afleggjarann að Hússtjórnarskólanum.

Lýsing
Engin merki eru lengur um mylluna sjálfa en enn má sjá leifar hleðslu á vesturbakka Staðarár, rétt neðan Staðarárfoss. Hleðslan hefur leitt vatn í rennu sem enn má sjá óljós merki um á um 50 m löngum kafla til norðvesturs frá ánni. Einnig sést skorningur eftir afrennsli frá myllunni í Staðará.

Aðrar upplýsingar
Gps hnit á hleðslu við Staðará.
65° 05'41''

14°44’23’’
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður, leiðréttingar og viðaukar eftir Þórhall Guttormsson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 20

Sérheiti: Kvíaklettur
Hlutverk Kvíar
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 700009,284 Y: 517298,905
Lengd: 9 m
Breidd: 7 m
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð



Staðhættir
Í örnefnalýsingu segir: „Upp af Efsta-Leyningi utanverðum voru Kvíar og við þær stór Kvíasteinn en Kvíaklettur smáklettur ofan við” (ÖHG13).
Á holti um 200 m ofan (austsuðaustan) bæjar á Hallormsstað við svokallaðan Kvíaklett og um 10 m neðan við samnefnt íbúðarhús. Greinilegar hleðslur upp við stóra náttúrusteina.
Lýsing
Tóftin liggur nálega norður-suður og er ferköntuð um 9 x 7 m að innanmáli. Á vesturvegg hafa verið nokkuð breiðar dyr og grjóthleðsla er til vesturs á um 1,5 m kafla beggja vegna dyranna. Við efri (syðri) hleðsluna er stór steinn, svokallaður Kvíasteinn, sem færst hefur eitthvað úr stað..
Kvíarnar munu hafa verið fullar af jarðvegi og var hreinsað úr þeim þannig að nú eru þær sýnilegar. Veggjahæð er mest um 50 cm og þykkt um 70 cm.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 21

Sérheiti: Hólkofi
Hlutverk Fjárhús og hlaða, reykhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 699935,288 Y: 517231,838
Ástand: Gott

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Neðan við Efsta-Leyning er Hóll með fjárhúsi og síðar smiðju í Hólkofa sem enn stendur árið 2002” (ÖHG:13).

Kofinn er fremst á brekkubrún um 80 m upp (suðaustur) af bæjarhúsum Hallormsstaðar.
Lýsing
Kofinn hefur verið að hluta til grafinn inn í Hólinn beint upp af bæ en er annars úr torfi og grjóti. Segja má að þarna séu tveir samliggjandi kofar og stendur nyrðri kofinn enn. Kofinn er um 10 x 5 m að utanmáli, um tíma nýttur sem smiðja en nú sem hesthús. Áföst aftan hans er smátóft um 5 x 4 m að utanmáli, fyrrum hlaða en nýtt sem reykkofi fram eftir 20. öld.
Aðrar upplýsingar
Hólkofi er elsta uppistandandi mannvirki á Hallormsstað, getið í staðarúttekt 1832, veggir etv. 200 ára gamlir eða eldri.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.
Úttektir frá 1832-1905.

Hallormsstaður 157488 50 – 22

Hlutverk Lambhús
Tegund: Fjárhús
Staðsetning: X: 699870,68 Y: 517413,711
Horfin: Já

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Yst á Úttúni var Lambhús að sögn Sigurbjargar Pétursdóttur, tættur þess jafnaðar með jarðýtu um 1950” (ÖHG:14)
Á túnakorti Hallormsstaðar frá 1908 er sýnt útihús í túni fast upp við austurhlið túngarðs.
Þarna stóð innanvert við túngarð skv. úttekt 1861 langstærsta fjárhús á staðnum, 39 x 4,39 m, enn uppistandandi 1905 en þá talið nær verðlaust.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.
Úttekt 1861. Bréfasafn Guttorms Pálssonar: Bréf Páls Ólafssonar til GP 15.11.1905.

Hallormsstaður 157488 50 – 23

Sérheiti: Bóndabeygjur
Hlutverk Leikvöllur
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir
„Í börðunum ofan við Hól við Efsta-Leyning voru smáhvilftir sem börn („yngri systkinin”) notuðu til leikja og nefndu Bóndabeygjur” (ÖHG: 13).
Heimildaskrá
Hallormsstaður– örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun 2002.

Hallormsstaður 157488 50 – 24

Sérheiti: Barnagarður
Hlutverk Leikvöllur
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 699846,178 Y: 517194,792
Lengd: 7 m
Breidd: 3 m
Ástand: Ómetið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
Garðlag í skógi um 150 m suðvestur af íbúðarhúsinu á Hallormsstað yst í Fjósakambi neðanverðum. Garður um 7 x 3 m að innanmáli þar sem börn ræktuðu mat- og skrautjurtir.

Hallormsstaður 157488 50 – 25
Sérheiti: Bæjarlækur/Veitulækur
Hlutverk Áveita
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 699950,399 Y: 517201,818
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
„Bæjarlækur með veitur frá Staðará skipti túninu í Fremratún eða Framtúnið og Ytratún eða Úttúnið en heimreið deildi hvorutveggja í Efratún og Neðratún" (ÖHG:13).
Lýsing
Renna eða smá lækjarfarvegur er um 2 m sunnan og samsíða túngarðinum þar sem hann liggur yfir sundið sunnan bæjar. Beygir upp hlíðina til austurs ofan túns að Staðará þar sem hún kemur úr gili, en þar var fyrirhleðsla og frá henni renna og mótaðar rásir til að ná vatni úr ánni í bæjarlæk þar sem hann kemur úr sundinu ofan við Fjósakamb. Mótar enn hér og þar fyrir farvegi þessarar veitu.
Aðrar upplýsingar
Önnur hnit á áveitunni:
A699978,539/N517172,678
A700002,510/N517205,333
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 26
Hlutverk Áveita
Tegund: Heimild; Renna
Staðsetning: X: 699922 Y: 517231
Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir „Úttúnið var enn á 5. áratug 20. aldar að drjúgum hluta til þýft og þar neðan undir hólbarði neðan vegar rásir gegnum þýfið. „Skurðir til vatnsveitinga eru nýlega gjörðir á Hallormsstað, Ormsstöðum og Mjófanesi." skrifar Hjálmar Guðmundsson prestur í sóknarlýsingu 1840 (SS:316-317). Gætu nefndar rásir hafa verið frá þeim tíma og síðar nýttar til að skola vikri af túninu eftir Dyngjufjallagosið 1874" (ÖHG:13).

Áveiturenna vestan í Hólnum. Ljósm:GZ

Lýsing
Grunn renna liggur skáhallt niður norðvestur brekku Hólsins svokallaða ofan (sunnan) bæjarhúsa. Vatni var veitt úr Staðará í Bæjarlækinn og síðan veitt úr bæjarlæknum niður Hólinn í svokallaðan Botn sem er lægð í túninu austan bæjarhúsanna. Úr tjörn í Botni rann vatnið til norðurs neðan við Geirólfsstaðahól, á kafla í skurði og kvíslaðist eftir grónum rásum niður Úttúnið. Áveitan var m. a. notuð til að veita burtu vikurgjósku úr Öskjugosinu 1875 og var vikrinum safnað saman í svokallaða Vikurholu neðarlega á Úttúni, sbr. nr. 12.
Aðrar upplýsingar
Gps hnit á áveitunni þar sem hún kemur í Staðará: 65°05'37''/14°44'01''
Heimildaskrá
Múlasýslur. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 27
Hlutverk Reiðgata
Tegund: Gata
Staðsetning: X: 699876,399 Y: 517134,752
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Greinilega gata liggur um skóginn ofan Fjósakambs til suðausturs upp skóginn að rétt við svokallaðan Sölvaklett.

Hallormsstaður 157488 50 – 28

Hlutverk Hjallur, Óþekkt
Tegund: Heimild
Staðsetning:X: 699894,122 Y: 517260,1
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
Smá hólmyndun er við garðinn um 10 m ofan, sunnan, gömlu baðstofunnar þar sem hún stóð og um 15 m suðvestur af núverandi íbúðarhúsi. Þarna kann að sögn Hjörleifs Guttormssonar að hafa staðið hjallur, sbr. túnakort 1908, og er lægð sjáanleg á hólnum en engin veggjalög lengur greinileg.
Aðrar upplýsingar
Aðrir telja hjallinn hafa verið innan við hólmynd þessa þar sem nú er birkilundur.

Hallormsstaður 157488 50 – 29

Sérheiti: Stekkjargata
Hlutverk Tröð
Tegund: Gata
Staðsetning: X: 699996,257 Y: 517298,026
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Gróður

Staðhættir
„Utan við kirkjugarðinn var Tröð upp á milli Geirólfsstaðahóls og Hóls, notuð sem áheldi fyrir hesta kirkjugesta en upp frá henni lá stekkjargata og Skriðdalsvegur yfir hálsinn" (ÖHG:13).
Lýsing
Stekkjargata lá til suðausturs upp frá túni á Hallormsstað upp að Stekknum sem var þar sem hússtjórnarskólinn stendur nú. Gatan er enn nokkuð greinileg.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 30

Horft til suðausturs eftir kirkjutröð. Ljósm:GZ

Sérheiti: Kirkjutröð
Hlutverk Tröð
Tegund: Gata
Staðsetning: X: 699955,091 Y: 517326,288
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Gróður
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir

Djúp tröð lá frá heimreið utan Kirkjugarðs til suðausturs milli Hólsins og Geirrólfsstaðahóls. Um tröðina hafa komið kirkjugestir úr Skriðdal sem sóttu kirkju á Hallormsstað (ÖHG:13) og þar var áheldi fyrir hesta kirkjugesta.

Lýsing

Tröðin er enn mjög greinileg á um 60 m kafla suðaustan kirkjugarðs. Gatan er um 2 m á breidd og um 1,5 m á hæð þar sem hæst er. Í hana hefur verið ekið grjóti og jarðvegi sem mætti fjarlægja. Um miðja 20. öld voru enn leifar af hliði við efri enda traðarinnar.

Heimildaskrá

Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 31

Sérheiti: Botn/Litlibotn.
Hlutverk Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 699931,121 Y: 517293,633
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

Hringlaga tóft í Litlabotni austan bæjar. Ljósm:GZ

Staðhættir

Ofan við Hallormsstaðabæ er nokkuð brött hólbrekka svokallaður Hóll. „Neðan undir Hólnum er Botn þar sem myndaðist oft Tjörn að vetrarlagi, nýtt til leikja, m.a. á skautum" (ÖHG, bls. 13). Kirkjugarðurinn er fast neðan Botns.

Lýsing

Efst við Botn, um 60 m suðaustan íbúðarhússins er hringlaga tóftarmyndun um 9 x 7 m að utanmáli, mjög jarðsokkin, nefnd Litlibotn. Dyr eru ekki sjáanlegar á tóftinni og þykkt veggja óviss.

Heimildaskrá

Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 32

Sérheiti: Selbotn
Hlutverk Sel
Tegund: Örnefni
Staðsetning: X: 698304,592 Y: 515198,023
Ástand: Ómetið

Staðhættir

„Inn og upp af Ljósaárkinn er dæld sem kölluð er Selbotn. Þar fyrir innan voru beitarhús frá Hallormsstað sem heita Tittlingssel (aflögð fyrir löngu). Þar var áður býli sem fór í eyði 1756. Utan við selið er Selklettur," segir í örefnalýsingu (ÖHa:14)

Selbotn er nokkru utar og neðar en Tittlingssel og er óvíst að það örnefni sé dregið af selstöðunni á Tittlingsseli. Yst við Selbotn fellur Ljósá í Selfossi (Ljósárfossi) niður af klapparási.

Lýsing

Ekki fundust neinar menjar um sel í Selbotni en einhverjar mishæðir eru framan undir brekku um 100 m vestan við Selfoss í Selbotni. Engin glögg veggjalög eru þó ljós.

Hallormsstaður 157488 50 – 33

Áveita ofan Hússtjórnarskóla. Horft í suður. Ljósm:GZ

Hlutverk Áveita/Kerruvegur
Tegund: Mannvirki
Staðsetning: X 700202,605 Y 517342,992
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Heyjað hafði verið frá Hallormsstað á engjum á Þórarinsmýri og eftir Dyngjufjallagosið 1875 lét Sigurður Gunnarsson veita vatni úr Staðará rétt ofan við miðfossinn gegnt Fosshjalla og út eftir stalli sem hlaðinn var í þessu skyni við brekkurætur út með Hólabörðum. Með vatni frá veitunni var vikri skolað af engjunum. Þjónaði stallurinn síðar sem kerruvegur eftir að skólinn tók til starfa 1930 og er þetta mannvirki að hluta til varðveitt ofan við skólahúsið, líklega þó heillegast undir kletti ofan við túnið á Þórarinsmýri" (ÖHG:11).

Lýsing

Vatni var veitt um stokk úr Staðará niður á svokallaðar Þórarinsmýrar. Leifar þessarar áveitu sjást á um 60 m kafla ofan við Hússtjórnarskólann.

Heimildaskrá

Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 34

Sérheiti: Atlavíkurstekkur
Hlutverk Stekkur, Sauðahús, Bústaður
Tegund: Heimild; Tóft
Staðsetning: X: 698981,324 Y: 516236,533
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt
Friðlýst: Já

Staðhættir

Í Landnámu segir: „Graut-Atli nam ina eystri strönd Lagarfljóts allt á milli Giljár og Vallaness fyrir vestan Öxnalæk" (LN:180). Nafnið Atlavík kemur fyrir í nokkrum Austfirðingasagna, Þorsteins þætti hvíta, Hrafnkötlu og Droplaugarsonasögu en í síðasttöldu sögunni segir að þar séu nú einungis sauðhúsatóftir (Sjm:132).
Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1874 er getið um býlið Atlavík og sagt að ekki sé vitað hvenær byggð lagðist þar niður (SS:349).

Örnefnalýsingar greina þannig frá tóftunum: „Ofan við [Atlavíkurlund] eru rústir af stekk og aðrar fornar á sama stað, þar heitir Atlavíkurstekkur. Þarna er sagt að bær Graut-Atla hafi staðið, og dregur víkin nafn af honum.” segir í örnefnalýsingu (ÖHa:13). „Utan við Atlavíkurlæk ofan þjóðvegar var árið 1937 plantað lerki, því fyrsta á Hallormsstað í verulegum mæli, og höfðu hæstu lerkitré í þessum lundi, sem nefndur er Atlavíkurlundur, árið 1995 náð yfir 20 m hæð fyrst trjáa á Íslandi. Ofan við lundinn er Atlavíkurstekkur, stekkur frá Hallormsstað, í notkun líklega á 19. öld og eldri rústir sem sumir hafa talið vísa á bæ Graut-Atla Þórissonar landnámsmanns (sbr.Landnámu.) (ÖHG:17).



Rúst Atlavíkurstekkjar liggur um 100 metra upp af bílastæði ofan afleggjarans niður í Atlavík. Tóftin liggur suðvestan í brekku sem hallar að Atlavíkurlæk sem rennur vestan tóftarinnar. Hleðslur Stekkjartóftarinnar eru enn mjög greinilegar.

Lýsing

Árið 1996 voru gerðir nokkrir könnunarskurðir til að áætla aldur og eðli rústarinnar. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að þarna sé ekki um mannabústað að ræða heldur einhverskonar gripahús eða rétt. Rústin er hins vegar mjög gömul, trúlega frá fyrstu öldum byggðar í landinu (SK:30).

Tóftin er tvískipt, stærra hólfið er um 25 x 4 m að innanmáli og liggur nálega nna-ssv. Dyr hafa verið á vesturgafli. Áföst norðvestan við er önnur tóft um 8 x 4 m að innanmáli. Veggir eru orðnir mjög sokknir og vallgrónir. Hleðsla stendur hæst um 1 m. Áföst norðaustan tóftarinnar uppi við brekkuna er yngri tóft, etv. stekkjarins sem staðurinn dregur nafn sitt af.

Túngarður liggur umhverfis tóftina á þrjá vegu og önnur mjög óljós tóft er neðar og nær þjóðvegi. Mikill trjágróður er við og umhverfis staðinn og má vera að einhverjar fleiri tóftir kunni að leynast innan túngarðs þó þeirra sjái nú ekki stað á yfirborði.

Heimildaskrá

Íslendingasögur I bindi. Landssaga og landnám, Guðni Jónsson bjó til prentunar, Reykjavík, 1946.

Múlasýslur. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000.

Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Steinunn Kristjánsdóttir: *Landnámsbær, kirkja, rétt... Fornleifafræðileg könnun*

á sjö fornum rústum á Fljótsdalshéraði. 1997.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi II. 1975.

Hallormsstaður 157488 50 – 35
Sérheiti: Atlavíkurstekkur
Hlutverk Túngarður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 699022,493 Y: 516208,257
Hleðsluhæð: 1 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt
Friðlýst: Já

Staðhættir
Í Sýslu- og sóknarlýsingu Hallormsstaðasóknar frá 1874 segir um eyðijarðir í sókninni: „a. Atlavík, inn frá Hallormsstað þar sem Graut-Atli landnámsmaður bjó. Sér þar menjar af tóftum og túngarði" (SS:343).
Í skýrslu Steinunnar Kristjánsdóttur um rannsókn á tóftinni í Atlavík segir: „Í för með okkur var Skúli Björnsson, aðstoðarskógræktarstjóri. Hann sýndi okkur mikinn hringlaga túngarð, sem liggur um 15 metrum utan við rústina. Syðsti hluti hans liggur, að því er virðist, niður að læknum neðan við brekkuna en mjög erfiðlega gekk að kanna þetta vegna trjánna..." (SK:1997).
Lýsing
Mjög gróinn og jarðsokkinn túngarður liggur umhverfis tóftir á Atlavíkurstekk. Um 70 m ofan við stekkjartóftina sjálfa liggur garðurinn á um 100 m kafla austur-vestur og er nokkuð virkjamikill um 1 m á hæð og allt að 3 m breiður. Göngustígur upp frá bílastæði liggur yfir garðinn þar sem hann er hæstur. Til austurs liggur garðurinn upp á klettahæð sem liggur ofan (austan) stekkjartóftarinnar. Þar beygir hann til norðurs og liggur á um 200 m kafla norður-suður eftir klettahryggnum endilöngum. Norðan til beygir hann til vesturs niður brekkuna um 30 m ofan (sunnan) þjóðvegar ofan Atlavíkur. Þar hefur garðurinn verið rofinn á kafla vegna vegagerðar. Garðurinn virðist svo hafa legið upp með Atlavíkurlæk að utan en er mjög ógreinilegur á þeim kafla.
Aðrar upplýsingar
Garðurinn er nú að mestu leyti horfinn í skóg nema sunnan stekkjartóftarinnar.
Heimildaskrá
Múlasýslur. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000.
Steinunn Kristjánsdóttir: *Landnámsbær, kirkja, rétt...* Fornleifafræðileg könnun á sjö fornum rústum á Fljótsdalshéraði. 1997.

Hallormsstaður 157488 50 – 36
Sérheiti: Atlavíkurstekkur
Hlutverk Býli, Útihús, Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 698951,114 Y: 516296,58145

Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
„Ofan við [Atlavíkurlund] eru rústir af stekk og aðrar fornar á sama stað, þar heitir Atlavíkurstekkur. þarna er sagt að bær Graut-Atla hafi staðið, og dregur víkin nafn af honum." segir í örnefnalýsingu (ÖHa:13). Leifar fornbýlisins með túngarði voru friðlýstar árið 1930.
Í fornleifarannsókn sem gerð var á svokallaðri stekkjartóft 1996 komu ekki fram merki um að húsið hefði verið notað sem mannabústaður. Hinsvegar er önnur tóft innan túngarðsins sem ekki hefur verið könnuð og því er hlutverk hennar óþekkt. Tóftin liggur um 20 m sunnan túngarðsins þar sem hann kemur niður af hæðinni til vesturs, rétt sunnan vegamóta niður í Atlavík. Um 50 metrar eru milli tóftarinnar og svokallaðs Atlavíkurstekkjar.

Tóft neðan Atlavíkurstekkjar. Horft í vestur. Ljósm.GZ.

Lýsing
Vegna gróðurs er upprunalegt lag veggja óljóst en veggurinn er allt að 1 m á breidd. Mesta hæð veggjar er um 40 cm. Óljós tóft um 10 x 4 m að utanmáli. Veggjalög orðin mjög gróin og útflött. Tóftin snýr nálega austur-vestur og hafa dyr verið til norðvesturs.
Aðrar upplýsingar
Stór tré vaxa í og við tóftina, stök þöll innan hennar.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.
Steinunn Kristjánsdóttir: *Landnámsbær, kirkja, rétt...* Fornleifafræðileg könnun á sjö fornum rústum á Fljótsdalshéraði, 1997.

Hallormsstaður 157488 50 – 37
Sérheiti: Akurgerði
Hlutverk Útihús, Akur
Tegund: Heimild
Staðsetning: X 700000,946 Y 517422,496
Horfin: Já

Staðhættir
Á túnakorti 1908 er sýnd bygging utan og ofan túns, kallað hesthús í úttekt 1879, uppistandandi við úttekt 1905.

Í örnefnalýsingu segir: „Yst og efst í túnjaðri heitir Akurgerði; þar var áður fyrr gripahús en 1958 byggður bústaður fyrir skógarvörð, [...]" (ÖHG:12).
„Yzt í túni heitir Akurgerði. Þar er nú bústaður skógarvarðar"(ÖHa:9).
Nú er þarna íbúðarhús í ræktuðum skógi og er ekki að finna neinar leifar gripahúsa eða gerðis.

Lýsing

Nú er þarna íbúðarhúsið Akurgerði í ræktuðum skógi og er ekki að finna neinar leifar gripahúsa eða gerðis.

Heimildaskrá

Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Úttektir 1879 og 1905.

Hallormsstaður 157488 50 – 38

Sérheiti: Hallormshaugur
Hlutverk Haugur, Sögustaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 699538,09 Y: 516522,243
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir

Í örnefnalýsingum segir: „Niður af Langamel er hæð sem heitir Hallormshaugur (þar var Hallormur heygður)" (ÖHa:12). „Þar er Langimell, aflangur melhryggur við fjallsrætur og niður af honum melhæð sem heitir Halormshaugur og fylgir nafninu að þar hafi Hallormur bóndi verið heygður" (ÖHG:16).
Hallormshaugur er á melhæð um 500 m inn (vestur) af skólanum/hótelinu á Hallormsstað inni í Hallormsstaðaskógi. Torleiði er nú að melnum vegna framræsluskurða og skógarþykknis.

Hallormshaugur. Ljósm.GZ.

Lýsing

Haugurinn er toppmyndaður efst um 6 x 3 m að ummáli og um 7 m á hæð. Melurinn er nú að hverfa í skóg. Líkt er sem grjóti hafi verið raðað hringi efst á melnum umhverfis hauginn. Hann er nú að hluta til vaxinn lyngi.

Heimildaskrá

Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 39

Sérheiti: Kolakinn
Hlutverk Kolagerð
Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
„Inn og upp af Mylluhvammi heitir Kolakinn, ofan við Borgargerðissund.”(ÖHa:5) Í örnefnaskrá má jafnframt finna örnefnið Kolakinn „Inn og upp af Mylluhvammi ofan við Borgargerðissund heitir Kolakinn” (ÖHG:4). Hún er nú skógivaxin og víða í grennd og neðar í Parti má sjá stórar kolagrafir.
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 40
Sérheiti: Gatnaskógur
Hlutverk Vegur
Tegund: Heimild
Staðsetning: X700315,078 Y518002,400
Ástand: Ómetið

Staðhættir
“Ormsstaðalækur fellur í Fljótið utarlega á Ormsstaðaeyri (53), sléttri líparíteyri sem náði inn að ormsstðaklifi (54) neðasta hluta Hólaframhlaupsins sem gengur þar niður í Fljót og er í daglegu tali aðeins nefnt Klif (55). ... Á Ormsstaðaklifi er í hlaupinu Kliftjörn (81) ræett ofan vegar. Innan við Klifið undir Hólabörðum áðurnefndum er Gatnaskógur (82), þar sem á 19. öld voru einna vöxtulegust birkitré í skóginum, oftast kallaðar eikur heima fyrir.”
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 41
Sérheiti: Vínlækir
Hlutverk Áningarstaður
Tegund: Örnefni
Staðsetning: X: 700440,364 Y: 516148,552
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrám segir: „Í Gatnaskógi eru uppsprettulindir, sem heita Vínlækir, þar er talið að hafi verið áningarstaður”(ÖHa:8). „Innst í Gatnaskógi spretta upp undan Hólabörðum tveir Vínlækir, Ytri-Vínlækur mjög lítill og Vínlækur vatnsmeiri. Þar var kjörinn áningarstaður með hesta.”(ÖHG:8).
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 42

Sérheiti: Stekkur
Hlutverk Stekkur
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 700189,578 Y: 517342,112
Lengd: 7 m
Breidd: 3 m
Ástand: Ómetið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

Tóftamyndanir í túni ofan Hússtjórnarskólans. Ljósm.GZ.

Staðhættir
Í örnefnalýsingum segir svo: „Þar sem Húsmæðraskólinn stendur var stekkur”(ÖHa:9). „Meðfram Staðaránni er Stekkurinn. Þar stendur Húsmæðraskólinn” (ÖHc:1). „Á árunum 1929-31 var Húsmæðraskólinn á Hallormsstað byggður eftir teikningu Jóhanns Fr. Kristjánssonar þar sem áður var Stekkur undir Hólabörðum, þar höfð lömb og geldær” (ÖHG:11). Um 20 m ofan (sunnan) við Hússtjórnarskólann er grasbali þar sem greina má tóftamyndanir en lögun þeirra er næsta óglögg.
Lýsing
Virðist hafa verið tvískipt tóft sem snúið hefur nálega norður-suður, um 7 m að lengd og 3 m að breidd. Hleðslur eru ekki sýnilegar en veggir sjást enn þrátt fyrir að sléttað hafi verið úr þeim. Áföst vestan við er óljós ferköntuð lægð um 8 x 6 m að utanmáli.
Aðrar upplýsingar
Óvíst er hvort hér er um að ræða leifar Stekkhúsanna (ytra og fremra) eða seinni tíma gripahúsa sem hrófað var upp 1930 fyrir gripi Benedikts og Sigrúnar Blöndal sem þá um haustið fluttu frá Mjóanesi. Líklegt má telja að gipahúsin hafi verið byggð upp úr tóftum og/eða úr efni Stekkhúsanna sem getið er í úttektum 1879 og 1905. Í þeim voru síðast hafðir sauðir 1904..
Aðrar upplýsingar
Óvíst er hvort þetta eru tóftir stekkjarins en þarna stóðu líka seinni tíma útihús frá fyrstu tíð Hússtjórnarskólans.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Ö-Hallormsstaður.c: Hallormsstaður eftir Guttorm Pálsson, Örnefnastofnun. (ÖHÞG)
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.
Gunnar Guttormsson: Útihús á Hallormsstað. Upplýsingapunktar til úrvinnslu, Maí 2004.

Hallormsstaður 157488 50 – 43

Sérheiti: Svarðarbotnar
Hlutverk Mógröf
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 700181,74 Y: 517652
Ástand: Ómetið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Í örnefnalýsingum segir „ (Tún ofan við þjóðveg er kallað Skólatún). Þar upp af heita Svarðarbotnar”(ÖHa:9). „Svarðarbotnar voru undir börðum yst á Þórarinsmýri og hétu þar Svarðargrafamýrar en neðan við þar sem reiðvegurinn lá voru kallaðar Bleytur, síðar ræstar fram með skurðum” segir í Örnefnalýsingu (ÖHG:11).
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 44

Sérheiti: Kvíabali
Hlutverk Kvíar
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðhættir
„Framan og neðan við Sandskeið er Kvíabali, óvíst hvar hann er, því að þetta svæði er vaxið þéttum skógi”(ÖHa:10).
Í örnefnaskrá er minnst á Kvíabala „skammt neðan túns framan og neðan við Sandskeið”, telur höfundur örnefnaskrár að hér sé um misskilning að ræða og átt sé við Kúabala sem er niður af Sandskeiði (innra) (ÖHG:12).
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 45

Barnahellir. Ljósm.GZ.

Sérheiti: Barnahellir
Hlutverk Leikvöllur
Tegund: Heimild; Hellir
Staðsetning: X: 699767,532 Y: 517779,217
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

Staðhættir
„Framan og neðan við Sandskeið er Kvíabali, óvíst hvar hann er, því að þetta svæði er vaxið þéttum skógi. Þar niður af er hellisskúti við Fljótið, sem heitir Barnahellir, þar var leiksvæði barna.”(ÖHa:10)
„Neðan Kúabala er Barnahellir, smáskúti undir kletti skammt ofan Fljóts innan við Staðará. Þar mun fyrrum hafa verið leiksvæði barna” (ÖHG:12).
Lýsing
Smá hellisskúti er norðanvert við lítinn klett úr blágrýti um 80 m upp frá Lagarfljóti. Engar hleðslur eða önnur mannaverk er að sjá við skútann.
Heimildaskrá

Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 46

Hlutverk Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 699440,797 Y: 517384,76
Hleðsluhæð: 0,4 m
Lengd: 6 m
Breidd: 4 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt



Staðhættir
Tóft er um 90 m utan við Ferjutanga um 10 m ofan
við fjöruborð og um 30 m inn af skurði sem liggur út í Lagarfljót.
Lýsing
Tóftin er mjög gróin, um 6 x 4 m að utanmáli. Veggjahæð er mest um 40 cm og um 40 cm að breidd. Engar dyr eru sjáanlegar á tóftinni og greinileg hleðsla eða veggjahrun er við norðausturvegg tóftarinnar.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 47

Sérheiti: Vegakelda
Hlutverk Reiðgata
Tegund: Heimild
Staðsetning: X 699412 Y 518780
Ástand: Ómetið

Staðhættir
„Innan við túnið á Hallormsstað er keldudrag sem heitir Vegakelda" (ÖHa:11).
Í örnefnalýsingu segir: „Hestagirðingin lá síðan út og ofan við Vegakeldu og áfram nokkru neðan Fjósakambs að Fjósatúni og voru þar hlið, annað á hestagirðingunni, hitt milli hennar og túngirðingar, þjónaði reiðgötu sem lá ofan garðs (túns)" (ÖHG:14).
Aðrar upplýsingar
Punkturinn var tekinn um 20 m ofan við þjóðveg út og upp af trjásafninu í Mörk.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 48

Hlutverk Bryggja
Tegund: Hleðsla
Staðsetning: X: 699704,488 Y: 517743,931

Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
Trébryggja fyrir mótorbát var um 100 m innan við Staðarárós.
Aðrar upplýsingar
Bryggjan var notuð m. a. við efnisflutninga vegna byggingar Húsmæðraskólans 1930, enn til staðar upp úr 1940. Nú sést einföld steinaröð í fjöruborðinu en annars er bryggjan horfin.

Hallormsstaður 157488 50 – 49
Sérheiti: Kolagjót
Hlutverk Kolagerð
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
„Út og upp af Sölvakletti er lægð, sem heitir Kolagjót, en beint upp af fyrrnefndum kletti heitir Kiðuklauf" (ÖHa:11).
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 50
Sérheiti: Remba
Hlutverk Leið, Reiðgata
Tegund: Gata
Staðsetning: X: 700147,385 Y: 516997,841
Ástand: Ómetið

Staðhættir
„Ofarlega í Hádegisfjalli eru Háubalar. Remba heitir gömul gönguleið upp Hádegisfjall, innan Staðarár. Leið, er farið var austur (S.A.) í Mýrar, bæ í Skriðdal."(ÖHa:12)
Í örnefnaskrá segir: „Leiðin upp utanvert Hádegisfjall áleiðis að Mýrum í Skriðdal kallast Remba og var hún merkt sem gönguleið frá íþróttahúsi upp að Lambafossi í júlí, 2000, og síðar framlengd að Stíflu" (ÖHG:16).
Lýsing
Göngu- og reiðleið yfir Hádegisfjall milli Hallormsstaðar og Mýra í Skriðdal. Leiðin þótti nokkuð brött fyrir hesta.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 51
Sérheiti: Selvegur
Hlutverk Vegur
Tegund: Heimild

Staðsetning: X699537,120 Y516925,672
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrám segir: „Ofan við Jónsskóg liggur gamall stígur gegnum skóginn, kallaður Selvegur. Hann liggur frá þjóðvegi ofan við Mörkina að gömlum beitarhúsum innan við skóg" (ÖHa:13). „Gata lá fyrrum upp með Atlavíkurlæk að utan upp á Selveg. Segir Sigurbjörg Pétursdóttir að talað hafi verið um Gatnamót þar sem hún náði Selvegi [...] Selvegur var stundum nefndur Efrivegur enda oft farinn inn í Skjögrastaði á meðan þar var búið og áfram inn á Gilsárdalsafrétt" (ÖHG:17).
Aðrar upplýsingar
Gps punktur var tekinn þar sem Selvegur mætir þjóðvegi ofan við Mörkina svokallaða.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 52
Hlutverk Reykhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 700245,859 Y: 517283,836
Hleðsluhæð: 0,5 m
Lengd: 3 m
Breidd: 2 m
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Staðárfossar þrír talsins eru í Staðará innan við skólann, sá efsti hjá Reykkofa sem stóð utan við ána inn og upp af skólanum, neðsti fossinn neðan brúar yfir Staðará á heimreið" (ÖHG:11).
Um 200 m upp með Staðará frá Hússtjórnarskólanum er smákofi upp við brekku um 10 m austan bakka árinnar.
Lýsing
Torf- og grjóthlaðin tóft um 3 x 2 m að utanmáli með dyr til vesturs. Kofinn er hlaðinn að hluta til inn í brekkuna. Mesta hæð hleðslu er um 1 m, þykkt 1 m.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 53
Hlutverk Óþekkt
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 699767,532 Y: 517779,217
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Gróður



Staðhættir
Við klettanef um 50 metra inn af ósi Staðarár um 10 m upp frá Lagarfljóti.
Lýsing
Garðlag er hlaðið í hálfboga vestan undir smá klettahæð. Myndar hólf um 9 x 3 m að innanmáli og er það opið til norðausturs. Nokkuð óreglulegt garðbrot um 2 m þar sem það er þykkast og hæst um 50 cm.

Hallormsstaður 157488 50 – 54
Hlutverk Reiðgata
Tegund: Heimild
Staðsetning: X700046,798 Y517518,705
Horfin: Já

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: Reiðgötur á alfaravegi lágu yfir Staðará nálægt þeim stað þar sem nú (2002) er brú á þjóðvegi en síðan skáhallt inn og upp neðan við Sandholu í traðir neðan Geirólfsstaðahóls (sjá síðar) heim að bæ" (ÖHG:11).
Aðrar upplýsingar
Gps punktur var tekinn við Staðará þar sem gamla brúin var á þjóðveginum eilítið ofar en núverandi þjóðvegur.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 55
Sérheiti: Skriðdalsvegur
Hlutverk Vegur
Tegund: Vegur
Staðsetning: X: 700189,578 Y: 517342,112
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir
Skriðdalsvegur lá upp frá Hallormsstað yfir Hallormsstaðarháls og yfir í Skriðdal.
Aðrar upplýsingar
Gps punktur var tekinn þar sem Skriðdalsvegur liggur upp brekkuna um 60 m ofan og suðaustan Hússtjórnarskólans.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 56
Sérheiti: Hallormsstaðarétt
Hlutverk Rétt
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 699745,04 Y: 516753,442
Hleðsluhæð: 1,5 m
Lengd: 30 m
Breidd: 20 m



Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð
Staðhættir
„Spölkorn innan við Barnaskólann er klettur við fjallsrætur, sem heitir Sölvaklettur. Fjárrétt var við klettinn og er hann nú stundum nefndur Réttarklettur" (ÖHa:11). „Innan við Sund lá Efri-Hestagirðing neðan við fjallsrætur, tók yfir Fjósakambsmýrar og inn að Rétt, fullu nafni Hallormsstaðarétt undir Réttarkletti, öðru nafni Sölvakletti. Í henni var réttað fé af Gilsárdalsafrétt síðast líklega um 1940 en áður var komin lögrétt á Buðlungavöllum, sem síðar var flutt að Sólheimum á árunum 1947-48" (ÖHG:14).
Lýsing

Aðstaða Hallormsstaðaskóla í Hallormsstaðarétt. Ljósm.GZ.

Réttin stendur norðan undir klettavegg sem myndar suðurhlið réttarinnar. Réttin er grjót- og torfhlaðin og er vegghæð mest um 1,5 m og þykkt um 1 m. Hleðslur standa enn mjög vel en eru þó eitthvað farnar að hrynja. Fjórir dilkar eru í réttinni og er hún um 30 m að lengd og um 20 m þar sem hún er breiðust.
Aðrar upplýsingar
Grunnskólinn á Hallormsstað (Hallormsstaðaskóli) notar réttina til kennslu og hefur verið sett upp einhverskonar timburverk inni í réttinni austanverðri.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 57

Sérheiti: Ferjutangahús [Jónsmessulundur]
Hlutverk Beitarhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 699303,733 Y: 517282,429
Hleðsluhæð: 1 m
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt



Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Rústir, líklega af beitarhúsum, eru þar niðri undir Fljóti út og upp af Ferjutanga" (ÖHG:15).
Rústirnar eru í rjóðri umkringdar birkiskógi um 15 m upp frá fljótinu um 100 utan (austan) við Ferjutanga.
Lýsing

Fjórar tóftir eru í lundinum. Austasta tóftin er um 6 x 4 m að utanmáli og hafa dyr vitað í norður. Tóftin hefur verið tvískipt og innangengt á milli. Mesta vegghæð er um 60 cm og þykkt um 1 m. Um fimm metrum austan hennar er önnur tóft 6 x 4 m að utanmáli en veggir nokkuð óljósari. Tóftin er hlaðin á þrjá vegu en er opin til norðurs. Eldstæði hefur verið hlaðið úr grjóti inni í tóftinni og komið fyrir bekkjum á svæðinu vegna Jónsmessusamkomu á sínum tíma. Um tveimur metrum austan þessarar rústar er þriðja tóftin um 3 x 4 m að utanmáli. Dyr hafa verið á henni til norðausturs. Um 1 m aftan hennar er svo smátóft um 3 x 3 m að utanmáli með dyr til norðausturs. Þessar tvær síðasttöldu tóftir eru á dálítilli upphækkun sem bendir til endurbygginga.

Aðrar upplýsingar

Ekkert örnefni tengist rústunum en í samráði við skógarvörð eru þær hér nefndar Ferjutangahús. Fyrir nær 20 árum fóru starfsmenn Skógræktarinnar að nota svæðið á Jónsmessuhátíð starfsmanna, en það hefur ekki gerst sl. þrjú ár.

Heimildaskrá

Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 58

Hlutverk Stígur
Tegund: Gata
Staðsetning: X: 698737 Y: 516562
Ástand: Ómetið

Staðhættir

Greinilegur stígur liggur til suðausturs upp úr Atlavík við svokallaðan Altarisklett suðaustan til í víkinni.

Hallormsstaður 157488 50 – 59

Hlutverk Slóð
Tegund: Gata
Staðsetning: X: 699793,582 Y: 517780,973
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir

Við Staðarárós var áður veiðistaður þar sem lögð voru net. Greinileg gata er upp frá fjöruborðinu upp skóginn í átt til bæjar.

Hallormsstaður 157488 50 – 60

Hlutverk Vatnsból
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Rétt neðan við hana [Neðri - Helgutjörn] er vatnsból fyrir Hallormsstað” (ÖHG:8).

Aðrar upplýsingar

Ekki skráð 2004.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 61
Sérheiti: Mörk
Hlutverk Girðing, Gróðrarstöð, Trjásafn
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 699341,688 Y: 516912,527
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnalýsingu segir: „Inn af Grund tók við Neðri-Hestagirðing og var norðausturkantur hennar jafnframt túngirðing, að utan sameiginleg kúagirðingunni í Lambahólum, en að innan var Markargirðing reist 1902 um gróðrarstöð sem þá var komið upp í Mörk að tilstuðlan dansks skipstjóra Carl Ryder að nafni" [...] Svæðið neðan þjóðvegar milli Vegakeldu og Kerlingarár heitir frá fornu fari Mörk og var bithagi fram yfir aldamótin 1900, þá að mestu skóglaus, en fáeinar eikur þar á stangli, sumar enn uppistandandi öld síðar [...] Mörkin var fyrsta spildan sem friðuð var fyrir beit á Hallormsstað árið 1902 með gaddavírsgirðingu, þeirri fyrstu sinnar tegundar á Héraði" (ÖHG:14-15). „Friðunin hófst 1902, er afmarkað var svæði fyrir gróðrarstöð og það girt með vandaðri 6-7 strengja girðingu á járnstaurum. Mun það vera elsta gaddavírsgirðing á Austurlandi, 1,67 km á lengd" (Sjm:135).
Lýsing
Elstu innflutt tré í Hallormsstaðaskógi eru blágreni og standa þau í svokallaðri Efri-Mörk, þar sem nú er trjásafn.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.

Hallormsstaður 157488 50 – 62
Sérheiti: Bjargsel
Hlutverk Býli
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
„Utarlega við Bjargselsbotna eru rústir af eyðibýli, sem hét Bjargsel." segir í örnefnalýsingu (ÖHa:9).
„Bjargsel og Borgargerði voru enn afbýli, byggð um hríð á 19. öld. Hið fyrrnefnda stóð undir Bjarginu (396m), hinum mikla þverhnípta hamravegg í fjallinu upp af og út og upp af bænum, en hið síðarnefnda spölkorn út og austur af Ormsstöðum við Borgargerðislæk" (Sjm:133).
Í örnefnaskrá segir: „ Bjargsel er út og upp af Helgutjörnum, talsverður blettur sléttur en rústir, sem voru eftir ábúð þar í fáein ár á 19. öld [eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar], hafa ekki fundist í seinni tíð" (ÖHG:9).
Aðrar upplýsingar

Við fornleifaskráningu var leitað rústa af Bjargseli á þeim slóðum sem örnefni og staðhættir vísa til en ekkert fannst.

Heimildaskrá

Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi II. 1975.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 63

Rústir Miðsels, horft norður yfir Fljót. Ljósm.GZ.

Sérheiti: Miðsel
Hlutverk Sel
Tegund: Tóftaþyrping
Staðsetning: X: 698008,314 Y: 513750,547
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Í örnefnaskrám segir: „Fyrir ofan Miðsjónarhraun eru rústir af seli (gömul selstöð frá Hallormsstað). Þar heitir Miðsel.” segir í örnefnalýsingu (ÖHa:15). “Niður af Þúfu heitir Miðselsfjall (342) eftir Miðseli (343), sem rústir eru af í tæplega 280 m hæð yfir sjó við fjallsrætur á tungu fast utan við Ljósá, sem þar sveigir út eftir ofan við Miðsjónarhraun (sjá síðar)” (ÖHG: 19). Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi er Miðsel sagt annað heiti á Tunguseli, en í örnefnalýsingunni eru Miðsel og Tungusel nefnd sérstaklega hvort um sig (Sjm:133).Selið stendur á grasbala milli innstu- og miðkvíslar Ljósár, við rætur Miðsselsfjalls. Tóftin er á austurbakka innstu kvíslar Ljósár.

Lýsing

Selið samanstendur af þremur samliggjandi tóftum. Tvær tóftanna mynda eina aflanga tóft sem er um 12 x 6 m metrar að utanmáli. Áfast við austurhlið er svo þriðja tóftin um 4 x 5 m að utanmáli. Veggjalög eru öll mjög óljós en í aflöngu tóftinni er smærra hólf sunnan til og er það um 2 x 2,5 m. Stærra hólfið er um 5 x 2,5 m. Einhverjar mishæðir eru inni í tóftunum. Tóftin er vaxin mosa, grasi og lyngi. Um 4 m neðan (norðan) tóftanna er ferköntuð tóftarmyndun eða niðurgröftur um 2 x 2 að innanmáli. Vestan tóftanna er svæði þar sem efni virðist hafa verið tekið.



Heimildaskrá

Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.

Hallormsstaður 157488 50 – 64
Hlutverk Jarðrækt
Tegund: Mannvirki
Staðsetning:X: 699717,983 Y: 517155,115
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Á túnakorti Hallormsstaðar frá 1908 eru sýndir handgrafnir skurðir til þurrræstingar rétt vestan við túnið.
Lýsing
Skurðurinn lá um 100 m neðan neðsta íbúðarhúss við Fjósakamb. Þarna er nú vélgrafinn skurður sem liggur austur-vestur og í Bæjarlækinn þar sem hann rennur niður frá túni.í svokallað Lambaból.

Hallormsstaður 157488 50 – 65
Sérheiti: Ullarþvottastöð
Hlutverk Ullarþvottur
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 699990,524 Y: 517576,985
Ástand: Slæmt
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
Ullarþvottastöð var á vesturbakka Staðarár um 10 m neðan við núverandi þjóðveg.
Lýsing
Ull var þvegin og hreinsuð á vesturbakka Staðarár fram á fimmta áratug 20. aldar. Grjóthleðsla lá út í Staðará og má enn greina einhverjar leifar hennar svo og hleðslur er tengdust hlóðum inn af árbakkanum.

Hallormsstaður 157488 50 – 66
Hlutverk Jarðabætur
Tegund: Skurður
Staðsetning: X: 699788,355 Y: 517470,238
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir
Leifar af handgröfnum skurði eru neðan túns norðan Hallormsstaðarbæjar inn af Sandskeiði. Sést á um 50 m löngum kafla. Liggur norðaustur-suðvestur, sýndur á túnakorti.
Heimildaskrá
Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort Hallormsstaðar, 1908.

Hallormsstaður 157488 50 – 67
Hlutverk:Matjurtagarður
Tegund: Heimild

Staðsetning: X700181,740Y517651,968
Horfin: Já

Staðhættir
„Ofan Hrísteigs í hvammi undir Hólabörðum var garðrækt á vegum skólans í skjóli fyrir utanátt, m.a. voru ræktuð þar hindber og sólber. Nú er þarna grenilundur og hindberin hafa dreifst um skógarjaðarinn" (ÖHG:11).
Lýsing
Matjurtagarðar Húsmæðraskólans stóðu austan túns uppi við brekku um 200 m norðaustur af skólahúsinu.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 68

Hlutverk Trjárækt
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 699775,329 Y: 517469,36
Horfin: Já
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
Á túnakorti frá 1908 er sýndur trjáræktarreitur niður af svokölluðu Framtúni neðan Hallormsstaðarbæjar. Svæðið er um 250 m neðan bæjarins. Engin merki eru nú um þessa trjárækt, en þarna var síðar garðrækt og hafraræktun.
Heimildaskrá
Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort Hallormsstaðar, 1908.

Hallormsstaður 157488 50 – 69

Sérheiti: Ferjutangi
Hlutverk Bryggja
Tegund: Örnefni
Staðsetning:X: 699136,454 Y: 517240,15
Ástand: Ómetið
Hættumat: Engin hætta

Staðhættir
Niður af Mörk utan við Kerlingará ganga þrír lágir klettatangar út í Lagarfljótið. Sá innsti þeirra er skagar lengst út heitir Ferjutangi og munu bátar á Lagarfljóti fyrrum hafa lagt upp að klettinum.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Ferjutangi, horft í norðvestur. Ljósm.GZ.

Hallormsstaður 157488 50 – 70
Hlutverk Gata
Tegund: Gata
Staðsetning: X: 699165,509 Y: 516807,574
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Greinileg gata og nú göngustígur liggur upp Ytri-Atlavíkurklett austur úr Atlavík og tengist trjásafni í Mörk.

Hallormsstaður 157488 50 – 71
Hlutverk Kolagerð
Tegund: Hola
Staðsetning: X: 698890,7 Y: 516416,679
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Mjög greinileg kolagröf um 2 x 2, 5 m að innanmáli er um 20 m vestan núverandi bílvegar sem liggur niður í Atlavík.

Hallormsstaður 157488 50 – 72
Sérheiti: Borgargerði neðra
Hlutverk Fjárhús, Hlaða, Bústaður
Staðsetning: X: 701640,05 Y: 519489,025
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi segir aðBorgargerði hafi staðið „spölkorn út og austur af Ormsstöðum við Borgargerðislæk" (Sjm:133).
Í örnefnaskrá segir: „Inn af Mylluhvammi er Borgargerðissund, kennt við eyðibýlið Borgargerði, sem er þar fyrir innan. Borgargerði var í byggð nokkur ár um miðja 19. öld. Rústir eru á tveimur stöðum, því að bærinn var færður" (ÖHa:5). Í örnefnalýsingu c er hinsvegar talað um Borgargerði efra og neðra (ÖHc:2).
Í örnefnaskrá Hjörleifs Guttormssonar segir: „Ofan við Mylluhvamm er há klettótt hæð nefnd Prestshöfði en inn af hvamminum gengur Borgargerðissund, kennt við eyðibýlið Borgargerði hjáleigu frá Hallormsstað sem rústir eru af þar fyrir innan" Þar segir einnig að í minningarriti Guttorms Pálssonar komi fram að þar hafi verið búið fram undir 1860 (ÖHG:3).
Í Sýslu og sóknarlýsingum (bls.344) er Borgargerði kallað eyðijörð. „Þar bjó húsmaður fáein ár á þessari öld. Nú eru þar beitarhús og girt tún."
Fjárhús og hlöðutóftir eru í grasrjóðri um 200 m ofan þjóðvegar inn eftir Hallormsstaðaskógi, um 12 m austur af Borgargerðislæk. Hér er líklega um að ræða býli það sem kallað er Borgargerði neðra í örnefnalýsingu.

Lýsing
Fjárhústóft, um 10 x 4 m að innanmáli, liggur nálega norður-suður og er hlöðutóft áföst henni aftan við. Innangengt hefur verið milli hlöðu og fjárhúss en dyr hafa verið á fjárhúsinu til norðurs. Út frá norðvestur horni hlöðunnar liggur veggur til norðurs á um 15 m löngum kafla þar sem hann beygir til austurs og liggur þar á um 8 m kafla og myndar aflangt hólf sem liggur í boga vestur og norður fyrir fjárhúsið. Syðst í þessu hólfi er þverveggur sem myndar um 3 x 3 m stóra tóft upp við norður langhlið hlöðunnar. Við eystri langvegg fjárhússins er tóft um 6 x 2,5 m að utanmáli. Dyr hafa verið til norðurs.



Heimildaskrá
Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Ö-Hallormsstaður.c: Hallormsstaður eftir Guttorm Pálsson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.
Múlasýslur. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000.

Hallormsstaður 157488 50 – 73
Sérheiti: Borgargerði neðra
Hlutverk Fjárhús, Garður
Staðsetning: X: 701622,827 Y: 519549,932
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir/Lýsing
Tvískipt tóft er um 70 m na af fjárhúsinu á Borgargerði neðst á grasflötinni. Smátóft um 4 x 3 m að utanmáli, dyr hafa verið á norðurhlið. Austan hennar er stærra hólf um 8 x 4 m að utanmáli en veggjalög mun óljósari. Veggir eru hæstir um 40 cm en þykkastir um 70 cm. Tóftin liggur u.þ.b. austur-vestur. Um 5 m vestan hennar er hálfhringlaga gerði eða niðurgröftur um 8 x 10 m að innanmáli, opið til norðurs. Líklega rétt eða annarskonar gripheldi.

Hallormsstaður 157488 50 – 74
Sérheiti: Borgargerði neðra
Hlutverk Óþekkt, Útihús
Tegund: Tóft

Staðsetning: X: 701663,982 Y: 519521,693
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Óljós ferhyrnd tóftamyndun er um 70 m austan við fjárhúsin á Borgargerði. Veggjalög óljós en tóftin virðist hafa verið um 5 x 2,5 að utanmáli.
Aðrar upplýsingar
Trjáplöntur vaxa í tóftinni.

Hallormsstaður 157488 50 – 75

Sérheiti: Borgargerði efra
Hlutverk Fjárhús, Hlaða, Beitarhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 701752,606 Y: 519372,529
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi segir að Borgargerði hafi staðið „spölkorn út og austur af Ormsstöðum við Borgargerðislæk”(Sjm:133). „Inn af Mylluhvammi er Borgargerðissund, kennt við eyðibýlið Borgargerði, sem er þar fyrir innan. Borgargerði var í byggð nokkur ár um miðja 19. öld. Rústir eru á tveimur stöðum, því að bærinn var færður” (ÖHa:5). Í örnefnalýsingu c er hinsvegar talað um Borgargerði efra og neðra (ÖHc:2).
Í örnefnaskrá segir: „Ofan við Mylluhvamm er há klettótt hæð nefnd Prestshöfði en inn af hvamminum gengur Borgargerðissund, kennt við eyðibýlið Borgargerði hjáleigu frá Hallormsstað sem rústir eru af þar fyrir innan”. Þar segir einnig að í minningarriti Guttorms Pálssonar komi fram að þar hafi verið búið fram undir 1860 (ÖHG:3).
Í Sýslu og sóknarlýsingum (bls.344) er Borgargerði kallað eyðijörð. „Þar bjó húsmaður fáein ár á þessari öld. Nú eru þar beitarhús og girt tún.”
Tvístæð fjárhús og hlaða liggja efst í grasi vöxnum lundi um 200 m ofan við neðri beitarhúsatóftirnar í Borgargerði.
Lýsing
Tvö fjárhús liggja samsíða og snúa nálega norður-suður, dyr hafa vitað í norður. Aftan þeirra er tvískipt hlaða og hefur augljóslega verið innangengt úr henni í a.m.k. vestari fjárhúsin. Garði liggur eftir vestara fjárhúsinu miðju en enginn garði er í hinu húsinu. Tóftin er mjög gróin og grjót sést ekki í hleðslu. Mesta vegghæð er 70 cm en þykkt um 2 m. Ferkantaður niðurgröftur um 2 x 2 m er um 10 m frá norðaustur horni tóftarinnar.
Aðrar upplýsingar
Trjágróðri hefur verið plantað í tóftina.
Heimildaskrá
Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.

Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Ö-Hallormsstaður.c: Hallormsstaður eftir Guttorm Pálsson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.
Múlasýslur. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000.

Hallormsstaður 157488 50 – 76

Sérheiti: Borgargerði
Hlutverk Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 701685 Y: 519399
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Á vesturbakka Borgargerðislækjar um 80 m neðan við fjárhús við Borgargerðislæk, hér kallað Borgargerði efra.
Lýsing
Upphækkuð ferköntuð tóftarmyndun um 2 x 2 m að stærð. Veggjalög eru mjög óljós vegna gróðurs og rótarhnyðja.

Hallormsstaður 157488 50 – 77

Sérheiti: Borgargerði
Hlutverk Kolagerð
Tegund: Hola
Staðsetning: X: 701700,534 Y: 519368,983
Ástand: Gott

Staðhættir
Nokkrar kolagrafir eru á flötinni vestur af Borgargerðislæk til móts við fjárhústóftir handan lækjarins. Sú stærsta þeirra er um 2,5 x 2,3.

Hallormsstaður 157488 50 – 78

Sérheiti: Borgargerði
Hlutverk Tóft, Fjárborg
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 701745,9 Y: 519278,953
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt



Staðhættir
Tóftir fjárborgar og fjárhúss eru 25 m vestur af (innan við)

Mikill gróður vex í og við tóftir á Borgargerði. Ljósm.GZ.

Borgargerðislæk á sléttri flöt um 100 m ofan við fjárhústóftir sem eru utan við Borgargerðislæk. Þetta er nokkru neðan við Kolakinn vestan Borgargerðislækjar út og niður af Lýsishóli.

Lýsing

Hringlaga fjárborg, veggjalag illgreinanlegt þar sem að trjágróður vex í tóftinni. Afskurði af trjám hefur einnig verið kastað í tóftina. Áföst austan við er fjárhústóft um 6 x 4 m að utanmáli. Veggjalög hennar eru einnig illgreinanleg vegna gróðurs. Einhverskonar upphækkun er norðan við norðurvegg fjárhússins og kann það að hafa verið stærra upprunalega.

Hér er líklega um að ræða hið upprunalega Borgargerði en tóftir þar eru mun fornlegri en áðurnefndar beitarhúsatóftir.

Hallormsstaður 157488 50 – 79

Sérheiti: Borgargerði
Hlutverk Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 701776,145 Y: 519218,933
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir

Túngarður og tóftir liggja vestur af Borgargerðislæk á sléttri flöt um 100 m ofan við fjárhús utan við Borgargerðislæk. Þetta er nokkru neðan við Kolakinn vestan Borgargerðislækjar út og niður af Lýsishóli.

Lýsing

Á flötinni standa tóftir af einhverskonar byggingu, líklega skála auk tófta af fjárborg og fjárhúsi. Ofan (sunnan) tóftanna í um 25 m fjarlægð liggur túngarður á um 80 m löngum kafla frá Borgargerðislæk til vesturs þar sem hann beygir og liggur þá á um 30 m löngum kafla til norðurs. Þar beygir garðurinn aftur og liggur á um 15 m kafla að norðvestur horni skálans. Á þeim kafla er garðurinn ógreinilegastur. Innan túngarðsins eru nokkrar kolagrafir. Annars er garðurinn nokkuð glöggur, mestur um 50 cm að hæð og um 1 m að þykkt en nokkuð jarðsokkinn og útflattur.

Aðrar upplýsingar

Við aðra vettvangsferð sumarið 2004 fann Hjörleifur Guttormsson tóft áfasta við suðausturhorn túngarðsins. Hún er um 6 x 5 m að innanmáli. Einnig skráði hann 17. ágúst 2004 tóft norðan skálatóftar á brekkubrún, 10,5 x 5 m að utanmáli, snýr út-inn, hnit utm 28 W 513987 7220914. Litlu austar og ögn hærra í landi neðan við fjárborgina (nr. 78) telur hann votta fyrir veggjum (3 x 3? m), hnit (UTM) W 5113998 7220930.

Hallormsstaður 157488 50 – 80

Hlutverk Bústaður
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 701761,022 Y: 519248,943
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Tóft er á sléttri flöt um 100 m ofan og sunnan við fjárhús við Borgargerðislæk. Þetta er nokkru neðan við Kolakinn vestan Borgargerðislækjar út og niður af Lýsishóli. Um 15 m vestur af fjárborg og fjárhúsi og um 90 m vestur af Borgargerðislæk.
Lýsing
Tóftin er um 18 x 5 m að utanmáli. Veggir eru mjög jarðsokknir og veggjalag óglöggt. Trjáplöntur vaxa í tóftinni og í hana hefur verið lagður afskurður af trjám. Tóftin liggur nna-ssv en enginn inngangur sést í hann. Hún er um 15 m að lengd að innanmáli en um 5 x 5 m upphækkun er við austurenda tóftar. Túngarður liggur ofan (sunnan) skálans og vestan hans.
Hér er líklega um að ræða hið upprunalega Borgargerði en tóftir þar eru mun fornlegri en áðurnefndar beitarhúsatóftir.

Hallormsstaður 157488 50 – 81

Sérheiti: Borgargerðisrétt
Hlutverk Rétt
Tegund: Hleðsla: X: 701394,816 Y: 519441,304
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt



Staðhættir
Í örnefnalýsingum segir: „Inn af Borgargerði er Borgargerðisás, þar nálægt var Borgargerðisrétt" (ÖHa:6). „Innan við Borgargerðislæk og Borgargerði er Borgargerðisás sem liggur sniðhallt hækkandi til suðurs að Lýsishól. Við norðurenda ássins er stakur klettur og innan undir honum áheldi í klettakró og heitir Borgargerðisrétt. Sigurður Blöndal hefur það eftir móður sinni, Sigrúnu P. Blöndal, að kvíar hafi verið undir klettinum" (ÖHG:4). Borgargerðisrétt liggur um 20 m ofan þjóðvegar sem liggur í gegn um Hallormsstaðaskóg.
Lýsing
Réttin hefur verið þannig gerð að hlaðið hefur verið fyrir beggja vegna við klettagjá. Réttin hefur legið nálega norður-suður og þrengist til suðurs. Hleðslan fyrir suðurenda gjárinnar er um 3 m að lengd en norðan til er hún um 12 m að lengd. Hleðslur eru nú orðnar mjög hrundar og úr lagi gengnar. Klettaveggurinn sem myndar eystri langvegg réttarinnar er um 18 m langur en sá vestari um 12 m langur og hefur fyrirhleðslan legið á ská milli þeirra.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Ormsstaðir

Horft til austurs yfir Þrælavík og Ormsstaðavík þar sem þjóðvegurinn liggur um tún á Ormsstöðum. Ljósm. GZ.

Hallormsstaður 157488 50 – 82

Sérheiti: Ormsstaðir
Hlutverk Býli
Tegund: Heimild
Staðsetning:
X: 700839,97
Y: 518751,817
Horfin: Já
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
Ormsstaðir eru nefndir í fornsögum. Þar bjuggu Helgi Ásbjarnarson og Droplaug Spak-Bersadóttir, kona hans. Í Droplaugarsonasögu stendur „Helgi Ásbjarnarson bjó á Oddsstöðum upp frá Hafrsá. Hann var goðorðsmaðr" (ÍS:126). Bærinn er í sögunni nefndur ýmist Odd- Orms- eða Auðsstaðir (KK:34). Samkvæmt Jarðatali Johnsens voru Ormsstaðir taldir hjáleiga frá Hallormsstað 1760 og 1804, en þeirra er ekki getið þar sem sjálfstæðrar jarðar (JJ:371).
„Neðst við Lagarfljót er eyðibýlið Ormsstaðir, rétt utan við Hesthúslæk, sem rennur þar í túninu. Þetta býli fór í eyði 1937 [1936 HG] [...]. Bærinn stóð rétt utan við þjóðveginn, sem nú er, sunnan í hól, sem kallaður er Ormsstaðahóll." segir í örnefnalýsingu (ÖHa:5).
Í örnefnaskrá segir: „Ormsstaðabær stóð suðaustan undir Ormsstaðahól sem skagar norðvestur í Lagarfljót sem þverhníptur klettur, Ormsstaðaklettur, gerður af líparíti" (ÖHG:5).



Túnakort Ormsstaða frá 1908.

Bæjarhóllinn er sýndur á túnakorti í austanverðum túnjaðrinum.

Lýsing

Engar menjar eru nú lengur um bæjarhólinn en hann var fjarlægður og jafnaður út þegar þjóðvegurinn inn Hallormsstaðaskóg var fluttur suður fyrir Ormsstaðahól. Einhverjar mishæðir eru í brekkunni ofan vegar sem kunna að vera leifar mannvirkja á bæjarhólnum en þær eru of óljósar til að hægt sé að lesa eitthvað út úr þeim. Mannvistarminjar kunna þó að leynast neðanjarðar við suðurhlið Ormsstaðahóls þó svo að merki um bæjarhólinn hafi verið fjarlægð af yfirborði.

Heimildaskrá

Íslendingasögur X bindi. Austfirðinga sögur, Guðni Jónsson bjó til prentunar, Reykjavík, 1953.

Kålund, P.E. Kristian: *Íslenzkir sögustaðir* IV. Austfirðingafjórðungur. Reykjavík 1986.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

Hallormsstaður 157488 50 – 83

Sérheiti: Ormsstaðir/Ormsstaðastekkur
Hlutverk Stekkur
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 701430,522 Y: 518916,06
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Í örnefnalýsingum segir: „Framan og ofan við Borgargerðisás er hár klettur, sem Guttormur Pálsson nefnir, Stekkjarklett, nú er þessi klettur nefndur Fálkaklettur [...]. Stekkurinn á Ormsstöðum var neðan við klettinn" (ÖHa:6). „Neðan undir Lýsishól, í framhaldi af Borgargerðisás, er Fálkaklettur, hár og þverhníptur, einnig nefndur Stekkjarklettur eftir Stekk frá Ormsstöðum sem rústir eru af í rjóðri neðan undir" (ÖHG:4).
Lýsing
Stekkurinn liggur inni í skóginum á grasbala fast norðan svokallaðs Fálkakletts/Stekkjarkletts. Neðan stekkjarins greinast skógargötur til tveggja átta. Stekkurinn er tvískiptur, lambakró um 3 x 3 m að innanmáli og hefur verið innangengt yfir í stærri kró um 4 x 3 m að innanmáli. Inngangur hefur verið á stærra hólfinu á vesturhlið. Vegghleðslur standa enn mjög vel og sést grjót á einum stað í hleðslu. Veggjahæð er mest um 1 m og þykkt um 2 m.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 84

Sérheiti: Ormsstaðir
Hlutverk Áveita
Tegund: Stífla
Staðsetning: X: 701183,14 Y: 518899,253
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Inn og upp af Dýás neðan við Lýsishól var mýrarsvæði kallað Ormsstaðalón, í daglegu tali Lón, en þar var áður fyrr áveituengi ofan við fyrirhleðslugarð sem gæti verið frá 19. öld. Er fyrirhleðslugarðurinn milli efri enda Dýáss og klettahöfða innan við og er útendi garðsins enn vel sýnilegur (2002) en miðhlutanum spillt með stórtækum skurðgreftri 1958" (ÖHG:4).
Ormsstaðamýri liggur ofan (sunnan) þjóðvegar inn Hallormsstaðaskóg, austan bæjarstæðisins á Ormsstöðum.
Lýsing
Hlaðinn áveitugarður liggur í gegn um mýrina á um 150 – 200 m kafla. Suðurendi garðs er við norðurbrún afrennslisskurðar og liggur garðurinn til norðausturs og svo

austurs yfir mýrina. Garðurinn er um 70 cm þar sem hann er breiðastur og hæstur er hann um 60 cm.

Heimildaskrá

Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 85

Sérheiti: Ormsstaðir
Hlutverk Útihús
Tegund: Heimild
Staðsetning:X: 700936,949 Y: 518479,04
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt



Staðhættir

Útihús eru sýnd á túnakorti syðst í Austurtúni innan við Ormsstaðalæk. Í örnefnalýsingu segir: "Efst á Austurtúni voru tættur eftir gripahús og heystæði, túnblettur þessi jafnaðarlega nýttur frá Hallormsstað á meðan enn var búið á Ormsstöðum sem og síðar." (ÖHG: 7)

Lýsing

Mjög óljós veggjalög. Útihúsin hafa legið í röð frá vestri til austurs og eru tóftirnar samanlagt um 33 metrar á lengd, 8 m á breidd. Tvær samliggjandi tóftir hafa legið austast í tóftaþyrpingunni. Síðan er stór tóft, líklega einhverskonar gripheldi. Vestast eru svo tvær húsatóftir samliggjandi

Heimildaskrá

Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.
Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort túns og engja á Ormsstöðum, 1908

Hallormsstaður 157488 50 – 86

Sérheiti: Ormsstaðir/Hesthúsgrund
Hlutverk Hesthús



Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 701258,301 Y: 518562,924
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir

Á túnakorti má sjá útihús austast í engjunum, um 300 m austur af bæjarhúsum.
„Utan og ofan við Ormsstaðahól, út frá bæ (nú neðan þjóðvegar), var óræktar og þýft þurrlendisstykki, slegið ár hvert, kallað Mórinn og ofan hans Ormsstaðamýri[...] Ofan við mýrina sem nú er skógivaxin er brekkuhall inn af Haglakletti og ofan þess var hallamýri, nú framræst, og Ytri-Bakki uns komið var á Hesthúsgrund"(ÖHG:6).

Hesthústóft er um 300 m austur af bæjarhólnum á Ormsstöðum, um 30 m norðan svokallaðs Hesthúslækjar á grasbala sem nefnist Hesthúsgrund.
Lýsing
Hesthús og hlaða áföst vestan við. Hesthúsið snýr na-sv og er um 7 x 4 m að innanmáli, dyr hafa verið á norður langhlið. Hlaðan hefur verið um 3 x 3 að innanmáli. Veggir fallnir, mjög grónir og sést hvergi í grjót. Mesta vegghæð um 1 m, þykkt 2 m.
Aðrar upplýsingar
Trjárækt er við tóftina.

Hallormsstaður 157488 50 – 87
Sérheiti: Ormsleiði/Ormshaugur
Hlutverk Leiði, Haugur
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 701077,65 Y: 518333,387
Lengd: 30 m
Breidd: 10 m
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Í örnefnalýsingum segir , „Ofan við Hesthúslæk hét Austurtún. Þar upp af er hæð í skóginum, sem kölluð er Ormsleiði" (ÖHa:7). „Upp af Austurtúni undir Hólabörðum er aflangt hólbarð kallað Ormsleiði, sagður haugur Orms sem fyrstur á að hafa byggt á Ormsstöðum" (ÖHG:6).
Ormshaugur er rétt norðan undir svokölluðum Hólabörðum skammt ofan við Hólatjarnarlæk inn af Efri-Bakka um 100 m ofan (sunnan) túns á Ormsstöðum.
Lýsing
Aflangur haugur eða barð um 30 x 10 m að utanmáli og um 2 m á hæð. Liggur norður suður og er nú að hverfa í skóg.
Aðrar upplýsingar
Engin mannaverk er að sjá á hólnum og gæti myndun hans hafa tengst Hólaframhlaupinu.

Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 88
Sérheiti: Ormsstaðir
Hlutverk Fjárhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 700859,274 Y: 518660,008
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Í örnefnaskrá er þessi lýsing: “Fjárhús efst á Ormsstaðahól, nefnt Hólhús, norðaustar annað fjárhús, hýsti etv. einnig hest, en aðalhesthús uppi á Hesthúsgrund í austurjaðri túngirðingar alllangt frá bæ.” (ÖHG:7).
Fjárhústóft er norðvestan til á svokölluðum Ormsstaðahól um 80 m norðvestan bæjarhóls á Ormsstöðum. Þessi hús eru sýnd á túnakorti 1908 en ekki getið í örnefnaskrám.
Lýsing



Tóftin er 12 x 5 m að utanmáli og snýr nv-sa. Norðan til er fjárhústóft um 4 x 4 að innanmáli. Norðan hennar, deilir með henni eystri langvegg, er önnur tóft um 5 x 2,5 að innanmáli. Vestan hennar er veggur sem liggur frá norðvestur horni fjárhússins á um 20 m kafla í boga til austurs upp frá tóftinni. Ef til vill hluti af túngarði en framhald hans var ekki greinanlegt umfram þennan garðbút sem liggur út frá fjárhústóftinni. Um fimm metrum neðan og sunnan við tóftina er niðurgrafinn ferhyrndur reitur um 8 x 8 m. Kunna að vera leifar matjurtagarðs.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 89

Sérheiti: Ormsstaðir/Hólhús
Hlutverk Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 700824,398 Y: 518595,567
Ástand: Slæmt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt



Staðhættir
Á túnakorti má sjá tvenn útihús rúma 30 m nnv við bæjarhúsin, önnur tvískipt um 4. m nnv af hinum. Hólhús er nær bæ og stendur þvert á hin sem eru vestar og líklega farin fyrr úr notkun.
Í örnefnalýsingu segir: „Fjárhús efst á Ormsstaðahól, nefnt Hólhús, norðaustar annað fjárhús, hýsti etv. einnig hest, en aðalhesthús uppi á Hesthúsgrund í austurjaðri túngirðingar alllangt frá bæ” (ÖHG:7).
Tóft Hólhúss stendur efst á túni á hólnum sem liggur ofan og norðan bæjarhóls á Ormsstöðum, um 60 m norður frá bæjarhólnum og var í notkun til búsetuloka 1936.
Lýsing
Tóftin er um 12 x 6 m að utanmáli og snýr hún nnv-ssa, dyr hafa vitað til suðausturs. Torf- og grjóthlaðin mesta vegghæð um 1,5 m en veggjaþykkt um 1 m. Um 5 m norðan tóftarinnar er ferkantað 20 x 12 m lágt garðlag líklega leifar samstæðra útihúsa sem sýnd eru á túnakorti norðvestan Hólhúss.
Heimildaskrá
Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort túns og engja á Ormsstöðum, 1908.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 90

Sérheiti: Ormsstaðir
Hlutverk Kofi
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 700822,304 Y: 518626,464
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnalýsingu segir: „Fjárhús efst á Ormsstaðahól, nefnt Hólhús, norðaustar annað fjárhús, hýsti etv. einnig hest, en aðalhesthús uppi á Hesthúsgrund í austurjaðri túngirðingar alllangt frá bæ" (ÖHG:7).
Um 10 m norðvestan Hólhúss efst á túni á Ormsstaðahól, norðan bæjarhóls á Ormsstöðum, eru leifar af kofatóft

Lýsing



Tóftin er um 3 x 2 m að utanmáli, dyr hafa verið til vesturs. Veggjahæð er mest um 40 cm og þykkt 50 cm og hefur verið að hálfi leyti grafin inn í hólinn. Aftan tóftarinnar er stærra tóftarbrot um 4 x 4 m að utanmáli, veggjalög óljós.

Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.
Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort túns og engja á Ormsstöðum, 1908.

Hallormsstaður 157488 50 – 91

Sérheiti: Ormsstaðir
Hlutverk Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 700824 Y: 518596
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Á túnakorti má sjá útihús nyrst í túninu um 60 m norðan af bæjarhúsum um 5 m suðaustur af svokölluðum Hólhúsum efst í túni.
Í örnefnalýsingu segir: „Fjárhús efst á Ormsstaðahól, nefnt Hólhús, norðaustar annað fjárhús, hýsti etv. einnig hest, en aðalhesthús uppi á Hesthúsgrund í austurjaðri túngirðingar allangt frá bæ" (ÖHG:7).
Tóft stendur efst á túni á hólnum sem liggur ofan og norðan bæjarhóls á Ormsstöðum, um 60 m norður frá bæjarhólnum, svokallað Hólhús.

Lýsing
Um 5 m norðan við tóftina af Hólhúsi er ferkantað 20 x 12 m lágt garðlag, líklega leifar tvístæðra útihúsa sem sýnd eru á túnakorti.

Heimildaskrá
Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort túns og engja á Ormsstöðum, 1908
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 92
Sérheiti: Ormsstaðir
Hlutverk Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 700839,97 Y: 518751,817
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðhættir
Á túnakorti má sjá matjurtagarð við bæjarhúsin að suðvestanverðu (ca. 12x8 m).
Í örnefnaskrá er þessi lýsing: „Innan við smiðjuna var kálgarður með húsapunti, sem síðar hefur dreifst um bæjarrústirnar" (ÖHG:7).
Heimildaskrá
Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort túns og engja á Ormsstöðum, 1908.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 93
Sérheiti: Ormsstaðir
Hlutverk Heyvinna, Kofi
Tegund: Tóftaþyrping
Staðsetning: X: 700936,949 Y: 518479,04
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson



Staðhættir
Í örnefnalýsingu segir: „Í vesturhorni túngirðingar voru tættur er gátu verið eftir kofa eða heystæði" (Örnefnaskrá, 7).
Óglöggar tóftir eru um 40 m ofan þjóðvegar og um 25 m vestan við Austurtún sem liggur innan (sunnan) við Ormsstaðalæk ofan þjóðvegar við Ormsstaði.
Lýsing
Nokkur óljós veggjalög og mishæðir benda til hvar tóftir hafa staðið. Trjám hefur verið plantað í tóftarbrotin. Þarna munu hafa staðið kofar.

Hallormsstaður 157488 50 – 94
Hlutverk:Reiðgata
Tegund: Vegur
Staðsetning: X698717,762 Y516653,385

Staðhættir
Greinileg reiðgata liggur upp úr Atlavík vestanverðri og áleiðis út í Mörk.

Hallormsstaður 157488 50 – 95
Sérheiti: Ormsstaðir
Hlutverk Sel
Tegund: Tóftaþyrping
Staðsetning: X: 701872,024 Y: 518387,389
Hleðsluhæð: 0,7 m



Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Ofan við [Lýsihól] er Lýsihólsmýri. Þar upp af heitir Selhjalli. Á þeim hjalla eru óglöggar rústir, sem eru taldar fornar selrústir" (ÖHa:6). „Inn og upp af sundinu [Leyningi] er Selhjalli lítið eitt hærri en mýrin og utan og ofan hans Svartihjalli langtum hærri með rjóðum sem gætu verið vísbending um selstæðið [...]. Samkvæmt eldri skrá eru þarna sagðar óglöggar rústir, taldar fornar selrústir" (ÖHG:5).
Á Selhjalla á spildu milli tveggja lækja eru seltóftir, e.t.v. sel frá Ormsstöðum. Vestari lækurinn nefnist Hesthúslækur og rennur hann niður hlíðina milli Lýsishóls og Flataskógar og gegn um tún á Ormsstöðum og heitir þar Ormsstaðalækur. Eru seltóftirnar 10-20 m utan við lækinn við rætur Hálsabrekkna.
Lýsing
Á selinu eru tvær glöggar tóftir. Sú eystri er stærri, um 10 x 7 m að utanmáli. Sú tóft skiptist í tvær vistarverur sú smærri er sunnan til um 4 x 6 m að utanmáli. Stærri tóftin er um 5 x 6 m að utanmáli. Veggjalög eru óljós en þó virðist sem að innangengt hafi verið á milli þessara herbergja. Tóftin snýr nv-sa en dyr eru ekki sýnilegar á henni. Mesta hæð veggja er um 40 cm. Um 10 m vestan þessarar tóftar er smærri tóft, líklega fjárhús. Það liggur einnig nv-sa en hleðslur eru einungis greinilegar á þrjá vegu og kann að vera að norður stafn hafi verið úr timbri. Tóftin er um 5 x 7 m að utanmáli og veggjahæð er mest 40 cm, þykkt um 70 cm.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Tittlingssel



Hallormsstaður 157488 50 – 96

Sérheiti: Tittlingssel
Hlutverk Beitarhús, Bústaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 698667,541 Y: 515253,342
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum (bls. 133) segir: „[...], og afbýli nokkur: Tittlingssel beitarhúsagang suður frá H, fór í eyði 1756, en byggðist aftur um miðja 19. öld, eftir það beitarhús frá H. Þar sér fyrir tóttum og túngörðum, og þar er mjög fallegur útsýnisstaður". Ranghermt mun vera að sel þetta hafi byggst aftur á 19.öld, sbr. sóknarlýsingu 1874: "Þar eru nú alla tíð sauðahús og girt tún." (SS: 342)

Horft til austurs yfir tóftir á Tittlingsseli. Hallormsstaðaskóli í baksýn. Ljósm.GZ.

„Inn og upp af Ljósaárkinn er dæld sem kölluð er Selbotn. Þar fyrir innan voru beitarhús frá Hallormsstað sem heita Tittlingssel (aflögð fyrir löngu). Þar var áður býli sem fór í eyði 1756. Utan við selið er Selklettur," segir í örnefnalýsingu (ÖHa:14) Í Jarðatali Johnsens kemur fram að Tittlingssel hafi verið talið hjáleiga frá Hallormsstað 1760 og 1804 (JJ:371). Tittlingssel er á grasivaxinni hæð milli Jökullækjar og Sellækjar innan við Hallormsstaðaskóg undir Halaklettum yst í Ásum. Yngstu beitarhúsatóftirnar eru á austurbakka svokallaðs Sellækjar, en líklegar eldri seltóftir vestan við lækinn. Tóftir beitarhúsa auk annarra tófta eru innan túngarðs sem liggur umhverfis hæðina og nær á kafla inn fyrir Sellæk.

Lýsing

Tóftir tveggja fjárhúsa liggja samsíða og er hlaða aftan við eystra húsið. Dyr eru á báðum fjárhúsum til suðurs og garði hefur verið í þeim báðum. Tóftirnar liggja nv-sa.Vestara húsið er stærra, um 15 x 4 m að innanmáli. Það eystra er um 10 x 4 m að innanmáli. Hlaðan er um 7 x 3 m að innanmáli. Um fimm metrum norðan við þessi hús eru önnur fjárhús sem liggja sv-na. Þau eru um 9 x 3 m að innanmáli. Garði liggur fyrir miðju húsi og dyr vita til vesturs. Þrjár óljósar tóftamyndanir eða niðurgröftur eru við vesturhlið beitarhúsanna. Kunna það að vera leifar eldri tófta. Beitarhúsin standa á upphækkun og hefur líklega verið byggt þar oftar en einu sinni.

Heimildaskrá

Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.
J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar. 2000, bls.. 342.

Hallormsstaður 157488 50 – 97

Sérheiti: Tittlingssel
Hlutverk Sel
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 698587,255 Y: 515279,004
Hleðsluhæð: 0,5 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
„Inn og upp af Ljósaárkinn er dæld sem kölluð er Selbotn. Þar fyrir innan voru beitarhús frá Hallormsstað sem heita Tittlingssel (aflögð fyrir löngu)[1918]. Þar var áður býli sem fór í eyði 1756. Utan við selið er Selklettur," segir í örnefnalýsingu (ÖHa:14). Í Jarðatali Johnsens kemur fram að Tittlingssel hafi verið talið hjáleiga frá Hallormsstað 1760 og 1804 (JJ:371).
Tittlingssel er á grasivaxinni hæð milli Jökullækjar og Sellækjar innan við Hallormsstaðaskóg undir Halaklettum yst í Ásum. Yngstu beitarhúsatóftirnar eru á austurbakka svokallaðs Sellækjar, en líklegar eldri seltóftir vestan við lækinn. Tóftir beitarhúsa auk annarra tófta eru innan túngarðs sem liggur umhverfis hæðina og nær á kafla inn fyrir Sellæk.
Á vesturbakka Sellækjar, um 15 m austan við túngarðinn þar sem hann liggur í boga vestur fyrir Sellæk eru tóftir sem virðast eldri en beitarhúsatóftirnar. Kunna að vera tóftirnar af seli því sem staðurinn dregur nafn sitt af.
Lýsing
Tvískipt tóft um 6 m að lengd og 2 m að breidd. Lengri tóftin er um 3 x 2 m að innan máli og hafa dyr verið yfir í smærra hólfið sem hefur verið um 1,5 x 2 m að innan. Tóftin snýr nv-sa. Suðaustan þeirra um einn metra í burtu liggur önnur óljósari tóft um 2,5 x 3 m að innanmáli. Veggir eru mjög jarðsokknir og hvergi sést grjót í hleðslu. Veggjahæð mest um 50 cm, þykkt óljós.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

Hallormsstaður 157488 50 – 98

Sérheiti: Tittlingssel
Hlutverk Matjurtagarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 698636,707 Y: 515127,129
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Ferhyrndur niðurgröftur er á grasflöt um 20 m ofan við bílaslóð sem liggur suður fyrir beitarhúsin á Tittlingsseli um 200 m suður af beitarhúsunum.
Lýsing
Ferkantaður niðurgröftur um 4 x 4 m. Dýpt einungis um 15 cm. Kann að vera leifar einhverskonar matjurtagarðs.

Hallormsstaður 157488 50 – 99
Sérheiti: Tittlingssel
Hlutverk Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning:X: 698597,597 Y: 515124,511
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Fjárhústóft liggur frammi á austurbakka Sellækjar um 300 m suðaustur af Tittlingsseli fast norðan bílslóða sem liggur ofan Tittlingssels þar sem hann liggur að Sellæk.
Lýsing
Tóftin er mjög gróin, snýr nv-sa. Ekkert grjót er sýnilegt í veggjum lengur. Tóftin er um 12 x 5 m að utanmáli en ekki er sést hvar dyr hafa verið á henni. Veggjahæð er mest um 60 cm og þykkt um 1 m.

Hallormsstaður 157488 50 – 100
Sérheiti: Tittlingssel
Hlutverk Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 698552,283 Y: 515214,589
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Túngarður liggur umhverfis túnið kringum beitarhúsatóftir á Tittlingsseli. Garðurinn liggur einnig í boga vestan við Sellæk og myndar þar túnspildu þar sem seltóftirnar eru. Austurhlið garðsins er grjóthlaðin og greinist garðurinn í tvennt í norðaustur horni túnsins og liggur til austurs að Sellæk og svo til norðurs að klettahæð, svokölluðum Selkletti, um 90 m norðan við túnið. Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti nema á þeim kafla sem liggur að klettahæðinni. Þar er hann einvörðungu úr grjóti. Garðurinn er eitthvað farinn að hrynja en stendur annars nokkuð vel. Mesta hæð um 1 m og þykkt um 70 cm. Garðurinn er um 10 m ofan og austan fjárhúss sem stendur uppi við Selklett að vestan.
Aðrar upplýsingar
Gps hnit á eystri túngarðsvegg:
65°04’40’’
14°46’27’’
A698611,259
N515311,648

Hallormsstaður 157488 50 – 101
Sérheiti: Tittlingssel
Hlutverk Óþekkt
Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 698669,61 Y: 515222,444
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Garðlag liggur frá beitarhúsunum austan Sellækjar á um 50 m kafla til suðurs. Um er að ræða lágt garðlag um 40 cm á hæð og um 50 cm á breidd. Kann að vera undan girðingu.

Hallormsstaður 157488 50 – 102
Sérheiti: Tittlingssel
Hlutverk Óþekkt
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 698595,529 Y: 515155,409
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Um 50 m vestan við gömlu beitarhúsin á Tittlingsseli um 250 m vestan nýrri beitarhúsanna er um 10 m langt óljóst lágt garðlag sem liggur na-sv. Norðan garðlagsins er einhverskonar ferkantaður niðurgröftur. Vera kann að þessar minjar tengist eldri beitarhúsatóftum vestan Tittlingssels (no. 50-105).

Hallormsstaður 157488 50 – 103
Sérheiti: Tittlingssel
Hlutverk Fjárhús
Tegund: Garðlag; Tóft
Staðsetning: X: 698631,124 Y: 515406,09
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt



Staðhættir
Fjárhústóft er undir svokölluðum Selkletti um 100 m norðvestur af túni á Tittlingsseli á grasbala á austurbakka Sellækjar.
Lýsing
Fjárhústóft um 15 x 5 m að innanmáli. Vel greinanlegur garði er eftir miðju húsi og hafa dyr verið við syðra horn vestari langveggjar. Tóftin snýr nnv-ssa. Veggir eru óljósir og er grjót ekki sjáanlegt lengur í hleðslum. Mesta vegghæð er um 60 cm en þykkt um 2 m.
Aðrar upplýsingar
Trjáplöntum hefur verið plantað í tóftina.

Hallormsstaður 157488 50 – 104

Sérheiti: Tittlingssel
Hlutverk Matjurtagarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 698611,259 Y: 515311,648
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Uppi við túngarðinn á Tittlingsseli við austurhlið hans er 8 x 10 m ferkantaður niðurgröftur, ef til vill er þetta matjurtagarður.

Hallormsstaður 157488 50 – 105

Sérheiti: Tittlingssel
Hlutverk Beitarhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 698565,319 Y: 515215,462
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Beitarhúsatóftir liggja í skógarrjóðri um 100 m innan við Sellæk og túnið á Tittlingsseli.
Lýsing
Leifar tveggja samsíða fjárhúsa. Það vestara er ívið stærra um 8 x 3 að innanmáli en það eystra um 5 x 3 m að innanmáli. Garði er fyrir miðju beggja húsa og hafa dyr á þeim vísað til suðurs. Aftan við eystra húsið er hlaða um 4 x 3 m að innanmáli.

Hallormsstaður 157488 50 – 106

Sérheiti: Prestaker
Hlutverk Óþekkt, Garður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 702192 Y: 519837
Ástand: Ómetið

Prestaker. Garður sem þverar tjörnina í baksýn. Ljósm.GZ.

Staðhættir
„Alllangt ofan við Styrbjörnsklett við Hafursá er Mylluhvammur alldjúp kvos báðum megin ár og var þar kornmylla frá bænum Hafursá [...] Ofan við Mylluhvamm er há klettótt hæð nefnd Presthöfði [...] Ofan við Presthöfða er mýrarbotn allvíður með smátjörn og er hann nefndur Prestaker" (ÖHG:4).
Lýsing
Augljóst garðlag liggur umhverfis tjörnina en hún er um 120 m að lengd og um 70 m að breidd. Garðurinn er orðinn nokkuð útflattur og jarðsokkinn á köflum en breiðastur er hann um 2 m og hæstur 80 cm. Afrennsli er úr tjörninni til austurs í Hafursá og er garðurinn rofinn þar. Hlaðinn garður er einnig yfir tjörnina miðja en hann er nú

Garðlag við Prestaker. Ljósm.GZ.

nokkuð jarðsokkinn. Tjörnin í Prestakeri er nú umlukin skógi og vex skógur á garðinum og víðikjarr á miðjugarðinum.

Aðrar upplýsingar

Önnur gps hnit á garðinum:
65°06’56’’/14°41’31’’
65°06’57’’/14°41’28’’
65°06’57’’/14°41’28’’
65°06’59’’/ 14°41’26’’
65°06’59’’/ 14°41’27’’

Heimildaskrá

Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 107

Hlutverk Útihús
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 700187,491 Y: 517373,01
Horfin: Já
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir

Skólabú var rekið í tengslum við Húsmæðraskólann allt fram til 1960. „Gripahús steinsteypt og stæðilegt var undir einu þaki upp af skólahlaði, hlaðan byggð 1931, en fjós fyrir 12 kýr, hesthús, svínastía og stór hlaða með þremur súrheysgryfjum, haughús undir fjósi byggð 1935” (ÖHG:11)

Lýsing

Útihús Hússtjórnarskólans voru um 20 m suðaustur af skólahúsinu. Þeirra sér ekki lengur stað, voru jöfnuð við jörðu nálægt 1970.

Heimildaskrá

Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 108

Hlutverk Reiðgata
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir

„Fyrir ofan Hólatjörn var (er) blettur í skóginn, nefndur Snarrótarbotn. Rétt utan við hann lágu reiðgötur frá Ormsstöðum, upp innri barm Gvendargjótar, og upp á Skriðdalsveg”(ÖHÞG).
Í örnefnaskrá segir um Ormsstaði: „Lá fyrsti bílvegur þar tæpt á klettsbrúninni [um Ormsstaðahól] vestan túns, en reiðgötur áður um bæjarhlað þar sem nú er þjóðvegurinn.” Þar segir jafnframt: „Ofan (innan) þess heitir Austurtún, líka nefnt Efratún en Reiðbali neðan við milli gils og heimreiðar, nú þjóðvegar.” Og enn: „Reiðgötur lágu frá Ormsstöðum upp á Skriðdalsveg innan við Gvendargjót (ÖHG; 5-6).

Heimildaskrá

Ö-Hallormsstaður, leiðréttingar og viðaukar eftir Þórhall Guttormsson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 109

Hlutverk Vatnsból
Tegund: Brunnur
Staðsetning: X: 700247,946 Y: 517252,939
Ástand: Ómetið
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
Brunnur sem vatn var leitt í til hússtjórnarskólans var um 80 m inn og upp af skólahúsinu um 20 m hærra í landi á austurbakka Staðarár og er þar enn til staðar steypt þró.

Hallormsstaður 157488 50 – 110

Hlutverk Óþekkt, Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 697735,756 Y: 515873,899
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Sigurður Guttormsson á Sólheimum sagði hins vegar Gunnlaugi M. Kjerúlf á Buðlungavöllum að Brekkubali væri á grónum tanga við Fljótið inn og niður af Sólheimum [annars sagður vera við innanverða Tófuklöpp nálægt Klifá]. Þar var sýnileg rúst, nú á kafi í lerkiskógi" (ÖHG:19).
Smátóft er í brekku ofantil á svokölluðum Brekkubala um 30 m neðan við þjóðveg um 300 m inn og niður af býlinu Sólheimum.
Lýsing
Tóftin er hálf grafin inní brekkuna um 5 x 3 m að utanmáli og veggjalög óljós. Snýr nálega norður-suður og hafa dyr verið í norður.
Aðrar upplýsingar
Engin tóft fannst í lerkiskógi á Brekkubala.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 111

Sérheiti: Þrælavík
Hlutverk Sögustaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 700269,743 Y: 518092,452
Ástand: Ómetið

Staðhættir

„Neðan við Gatnaskóg er vík við Fljótið sem heitir Þrælavík. Þar drukknaði Droplaug (Þórlaug), fyrri kona Helga Ásbjarnarsonar (Sbr. Droplaugarsögu og Fljótsdælu).” segir í örnefnalýsingu (ÖHa:7).
Í örnefnaskrá segir: „ Sögur herma að Droplaug eiginkona Helga Ásbjarnarsonar bónda á Ormsstöðum hafi drukknað í Fljótinu ásamt þrælum þeirra hjóna og heitir þar síðan Þrælavík [Síðar kallað Ytri-Þurshöfðavík]” (ÖHG:5).
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 112



Hlutverk Óþekkt
Tegund: Tóftaþyrping
Staðsetning: X: 698784 Y: 516441
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Upp af svokallaðri Litlu Atlavík sem er smávík fast vestan Atlavíkur. Í skógi rétt utan við Atlavíkurmýri neðan þjóðvegar suðvestan Atlavíkur.
Lýsing
Tvær mjög óglöggar og jarðsokknar tóftir, e.t.v. heytóftir. Stærri tóftin er um 8 x 4 m að utanmáli, veggjalög mjög óljós, snýr norðvestur-suðaustur. Um 5 m norðan hennar er smærri tvískipt tóft um 6 x 3 m að utanmáli og snýr hún norðaustur-suðvestur. Veggjalög einnig mjög ógreinileg.

Hallormsstaður 157488 50 – 113



Hlutverk Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 699353,765 Y: 517316,831
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Óglögg tóft er á austurbakka lækjar (skurðar) um 90 m utan við Ferjuklett svokallaðan og um 10 m ofan við fjöruborð Lagarfljóts.
Lýsing
Tóftin er ferköntuð hefur snúið nálega norðvestur-suðaustur og hafa dyr verið við norðvestur horn. Austurveggur er stæðilegastur, um 3 m langt veggbrot, en önnur veggjalög eru óljósari. Mesta hæð veggja er 40 cm en þykkt 50 cm.

Hallormsstaður 157488 50 – 114



Hlutverk Óþekkt
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 699203,667 Y: 517213,628

Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt
Staðhættir
Tóftar- eða garðbrot er uppi við lága skógarbrekku um 60 m upp og suðaustur af Ferjutanga.
Lýsing
Mjög óljóst veggjalag myndar nálega ferkantaða tóft upp við brekkuna. Það er um 7 m að lengd og um 3 m að breidd. Mesta vegghæð er 30 cm en þykkt 60 cm. Dyr hafa líklega verið á norðurhlið.

Hallormsstaður 157488 50 – 115
Hlutverk Fjárhús
Tegund: Heimild
Staðsetning: Y700030,632 X517952,152
Horfin: Já

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Utan við hann [Þurshöfða], neðan við Gatnaskóg, er áðurnefnd Ytri-Þurshöfðavík, (Þrælavík lengra frá landi) en innan við höfðann er Þurshöfðavík [fremri]. Upp af þeirri síðarnefndu byggði Benedikt Blöndal upp úr 1930 fjárhús sem lagðist af 1942" (ÖHG8).
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 116
Sérheiti: Kerlingabotnar
Hlutverk Sögustaður
Tegund: Örnefni
Staðsetning: X699738,019 Y515107,954
Ástand: Ómetið

Staðhættir
„Norðan (N.V.) við Heiðarenda er Kerlingarhnaus. Þar eru upptök Kerlingarár, neðar nær brúnum eru Kerlingabotnar efri og neðri. Við þá eru tengdar gamlar sagnir" (ÖHa:21). „Ofan skógargirðingar milli Kerlingarár og Króklækjar eru Kerlingarbotnar, og skiptast í Kerlingarbotna neðri og Kerlingarbotna efri. Niður af þeim fyrrnefndu er klettahraukur (ath. „steindrangur" segir í eldri skrá) nefndur Kerling og er Kerlingará líklega við hann kennd" (ÖHG:18).
Aðrar upplýsingar
Hjörleifur Guttormsson skráði á vettvangi sumarið 2004.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 117
Sérheiti: Vörðumell

Hlutverk Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
„Ofan við þjóðveg er Vörðumell. Þar upp af er hæð sem heitir Vörðuhraun, en það er líka samheiti á svæðinu milli fyrrnefndra lækja [Jökullækjar og Atlavíkurlækjar] ofan við veg, upp að Skógarjaðri" (ÖHa:14).
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 118
Sérheiti: Húsabæjarhlíðar
Hlutverk Smalakofi
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
„Á landamörkum Hallormsstaðar og Geirólfsstaða er Prestaflói (þrætustykki).
Þar norður (N.V.) af eru Húsabæjarhlíðar. Þar var setið yfir kvíaám og einnig eru þar rústir af smalakofum, mun nafnið vera dregið af þeim" (ÖHa:20).
Í örnefnaskrá segir: „Norðvestur af honum [Prestaflóa] heita Húsabæjarhlíðar þar sem setið var yfir kvíaám. Smalar byggðu sér þar smalakofa og er nafnið af þeim dregið" (ÖHG:9).
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 119
Sérheiti: Þrívörður
Hlutverk Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrám eru þessar lýsingar: „Austur af Dagmálafjalli eru Jökulhæðir. Þar fyrir austan Þrívörður og Þrívörðuflói" (ÖHa:20). „Á hálsinum austur af, lítið eitt austan við Hafursá, eru Þrívörður, lágur klapparás í norður-suður stefnu og á honum nokkur vörðubrot" (ÖHG:9).
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 120
Sérheiti: Klifá
Hlutverk Þjóðsaga
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er sagt frá því er griðungur var drepinn á Hallormsstað. Sláturmennirnir brugðu sér frá „en gættu ei að óvíst var fyrir á nautinu og fætur þess ei dregnir úr liðum. En sem sláturmennirnir kómu út á hlaðið sáu þeir að boli var kominn á fót og hélt fram að Klifá. þar hljóp hann undir steinboga þann sem er á ánni. Snöru þá mennirnir heim aftur við svo búið. En griðungurinn er sagður enn í dag undir steinboganum á henni Klifá" (JÁ:369).
Heimildaskrá
Jón Árnason: *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, IV bindi.* Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson sáu um útgáfuna.

Hallormsstaður 157488 50 – 121
Sérheiti: Hólagata
Hlutverk Vegur
Staðsetning: X700213,545 Y517374,769
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnalýsingum segir: „Gata lá (að mestu týnd í skógi nú) frá Skriðdalsvegi, rétt fyrir ofan Húsmæðraskólann, gegnum Hólana og ofan í Ormsstaði. Heitir hún Hólagata"(ÖHÞG) „Hólagata var skógarstígur sem lá af Skriðdalsvegi skammt ofan Hússtjórnarskóla við Hólatjörn og niður í Ormsstaði" (ÖHG:8).
Punktur var tekinn á Skriðdalsvegi upp og austan við Hússtjórnarskólann þaðan sem Hólagata lá út eftir.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður, leiðréttingar og viðaukar eftir Þórhall Guttormsson, Örnefnastofnun.
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 122
Hlutverk Reiðgata
Tegund: Gata
Staðsetning: X: 698897,514 Y: 516510,249
Ástand: Gott

Staðhættir
Greinileg gata liggur milli þjóðvegar og núverandi bílvegar (afleggjara) niður í Atlavík. Mun hafa verið alfaravegur fyrrum og frá honum greinst eldri gata niður í víkina.

Hallormsstaður 157488 50 – 123
Hlutverk Reiðgata
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Gamli reiðvegurinn lá með Fljóti neðan við Bergbáshöfða og þegar bílvegur fyrst var lagður í Hallormsstað nálægt 1930 var áformað að leggja hann neðan við höfðann en Fljótið skolaði burt hleðslum svo að horfið var frá þeirri vegagerð og í staðinn var farið með veginn upp á höfðann" (ÖHG:3). Nú liggur þjóðvegurinn þar neðan undir á sömu slóðum og reiðgatan fyrrum.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 124
Hlutverk Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Efst á Lýsishól er ljóst líparít sem hóllinn dregur nafn af og þar gömul varða fallin til hálfs" (ÖHG: 4).
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 125
Hlutverk Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
„Út og niður undir Lambabólum, var kartöflugarður fyrir 1920, kallað að fara ofan í Lund (SP)" segir í örnefnalýsingu (Örnefnaskrá, 14).
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 126
Sérheiti: Gottáttuhrísla
Hlutverk Sögustaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 699356,794 Y: 516882,504
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Rétt ofan þjóðvegar á ytri bakka Kerlingarár er Gottáttuhrísla, gömul eik og mjög farin að láta á sjá um aldamótin 2000. Birkitré þetta og umhverfi þess er talið hafa verið kveikjan að ljóði Páls Ólafssonar „Hríslan og lækurinn”” (ÖHG:15).
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 127
Hlutverk Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Inn og upp af Lambafossi stendur gömul nafnlaus varða á kletti í Hádegisfjalli” (ÖHG:16).
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 128
Sérheiti: Borgargerði
Hlutverk Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: X701732,881 Y519278,066
Ástand: Ómetið

Aðrar upplýsingar
Við aðra vettvangsskráningu sumarið 2004 skráði Hjörleifur Guttormsson tóft sem ekki fannst við skráninguna í maí. Tóftin er á brekkubrún neðan (norðan) við fjárborgina. Hún er um 10 x 5 m að utanmáli.

Hallormsstaður 157488 50 – 129
Hlutverk óþekkt
Tegund: Hola
Staðsetning: X: 699704,488 Y: 517743,931
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Um 10 m ofan við Lagarfljót um 120 m utan við Ferjutanga svokallaðan. Einhverskonar hringlaga niðurgröftur en engin veggjalög sýnileg. Nokkrar kolagrafir í nágrenninu og kann að vera tengt kolavinnslu.

Hallormsstaður 157488 50 – 130
Hlutverk Mógröf

Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
„[...], upprekstarland mikið og gott í Gilsárdalsafrétt; þar sé mótak mikið og gott og skóglendi, er grisja megi til eldsneytis" (Sjm:131).
Heimildaskrá
Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.

Hallormsstaður 157488 50 – 131
Sérheiti: Kerlingabotnar
Hlutverk Byrgi
Tegund: Tóftaþyrping
Staðsetning: X699680,590 Y514793,709
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Ofan skógargirðingar milli Kerlingarár og Króklækjar eru Kerlingarbotnar[...] Tófugreni hefur lengi verið í Kerlingarbotnum" (ÖHG:18).
Lýsing
Hjörleifur Guttormsson skráði tíu byrgi og steinhleðslur á vettvangi 2004.
Skotbyrgi a: (389 m hæð)
Staðsetning: X699680,590 Y514793,709
Skotbyrgi b: sporöskjulaga hringur 2 x 1,5 m, hæð hleðslu ca. 1 m, gróinn botn. (415 m hæð)
Staðsetning: X699767,697 Y514861,648
Skotbyrgi c: þríarma hleðsla: 3 m, 2 m, 1 m (401 m hæð).
Staðsetning: X699769,777 Y514830,750
Skotbyrgi d: hleðsla rúmur 1 m á hæð upp yfir grenismunna? (396 m hæð)
Staðsetning: X699795,853 Y514832,506
Skotbyrgi e: hleðsla í hálfboga, grjót við enda 4 m, hleðslur út frá 3 m (395 m hæð)
Staðsetning: X699728,583 Y514859,015
Skotbyrgi f: hleðsla á þrjá vegu, líkt og rúmbálkur, hæst fyrir stafni, l. 2.20 m, br. 1.20 m (395 m hæð).
Staðsetning: X699717,625 Y 514827,240
Skotbyrgi g: neðan undir brattri framhlaupsbrekku, víður hálfbogi, 3 m, 3.20 m, 1.20 (362 m hæð).
Staðsetning: X699613,321 Y514820,221
Skotbyrgi h: lítill hálfbogi, rúml. 1 m víður, tvær steinaraðir (348 m hæð)
Staðsetning: X699572,128 Y514848,488
Skotbyrgi i: lítil hleðsla við stóran stein, grenismunni? (357 m hæð)
Staðsetning: X699570,050 Y514879,386
Skotbyrgi j: smáhleðslur út frá stóru bjargi, vídd ca 3 m (349 m hæð).
Staðsetning: X699557,012 Y514878,509
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 132
Hlutverk Rafstöð
Staðsetning: X: 700245,353 Y: 517097,571
Ástand: Ómetið

Staðhættir og lýsing
„Hádegisfjall er fjallið ofan og innan bæja milli Staðarár og Kerlingarár. Yst eru þar Neðri-Kistuklettar og Efri Kistuklettar [...] Rafstöðvarhús vatnsaflsvirkjunar frá Staðará, byggð fyrir Húsmæðraskólann 1936, hönnuð af Sigurði Thoroddsen verkfræðingi, og í notkun til 1955, að við tók þar dísilrafstöð, þar til samveiturafmagn kom í Hallormsstað 1961. Húsið stendur enn undir Kistuklettum. Var húsið kallað Stöð og sagt að fara upp í Stöð. Stífla með vatnsinntaki er í Staðará í 290 m hæð hjá Skógargirðingu og frá henni lágu rör grafin í jörð niður fjallið og Kistukletta" (ÖHG:16).
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 133
Sérheiti: Kofaalda
Hlutverk Byrgi
Tegund: Tóftir
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Inn og upp af gangnakofanum [Gangnakofi Skógarmanna] er hæð sem heitir Kofaalda. Hún er líklega framhlaup því að ofan við ölduna er kvos og klettabríkur ofan við. Við þessar klettabríkur er að finna mörg hlaðin grjótbyrgi allfornleg, líklega efir grenjaskyttur" (ÖHG:24).
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Hallormsstaður 157488 50 – 134
Sérheiti: Ræðurjóður
Hlutverk: Samkomustaður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X698737,004 Y516561,562
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
„Grasslétturnar í Atlavík beggja megin lækjar nefnast Flatir og sagt "Á Flötunum" [...] Inn af Vestari-Flötinni var Rjóður í skóginum og vestast í því ræðustóll úr timbri notaður á samkomum. Stundum var talað um Ræðurjóður" (ÖHG:17)
Aðrar upplýsingar
Síðar var á samkomum komið fyrir sviði á miklum trépalli litlu norðar undir Innri-Atlavíkurkletti.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Sólheimar 157547 50

Saga

Sólheimar eru nýbýli frá Hallormsstað sem stofnað var 1948 en búskapur mun hafa hafist þar 1945. Býlið er um 2,5 km inn frá Hallormsstaðabæ í túni umkringdu skógi steinsnar ofan núverandi þjóðvegar inn skóginn.[27] Þar á að hafa staðið fornbýlið Geitagerði sem er í heimildum ýmist kallað fornbýli eða beitarhús. Tóftir fornbýlisins voru friðlýstar 1931 en í friðlýsingarskjali stendur: „Hallormsstaður. b. Leifar fornbýlis; þar sem nú heitir Geitagerði; það er innar með fljótinu en Atlavík; er hjer túngirðing forn, meir en dagslátta að stærð, og í henni fornleg bæjarrúst." Skjal undirritað af MÞ 24.10.1930. Þinglýst 26.01.1931).[28]

Ofan túns um 100 m suður og upp af húsinu á Sólheimum er friðlýst tóft og túngarðsbrot fornbýlisins. Tóftin er aflöng skála- eða hústóft og liggur túngarðsbrot til vesturs frá henni. Þessar minjar eru nokkuð fornlegar og jarðsokknar en þó enn vel sýnilegar. Nokkur skógur vex í og við tóftina. Við norðaustur enda tóftarinnar hefur kartöflugeymsla verið grafin inn í tóftina og einhverjar beinaleifar munu hafa komið upp þegar að unnið var með ýtu í brekkunni fyrir neðan ["Beinabrekka"] nálægt 1950.[29] Í Árbók fornleifafélagsins frá 1893 (bls. 35) lýsir Sigurður Vigfússon tóftunum og er þá einungis ein tóft innan túngarðs og má greina á lýsingunni að það er sú tóft er hér er skráð. Hinsvegar er túngarður sagður ná hringinn í kring um heimatúnið en nú er hann einungis greinanlegur á stuttum kafla til vesturs frá tóftinni. Aðrar tóftir sem skráðar voru við Sólheima tilheyra seinni tíma búskap á staðnum.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.
Ágúst Ó. Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Reykjavík, 1993 [Fjölrit].
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.
Árbók hins íslenska fornleifafélags 1893:35

[27] Sveitir og jarðir, bls.139.
[28] Skrá um friðlýstar fornleifar.
[29] Örnefnaskrá Hallormsstaðar, 2002, bls. 19.

Sólheimar 157547 50 - 1

Sérheiti: Geitagerði
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Tóft + Gerði
Staðsetning: X: 515815,131
Y: 698250,252
Hleðsluhæð: 2,5 m
Lengd: 30 m
Breidd: 7 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt
Friðlýst: Já



Staðhættir
Í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1893 segir Sigurður Vigfússon: „Hinn 8. júlí fór eg frá Hallormsstað og upp með Lagarfljóti. Þar heitir Atlavík, fornt bæjarstæði, og verðr því síðar lýst. Innar með fljótinu er kallað "Geitagerði"; þar er túngarðr fornlegr í kring. Efst í garðinum er tóft allmikil með litlu afhúsi við annan enda; hún er um 70 fet á lengd; þar af er aðalhúsið 50 fet; dyr eru á vestrhlið og dyr á afhúsinu við gaflingg, á sömu hlið; breidd á þessari tóft er 26 fet. Túnið mun vera á aðra dagsáttu. Hér eru ekki fleiri tóftir. Það er sjáanlegt af útlitinu að þetta er fornt býli, því að þessi mannvirki eru eins fornleg og hin áðrtöldu"(Árb:35)
Í örnefnaskrám segir: „Ofan við þjóðveg [milli Ljósár og Klifár] er Geitagerðisás eða Geitás. Neðan í ásnum voru rústir af beitarhúsum, sem voru kallaðar Geitagerði. Þar er nú afbýlið Sólheimar, reist 1945. Rústirnar voru friðlýstar árið 1930 sem rústir fornbýlis, en rutt niður þegar Sólheimar byggðust" (ÖHa:14). „Ljósá kemur niður Miðselsfjall utan við Þúfu og sveigir neðan þess út og niður nokkurn veginn samsíða Sellæk og niður í Lagarfljót utan við Geitagerði þar sem voru rústir af beitarhúsum" (ÖHG19).

Bæjartóft í skógi ofan Sólheima. Horft í suðvestur. Ljósm.GZ.

Tóft og garðlag eru efst í skógarjaðrinum ofan og sunnan túns á Sólheimum um 100 m inn og upp (suður) af bæjarhúsinu.

Lýsing
Aflöng tóft um 30 x 7 m að utanmáli. Tóftin liggur nálega nnv-ssa. Tóftin er tvískipt, stærri tóftin er um 13 x 3 m að innanmáli. Suðsuðvestan og áföst henni er smærra hólf um 4 x 3 m að innanmáli. Norðaustur af og áföst tóftinni er ferhyrnd upphækkun um 10 m löng og 5 m breið. Þar er tvískipt niðurgrafin kartöflugeymla.
Veggir eru mjög vallgrónir, um 2,5 m þykkir þar sem þykkastir. Veggir í smærra hólfinu eru óljósari og út frá suðvesturhorni þess liggur um 20 m langur garður til vesturs, einnig mjög vallgróinn. Mestur er garðurinn um 4 m að þykkt og um 50 cm að hæð.

Heimildsksrá
Árbók hins íslenska fornleifafélags 1893:35.
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Sólheimar 157547 50 - 2

Sérheiti: Geitagerði
Hlutverk Beitarhús
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Heimildamaður: Hjörleifur Guttormsson

Staðhættir
Í örnefnaskrám segir: „Ofan við þjóðveg [milli Ljósár og Klifár] er Geitagerðisás eða Geitás. Neðan í ásnum voru rústir af beitarhúsum, sem voru kallaðar Geitagerði. Þar er nú afbýlið Sólheimar, reist 1945. Rústirnar voru friðlýstar árið 1930 sem rústir fornbýlis, en rutt niður þegar Sólheimar byggðust" (ÖHa:14). „Ljósá kemur niður Miðselsfjall utan við Þúfu og sveigir neðan þess út og niður nokkurn veginn samsíða Sellæk og niður í Lagarfljót utan við Geitagerði þar sem voru rústir af beitarhúsum" (ÖHG:19).
Aðrar upplýsingar
Engin merki eru lengur um beitarhúsin og óvíst hvort þar er um að ræða þær rústir sem enn sjást ofan túns eða hvort rústirnar hafi verið fjarlægðar við túnasléttun eða byggingu Sólheima. Það fyrrnefnda má þó teljast líklegra þar eð engar skráðar heimildir eru um beitarhús þarna í sóknarlýsingum eða vitneskja nú hjá heimamönnum um aðrar rústir á svæðinu þegar tún voru sléttuð um miðja 20. öld.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Sólheimar 157547 50 - 3

Hlutverk Mótekja
Tegund: Mannvirki
Staðsetning: X: 698254 Y: 515753
Lengd: 8 m
Breidd: 4 m
Ástand: Ómetið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Mannvirki eru á Geitagerðisás um 200 m suður og upp af íbúðarhúsi á Sólheimum í skógi. Greinilegt niðurgrafið svæði um 8 x 4 að innanmáli, snýr nv-sa. Suðaustur langhlið niðurgraftarins er beinn en skorið hefur verið inn í bakkann á móti. Líklega svarðargröf en fleiri en smærri svarðargrafir eru í nánd.

Sólheimar 157547 50 - 4
Hlutverk Mótekja
Tegund: Mannvirki
Staðsetning: X: 698265 Y: 515785
Ástand: Ómetið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Í skógi á Geitagerðisás um 200 m suður og upp af íbúðarhúsi á Sóheimum eru þrjár svarðargrafir, um 20 m austnorðaustur af stórri svarðargröf.

Sólheimar 157547 50 - 5
Hlutverk Kolagerð
Tegund: Hola
Staðsetning: X: 698269 Y: 515723
Ástand: Ómetið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Í skógi um 250 m ofan og sunnan við íbúðarhús á Sólheimum. Neðan og innan til á Geitagerðisás eru leifar kolagrafa. Sú stærsta þeirra hefur verið um 3 x 3 m að innanmáli.

Sólheimar 157547 50 - 6
Hlutverk Rétt
Tegund: Hleðsla
Staðsetning: X: 695854 Y: 515625
Ástand: Ómetið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Lýsing
„Telur Gunnlaugur [M. Kjerúlf] að enn sjáist til rústa og túngarðs [á Geitagerði] og bakkinn við grafninginn innan við hafi þjónað sem áheldi”(ÖHG:19)
Staðhættir
Bæjarlækurinn rennur vestan túns á Sólheimum. Upp af austurbakka bæjarlækjar á flatlendisgrund austan við skógarlund sem plantað hefur verið ofan við túnið innan við friðlýstar tóftir. Virðist sem hlaðinn hafi verið upp bakkinn til að slétta úr flötinni á um 40 m kafla samsíða læknum.
Heimildalisti
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Sólheimar 157547 50 - 7
Hlutverk Óþekkt
Tegund: Mannvirki

Staðsetning: X: 698170 Y: 515841
Lengd: 5 m
Ástand: Ómetið
Hættumat: Engin hætta

Staðhættir
Á austurbakka bæjarlækjar vestan við tún um 100 m sa af íbúðarhúsinu á Sólheimum og 10 m a af læknum er slétt flöt um 3 x 5 m, líkt og grunnur undan kofabyggingu eða matjurtagarður.

Sólheimar 157547 50 - 8

Hlutverk Hænsnahús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 698155 Y: 515871
Hleðsluhæð: 0,5 m
Lengd: 4 m
Breidd: 4 m
Ástand: Ómetið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt



Staðhættir
Á austurbakka bæjarlækjar um 100 m beint austur af íbúðarhúsinu eru leifar af grjót- og torfhlöðnum hænsnakofa. Veggjalög eru nú mjög gróin og hefur kofinn verið um 4 x 4 m að utanmáli.

Sólheimar 157547 50 - 9

Hlutverk Óþekkt, Kofi
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 698142 Y: 515870
Hleðsluhæð: 0,5 m
Ástand: Ómetið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Um 5 m sunnan hænsnakofans og á austurbakka bæjarlækjar um 100 m beint austur af íbúðarhúsinu eru leifar af annarri kofahleðslu. Kofinn hefur verið grafinn inn í bakkann að hluta en hleðsla myndar nyrðri langvegg og vestari skammvegg. Dyr hafa verið á vesturhlið. Veggjaþykkt er mest 50 cm og um 40 cm að hæð.

Sólheimar 157547 50 - 10

Hlutverk Óþekkt, Kofi
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 698127 Y: 515900
Hleðsluhæð: 0,6 m
Lengd: 2,5 m



Breidd: 2,5 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Um 100 m austur af íbúðarhúsinu í Sólheimum neðan við norðvestur horn túns, um 10 m austan við bæjarlæk er smátóft upp við brekkurætur.

Lýsing
Tóftin er um 2,5 x 2,5 að innanmáli. Tóftin er að hluta til grafin inn í hlíðina en norður og austurhlið eru hlaðin. Veggjaþykkt er mest 30 cm en hæð 60 cm.

Sólheimar 157547 50 - 11

Hlutverk Útihús, Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 698225 Y: 515999,653
Hleðsluhæð: 0,7 m
Lengd: 10 m
Breidd: 3 m
Ástand: Ómetið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt



Staðhættir
Neðan við klett um 15 m neðan heimreiðar að Sólheimum og um 20 m ofan við þjóðveg inn frá Hallormsstað.

Lýsing
Aflöng tóft, torf- og grjóthlaðin um 10 x 3 m að utanmáli. Tóftin liggur sa-nv og hafa dyr verið á suðvestur hlið. Grjót sést enn í hleðslum en tóftin er þó orðin mjög gróin. Við suður langvegg er líkt og smá útskot á um 3 m kafla en kann að vera hrun úr veggjum. Veggjahæð er mest 40 cm en þykkt 70 cm.

Skjögrastaðir (Skagasel) 182047-51

Horft til norðurs yfir bæjarstæði Skjögrastaða, fjárborg nær en bæjarhóll fjær.Ljósm. GZ.

Saga

Býlið Skjögrastaðir liggur á Gilsárdal að austan utanvert austan Gilsárgljúfurs og í um 220 m hæð yfir sjó.[30] Skjögrastaðir byggðust upp á gamalli selstöðu frá Hallormsstað, svokölluðu Skagaseli. „Meðfram Klifá eru Klifárbotnar, þar upp af Klifárdrög […] Innsta selið hét Skagasel fyrir innan Klifá, seinna kallað Skjögrastaðir, eftir Einari Skjögra, sem þar bjó manna fyrstur".[31]

Nafnið Skjögrastaðir munu koma fyrst fram í jarðabók frá 1760.[32] Í Jarðatali Johnsens er býlið sagt hjáleiga frá Hallormsstað og segir sýslumaður það 10 hundruð að dýrleika.[33] Í sóknarlýsingu frá 1840 eru Skjögrastaðir sagðir afbýli frá Hallormsstað „ (…) eina mílu til suðurs frá Hallormsstað, í Gilsárdalsmynni, metið 6 hndr. Með eyðibýli Buðlungavöllum".[34] Í sóknalýsingu frá 1874 segir: „Í Hallormsstaðasókn er ekkert nýbýli nema ef telja mætti Skjögrastaði. Þar var sel frá Hallormsstað fyrrum, hét Skagasel. Svo komst þar byggð um á 18. öld en lagðist niður á Buðlungavöllum. Þó var þar stundum búið að nafninu á báðum stöðum. Skjögrastaðir eru nær engjareitum í Gilsárdal. Því verður þar heldur búið".[35]

---

[30] Sveitir og jarði r í Múlaþingi II:131.
[31] Ö-Hallormsstaðar b::4.
[32] Sveitir og jarði r í Múlaþingi II:131.
[33] Jarðatal Johnsens: 371.
[34] Sýslu og sóknarlýsingar:315.
[35] Sýslu og sóknarlýsingar:344.

Bæjarhús á Skjögrastöðum brunnu 1931 og lagðist byggð þar þá af en byggt var upp að nýju á beitarhúsum frá Skjögrastöðum, yst í Gilsárdal á bæjarstæði fornbýlisins Buðlungavalla. Nefndist bærinn eftir það Buðlungavellir.[36] Síðustu ábúendur á Skjögrastöðum voru Halli Þorsteinsson og María Einarsdóttir.

Bærinn, er byggður var á Buðlungavöllum 1932, var gerður af viðum gömlu timburkirkjunnar í Vallanesi. Buðlungavalla er ekki getið Jarðatali eða Fasteignamati og hafa því verið afbýli, þegar byggt var þar aftur 1932.[37]

Heimildamaður var Gunnlaugur M. Kjerúlf sem bjó í 20 ár á Buðlungavöllum áður en þeir fóru í eyði.

Náttúrufar og jarðabætur

Í Fasteignamatið frá 1918 er jörðin sögð að 2/3 hlutum slétt, en hitt greiðfært þýfi en örðugt um útgræðslu, engjar mýrarflóar og laufslægjublettir víðs vegar um landið, reytingssamar mjög og langsóttar, beitilandið hagsælt og víðlent en fjárgeymsla erfið, upprekstrarland mikið og gott og skóglendi, er grisja megi til eldsneytis.[38]

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.
Ö-Hallormsstaður.b: Hallormsstaður eftir Stefán Einarsson, Örnefnastofnun.
Múlasýslur. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000.



Túnakort Skjögrastaða/Skagasels

[36] Sveitir og jarði r í Múlaþingi II:131, Ö-Hallormsstaðar 2002::20.
[37] Sveitir og jarði r í Múlaþingi II:131.
[38] Sveitir og jarði r í Múlaþingi II:131.



Skjögrastaðir 182047 51 - 1

Sérheiti: Skjögrastaðir/Skagasel
Hlutverk Bæjarhóll, Sel
Tegund: Tóftaþyrping
Staðsetning: X: 695996,07 Y: 512282,487
Hleðsluhæð: 3 m
Lengd: 40 m
Breidd: 20 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

Bæjarhóll á Skjögrastöðum..Ljósm. GZ.

Hættuorsök: Skógrækt
Heimildamaður: Gunnlaugur M. Kjerúlf
Staðhættir
Á túnakorti frá 1908 er býlið nefnt Skagasel eru sýnd þrjú tún á kortinu, Syðst á stærsta túninu eru bæjarhúsin, um 30 m vestan við bug á bæjarlæknum. Einungis eitt útihús er sýnt á kortinu, óvíst hvar það hefur staðið.
Bæjarhóllinn á Skjögrastöðum stendur efst í túni, fast neðan vegar sem liggur inn að rétt við Grafningsá, um 300 m upp (suður) af Gilsá. Bærinn brann 1931 og var hann þá fluttur þar sem nú er bæjarstæði Buðlungavalla (Sjm:131).
Lýsing
Nyrst í bæjarhólnum eru fjárhús um 10 x 4 m að innanmáli. Þau snúa nnv-ssa og er garði fyrir þeim miðjum. Dyr hafa vitað til norðurs út að hlaði. Þarna var baðstofan

áður en eftir brunann var þarna fjárhús. Um 2 m breið göng hafa verið ámilli fjárhúsanna/baðstofunnar og bæjarhúsaþyrpingarinnar. Í bæjarhólnum eru fimm herbergi. Tvö herbergi hafa legið austan við, samsíða fjárhúsunum og er innangengt milli þeirra. Dyr hafa verið á nyrðra herberginu fram á bæjarhlaðið. Fremra herbergið mun hafa verið skáli eða skemma en aftara herbergið búr. Austan þessarar tóftar er tóft sem snýr dyrum fram á bæjarhlað. Þar var fjós fyrir 3 kýr. Tvö herbergi hafa verið aftan til í bæjarhólnum. Eystri tóftin er mjög gróin og ekki sjást neinar dyr á henni. Þar mun hafa verið hrútakofi. Beint vestan hennar er tóft sem dyr eru á til suðurs og var það kúahlaða.
Tóftirnar eru mjög grónar en hleðslur standa þó vel og er grjót enn sýnilegt í þeim. Mesta vegghæð er um 3 m og þykkt um 5 m. Alls er bæjarhóllinn um 40 m á lengd og um 20 m á breidd. Tóftirnar standa á nokkurri upphækkun sem bendir til endurbygginga á sama stað.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.

Skjögrastaðir 182047 51 - 2

Hlutverk Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 695967,933 Y: 512311,665
Hleðsluhæð: 1,7 m
Lengd: 6 m
Breidd: 2,5 m
Ástand: Ómetið
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Útihús norðan bæjarhóls.Ljósm.GZ.

Staðhættir

Um 70 m neðan og norðan bæjarhóls á Skjögrastöðum eru tóftir af útihúsi, líklega fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin snýr nv-sa, er grjót og torfhlaðin og standa veggir enn vel. Tóftin er um 6 m löng og 2,5 m breið að innanmáli. Lerkitrjám hefur verið plantað nærri tóftunum, sunnan við. Dyr hafa vitað til norðurs. Djúp gata liggur á um 10 m kafla til norðurs frá dyrum tóftarinnar.

Skjögrastaðir 182047 51 - 3

Sérheiti: Borg
Hlutverk Fjárborg
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 695952,028 Y: 512155,44
Hleðsluhæð: 1,2 m
Lengd: 7 m
Breidd: 7 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegna skógræktar
Heimildamaður: Gunnlaugur M. Kjerúlf

Staðhættir
Í örnefnalýsingum segir: „Í túni á Skjögrastöðum var skýli (fjárborg) fyrir fé, kallað Borg" (ÖHa:17. „Í túni á Skjögrastöðum er vel varðveitt fjárborg, kölluð Borg, notuð sem skýli fyrir sauði" (ÖHG:22).
Efst í túni suður af bæjarhólnum á Skjögrastöðum fast neðan vegslóða sem liggur ofan (sunnan) túns.
Lýsing
Hringlaga fjárborg um 7 x 7 m að innanmáli, dyr til austurs. Grjóthlaðin en torf efst í hleðslu. Hleðslur standa enn mjög vel en hæð veggjar er mest um 1,2 m en þykkt um 1 m.
Aðrar upplýsingar
Borgin var notuð til að hýsa sauði fram um 1912-13.

Skjögrastaðir 182047 51 - 4

Hlutverk Hesthús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 695914,917 Y: 512121,957
Hleðsluhæð: 1,8 m
Lengd: 10 m
Breidd: 10 m
Ástand: Ómetið
Hættumat: Engin hætta
Heimildamaður: Gunnlaugur M. Kjerúlf

Hesthús vestast í túni. Horft til norðvesturs. Ljósm.GZ

Staðhættir
Í örnefnaskrám segir: „Þá var í útjaðri túns Hesthúsmelur"(ÖHa:17). „Inn af túni er Hesthúsmelur og neðan undir honum hesthústóft, vestur af henni Svarðargrafir (...) all miklar um sig" (ÖHG:22).
Lýsing
Efst og syðst í túni við Skjögrastaði eru hesthús og hlaða. Tóftin er enn nokkuð stæðileg um 10 x 10 m að utanmáli. Hesthúsið er til norðurs og er um 5 x 3 m að innanmáli, dyr hafa snúið í vestur. Hlaðan er austan við einnig um 5 x 3 m að innanmáli og hefur verið innangengt á milli. Hleðslur standa enn mjög vel og sést grjót í þeim en nokkuð er tóftin nú vaxin grasi.
Aðrar upplýsingar
Hesthúsið mun hafa verið notað fram yfir 1940.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Skjögrastaðir 182047 51 - 5

Sérheiti: Svarðarmýri
Hlutverk Mógröf
Tegund: Mannvirki
Staðsetning: X: 695886,779 Y: 512151,136
Lengd: 40 m
Breidd: 20 m
Ástand: Ómetið

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir
Í örnefnaskrám segir: “Inn af túni er Hesthúsmelur og neðan undir honum hesthústóft, vestur af henni Svarðargrafir allmiklar um sig.” (ÖHG:22).
Sunnan túns um 50 m neðan (vestan) við hesthústóftina vestast í túni er vegleg svarðargröf.
Lýsing
Svarðargröfin er um 30 x 40 m löng og um 15-20 m á breidd. Til vesturs frá henni er niðurgrafin afrennslisrás.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Skjögrastaðir 182047 51 - 6

Sérheiti: Lambhús
Hlutverk Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X696120,440 Y512383,803
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Skógrækt
Heimildamaður: Gunnlaugur M. Kjerúlf



Staðhættir
Í örnefnaskrám segir: „Innan við Fremstahraun er Lambhúsmelur í útjaðri túns, þar fyrir innan Lambhúsgrund” (ÖHa:17). „Innan við Fremstahraun er Lambhúsmelur í útjaðri túns, þar fyrir innan Lambhúsgrund. Tóft af fjárhúsi og hlöðu, svo og hrútakofa, er þar sem lambhúsið stóð fyrrum (ÖHG:22).
Tóft af fjárhúsi, hlöðu og kofa er á grasbala ofan vegar um 100 m suðaustur af bæjarhólnum á Skjögrastöðum.
Lýsing

Lambhús, beitarhúsatóftir. Ljósm.GZ

Tóftin er um 20 m að lengd og 8 m á breidd að utanmáli. Þetta er fjárhús með áfastri hlöðu aftan við. Tóftin snýr nálega norður-suður og eru dyr til norðurs. Garði er eftir miðju fjárhúsinu. Hlaðan er um 5 x 6 m að innanmáli en fjárhúsið um 10 x 4 m að innanmáli. Hleðslur standa enn mjög vel en þó er eitthvað farið að hrynja úr þeim. Veggjaþykkt er mest um 2,5 m en hæð um 1,7 m. Hrútakofi er áfastur nyrst á austur langvegg tóftarinnar. Kofinn er um 5 x 5 m að utanmáli og vita dyr til norðurs.

Aðrar upplýsingar

Hætt var að nota lambhúsin 1936 en húsin voru eftir það beitarhús frá Buðlungavöllum. Tóftin stendur í skógarlundi og vaxa tré í henni og fast við hana.

Heimildaskrá

Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Skjögrastaðir 182047 51 - 7

Hlutverk Áveita
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 695873,73 Y: 512150,275
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt
Heimildamaður: Gunnlaugur M. Kjerúlf

Staðhættir

Vestast í túni, vestan við svarðargröfina liggur um 50 m langt garðlag til austurs en beygir þar upp til suðurs, yfir bílslóðina sem liggur ofan túns á Skjögrastöðum og til austurs þaðan inn skóginn. Hæstur er garðurinn vestast um 70 cm að breidd og um 1 m að þykkt. Gunnlaugur segir þetta vera áveitugarð en vatni mun hafa verið veitt á tún úr Grafningsá.

Skjögrastaðir 182047 51 - 8

Sérheiti: Grafningur
Hlutverk Rétt
Tegund: Rétt
Staðsetning: X: 695853,743
Y: 512055,852
Lengd: 20 m
Breidd: 8 m
Ástand: Ómetið
Hættumat: Engin hætta

Grafningsrétt. Ljósm.GZ

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Inn í Grund skerst frá farvegi Grafningsár gróinn Grafningur (...), og hefur Gunnlaugur M. Kjerúlf það eftir Methúsalem á Hrafnkelsstöðum, föður sínum, að í grafningi þessum hafi verið forn lögrétt Skógamanna" (ÖHG23).



Lýsing

Vestan við grasflöt sem liggur á bakka Grafningsár er um 20 m langur og 5-8 m breiður grafningur inn í bakkann. Grafningurinn liggur na-sv og greinist hann til tveggja átta sunnan til er eystri grafningurinn 10 m langur en sá vestari um 12 m langur. Merki eru um hleðslu fyrir opið norðanvert í grafningnum og mun þar hafa verið réttað fyrrum og þar hafa verið lögrétt. Einnig eru merki um efnistöku á austurbakka réttarinnar.

Heimildaskrá

Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Skjögrastaðir 182047 51 - 9
Sérheiti: Vörðuás
Hlutverk Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrám segir: „Fyrir ofan Brúarmýri er Vörðuás" (ÖHa:17). „Fyrir ofan Brúarmýri er Vörðuás og ofan við hann Blautidalur" (ÖHG:21).
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Skjögrastaðir 182047 51 - 10
Sérheiti: Fornistekkur
Hlutverk Stekkur
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Horfin: Fannst ekki við skráningu

Staðhættir
Í örnefnaskrám segir: „Neðan við Svarðarmýri eru Fornustekksmelar" (ÖHa:17). „Neðan við Svarðarmýri eru Fornastekksmelar og inn og upp af þeim Sund, innan gullfallegur jökulskafinn kapparás, nafnlaus" (ÖHG:22).
Aðrar upplýsingar
Engin merki fundust um þennan stekk við skráningu 2004.
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Skjögrastaðir 182047 51 - 11
Sérheiti: Götuskarð
Hlutverk Vegur, Örnefni
Tegund: Heimild
Staðsetning: X696370,726 Y512958,980
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrám segir: „Á Bæjarás eru þessi kennileiti: Innan við Ásenda er Götuskarð" (ÖHa:18). „Á Bæjarási eru þessi kennileiti: Innan við Ásenda er Götuskarð þar sem selgatan lá milli Tittlingssels og Skjögrastaða (Skagasels), þaðan út um neðanverða Buga, út fyrir ofan Stórás, yfir kvíslar Klifár áður en þær falla saman í Klifárbotnum og áfram neðan Miðsjónarhrauns" (ÖHG:22).
Heimildaskrá
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Skjögrastaðir 182047 51 - 12
Hlutverk Óþekkt, Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 696046,227 Y: 512316,833
Lengd: 12 m
Breidd: 6 m
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Um 15 m vestur af bæjarhóli á Skjögrastöðum eru leifar fjárborgar eða einhverskonar gripheldis.
Lýsing
Nálega hringlaga 8 x 6 m að innanmáli, dyr hafa vitað til vesturs. Stendur á nokkurri upphækkun líkt og bæjarhóllinn sem bendir til endurbygginga. Veggjalög orðin nokkuð óljós en þó virðist sem tóftin sé nálega hringlaga. Tóftin stendur á nokkurri hólmyndun sem bendir til endurbygginga.

Skjögrastaðir 182047 51 - 13
Hlutverk Smalakofi
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Í örnefnaskrám segir: „Næst fyrir innan Lækjardal er Fosshlíð. Inn af henni er Ljóskollumelur. [...] Á melnum eru rústir af smalakofa [...]" (ÖHa:19). „Á melnum [Ljósukollumel] eru rústir af smalakofa og Gunnlaugur Kjerúlf segir að nú sé þarna nefnt Smalaskálaalda" (ÖHG:23).
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.

Skjögrastaðir 182047 51 - 14
Hlutverk Kofi
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Staðhættir
Í örnefnaskrám segir: „Innan við Sandaxlir heita Þrengingar. Þar stendur gangnakofi Skógarmanna og hefur verið þar frá ómunatíð" (ÖHa:19). „Innan við Sandaxlir heita Þrengingar. Þar stendur Gangnakofi Skógamanna og hefur verið þar frá ómunatíð, notaður í göngum fram undir 1960…" (ÖHG:23).

Skjögrastaðir 182047 51 - 15
Hlutverk Vegur
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir

„Fjallvegur lá frá Buðlungavöllum til Skriðdals og var nefndur Buðlungavallaheiði" (ÖHa:21).
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.

Skjögrastaðir 182047 51 - 16
Sérheiti: Aðgerðartangi
Hlutverk Örnefni, Áningarstaður
Tegund: Örnefni
Ástand: Ómetið

Staðhættir
„Örnefni næst Lagarfljóti, milli Klifár og Buðlungavallár. Þar heitir yzt Hagi. Næst er Jónshraunstangi, kallaður Jónstangi á Hallormsstað. Næst fyrir innan er Aðgerðartangi og Aðgerðarhvammur" (ÖHa:16). „Innan við hann [Jónstanga], miðja vegu milli Jónshraunstanga og Buðlungavallaár, er Aðgerðartangi og upp af honum Aðgerðarhvammur. Telur Gunnlaugur M. Kjerúlf að þar hafi frá fornu fari verið áningarstaður, gert að farangri og lagfært á hestum" (ÖHG:20).
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð við vettvangsskráningu 2004.

Skjögrastaðir 182047 51 - 17
Sérheiti: Gamlistekkur
Hlutverk Stekkur
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 695737 Y: 511831
Lengd: 12 m
Breidd: 6 m
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta



Staðhættir
Um 250 m inn af Skjögrastöðum um 100 m um 50 m vestan Gilsárgils. Á grasflöt vestan í melholti sem liggur samsíða Gilsá.
Lýsing
Tvískipt stekkjartóft um 12 x 6 m að utanmáli. Liggur nálega norður-suður. Syðra hólfið er stærra um 6 x 4 m að innanmáli en áfast því sunnan til er lambakró, um 3 x 4 að innanmáli. Innangengt á milli krónna. Veggjaþykkt er mest 1 m en hæð 70 cm. Grafin að hluta til inn í brekku.

Skjögrastaðir 182047 51 - 18
Sérheiti: Hádegismelur
Hlutverk Eyktarmark
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir

„Á Bæjarás eru þessi kennileiti: Innan við Ásenda er Götuskarð. Þá er klettur, sem heitir Strípur. Þar fyrir innan er Miðmorgunsmelur, eyktarmark frá Skjögrastöðum. Spölkorn innar er Hádegismelur norðan við ásbrúnina" (ÖHa:18).
"Alllangt innan við [Miðmorgunsmel] er Hádegismelur, upp af Hesthúsmel, neðan við Bæjarásbrúnina. Þar fyrir ofan eru Tvíseteinar innst á Bæjarás, sjást enn fyrir skógi frá Hesthúsmel og ber við loft." (ÖHG:22) Hádegsimelur er innan lerkiskógar og sést ekki lengur frá bæ.

Heimildaskrá

Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Skjögrastaðir 182047 51 - 19

Sérheiti: Gildrubotnar
Hlutverk Örnefni
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir

„[Örnefni milli Buðlungavallaár og Gilsár:] Neðst heita Gildrubotnar, rétt ofan við þjóðveg" (ÖHa:17). "Við brekkurætur ofan við Gilsáreyri heita Gildrubotnar." (ÖHG:21)

Aðrar upplýsingar

Ekki skráð 2004.

Skjögrastaðir 182047 51 - 20

Sérheiti: Biskupsvarða
Hlutverk Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

Staðhættir

Í örnefnalýsingum segir: „[...] upp af Jónshraunstanga [er] Biskupsmell. Á honum er varða nefnd Biskupsvarða" (ÖHa:16) „Var þá eyðilögð Biskupsvarða [við efnistöku í Biskupsmel] sem stóð á melnum, síðast steinhrúga en skar sig þó vel frá umhverfinu" (ÖHG:21).

Skjögrastaðir 182047 51 - 21

Sérheiti: Dagmálaskarð
Hlutverk Eyktarmark
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir

„Í Stórás er utarlega dæld, nefnd Litlaskarð. Þá Dagmálaskarð nokkru innar, eyktarmark frá Buðlungavöllum. Ofan við Stórás er Dagmálamýri"(ÖHa:16).

Skjögrastaðir 182047 51 - 22

Sérheiti: Miðmorgunsmelur
Hlutverk Eyktarmark
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
„Á Bæjarás eru þessi kennileiti: Innan við Ásenda er Götuskarð. Þá er klettur, sem heitir Strípur. Þar fyrir innan er Miðmorgunsmelur, eyktarmark frá Skjögrastöðum" (ÖHa:18) "Ofan við tún á Skjögrastöðum er Bæjarás og nær út að Buðlungavallaá. Þar heitir Ásendi. Á Bæjarási eru þessi kennileiti: Innan við Ásenda er Götuskarð þar sem selgatan lá milli Tittlingssels og Skjögrastaða (Skagasels), þaðan út um neðanverða Buga, út fyrir ofan Stórás, yfir kvíslar Klifár áður en þær falla saman í Klifárbotnum og áfram neðan Miðsjónarhrauns. Þá er klettur sem heitir Strípur. Þar fyrir innan er Miðmorgunsmelur, eyktamark frá Skjögrastöðum." (ÖHG:22)

Skjögrastaðir 182047 51 - 23

Sérheiti: Tungusel
Hlutverk Sel
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Horfin: Fannst ekki við skráningu.

Staðhættir
„[...]út og upp af túni á Skjögrastöðum eru óglöggar rústir sem heita Tungusel. Þar var búið nokkur ár á fyrri hluta 19. aldar, samkvæmt eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar." segir í örnefnalýsingu. Í Sveitum og jörðum er Miðsel sagt annað nafn á Tunguseli en í örnefnaskrá er þeirra getið í sitt hvoru lagi.
„Alllangt fyrir ofan Bugabrúnir er klettahæð sem heitir Sjónarhraun frá Skjögrastöðum/Buðlungavöllum, kallað Innstasjónarhraun á Hallormsstað.Er hraunið áberandi í hlíðinni, nú ofan raflínu (byggðalínu) inn og niður af Þúfu. Á þessum slóðum, öðru hvorum megin Buðlungavallaár, er líklega að finna rústir Tungusels[...]"(ÖHG:21).
Aðrar upplýsingar
Í Örnefnaskrá Hjörleifs Guttormssonar segir neðanmáls (bls 18-19): „Þann 18. júlí 2002 svipaðist skrásetjari (HG) eftir Tunguseli á göngu frá Miðseli inn fyrir Buðlungavallaá neðan við Innstasjónarhraun. Taldi hann sig á einum stað nálægt Buðlungavallaá rekast á stað þar sem vottaði fyrir rústum, þó ekki svo að óyggjandi væri. Þann 7. desember 2002 átti sami símtal við Þormóð Pétursson, f. 1929 á Ormsstöðum, en hélt til hjá foreldrum á Buðlungavöllum 1936-1941. Man hann eftir seli með tættum á svipuðum slóðum í fjallinu inn og upp af Ásnum. Segir hann alllangan gang að selinu frá Buðlungavöllum, en þangað var stundum farið í leit að hestum sem sóttu í grasbalann í kringum rústirnar, þótt ekki væri hann stór. Þá var haldið upp með Buðlungavallá og þegar komið var þar sem hún rennur gegnum Ásinn sést til selsins nærri beint upp af alllangt uppi í fjallinu, að hann minnir innan við Buðlungavallá. Þarna voru örlítil veggjabrot, sem nýttust sem bakþúfa, og grasbali ekki víðivaxinn en þó í lítilli rækt í kringum tætturnar. Ekki mundi Þormóður eftir Innstasjónarhrauni í tengslum við þennan stað. Líklega eru rústir þessar af Tunguseli og þarf að staðsetja þær og kanna nánar."

Aðrar upplýsingar
Fannst ekki við skráningu 2004 þrátt fyrir mikla og ítrekaða leit. Nefndur staður í ÖHG "þar sem vottaði fyrir rústum" reyndist ekki hafa að geyma manngerðar minjar.
Heimildaskrá
Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. *Múlaþing V, 1970*, bls. 172-187.
Ö-Hallormsstaður.a: Hallormsstaður eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun.

Skjögrastaðir 182047 51 - 24
Hlutverk Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Staðsetning: X: 695996 Y: 512282
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Á túnakorti má sjá matjurtagarð við suðvesturenda húss [að því gefnu að norður snúi upp á kortinu].
Aðrar upplýsingar
Fannst ekki við skráningu.
Heimildaskrá
Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort Skagasel.

Skjögrastaðir 182047 51 - 25
Hlutverk Útihús
Tegund: Heimild

Staðhættir
Á túnakorti frá 1908 er býlið nefnt Skagasel og eru sýnd þrjú tún. Syðst á stærsta túninu eru bæjarhúsin, um 30 m vestan við bug á bæjarlæknum. Einungis eitt útihús er sýnt á kortinu, óvíst hvar það hefur staðið.
Heimildaskrá
Þjóðskjalasafn Íslands; Túnakort Skagasel.

Buðlungavellir (Bulungavellir) 157464 50

Horft til vesturs yfir Buðlungavelli. Gamli bæjarhóllinn og beitarhús á honum í forgrunni. Ljósm.GZ

Saga

Buðlungavellir standa norður af Gilsárdal á sléttum grasvelli utan Buðlungavallaár. Bæjarins Buðlungavalla er getið í Austfirðingasögum. Í Þorsteins sögu hvíta og Hrafnkötlu kallast hann Bulungavellir en Bolungavöllur í Droplaugarsonasögu. Þar er sagt frá að menn fara um Bulungar/Bolungarvöll en ekki er þess getið að þar sé um býli að ræða.[39] Í Sóknarlýsingu frá 1840 eru Buðlungavellir taldir eyðibýli "nú brúkað sem beitarhús".[40] Í sóknalýsingu frá 1874 segir: „Í Hallormsstaðasókn er ekkert nýbýli nema ef telja ætti Skjögrastaði. Þar var sel frá Hallormsstað fyrrum, hét Skagasel. Svo komst þar byggð um á 18. öld en lagðist niður á Buðlungavöllum. Þó var þar stundum búið að nafninu á báðum stöðum. Skjögrastaðir eru nær engjareitum á Gilsárdal. Því verður þar heldur búið".[41]

Óvíst er hvenær á 18. öldinni byggð lagðist af á Buðlungavöllum en á 19. öld var aðeins búið þar í fáein ár upp úr 1830, (sbr. Manntal 2. febr. 1835, s. 87). Endurbyggt var á jörðinni árið 1932 eftir að bæjarhús á Skjögrastöðum brunnu. Þar voru þá beitarhús Skjögrastaða. Bærinn, sem byggður var á Buðlungavöllum 1932, var gerður af viðum gömlu timburkirkjunnar í Vallanesi. Buðlungavalla er ekki getið í Jarðatali eða Fasteignamati og hafa því verið afbýli, þegar byggt var þar aftur 1932 ".[42] Síðustu

[39] Íslendingasögur X, bls, 8, 109, 143, Íslenskir sögustaðir IV, bls. :33.
[40] Sýslu og sóknarlýsingar, bls. 115.
[41] Sýslu og sóknarlýsingar:344.
[42] Sveitir og jarði r í Múlaþingi II:131.

ábúendur á Buðlungavöllum voru Gunnlaugur M. Kjerúlf og Una J. Kjerúlf en búskapur lagðist þar af 1966.

Tóft beitarhúsanna sem fyrr er getið stendur enn mjög glögg og er hún ofan á gamla bæjarhólnum, líklega frá elstu byggð á staðnum. Nýrri bæjarhús standa svo um 50 m norðvestan bæjarhólsins.

Heimildaskrá

Íslendingasögur X bindi. Austfirðinga sögur, Guðni Jónsson bjó til prentunar, Reykjavík, 1953, bls. 1
Múlasýslur. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.
Manntal 2. febr. 1835

Fornleifaskrá



Buðlungavellir 157464 50- 1

Hlutverk Bæjarhóll
Tegund: Bæjarhóll, Tóft
Staðsetning: X: 696378,583 Y: 512245,686
Lengd: 40 m
Breidd: 20 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Buðlungavalla er getið í fornsögum en óvíst er hvenær byggð hófst þar. Í sóknarlýsingu frá 1940 eru Buðlungavellir sagðir eyðibýli en þá stóðu beitarhús frá Skjögrastöðum á gamla bæjarstæðinu (SS:315).
Býlið komst aftur í byggð 1932 en þar var þá reist, samkvæmt búskaparannál Sveita og jarða, „Járnklætt timburhús byggt ’32, 220 m^3. Útihús úr torfi og grjóti, hlaða (´58) 60 m^3, fjós 90 m^3, fjárhús og hesthús” (Sjm:131).
Húsið sem reist var 1932 stendur enn. Húsið er fremst (nyrst) við lága brekku og liggur heimreiðin til austurs yfir tún frá húsinu. Fast ofan heimreiðar, um 50 m austur af húsinu er gamli bæjarhóllinn en efst á honum er nú vegleg tóft eftir fjárhús og hlöðutóft, áður beitarhús frá Skjögrastöðum.
Lýsing

Hóllinn er mestur um 40 m að lengd og 20 m að breidd. Á hólnum standa stæðileg beitarhús, fjárhús með áfastri hlöðu. Ekki eru margar leifar eldri tófta í hólnum en ferköntuð tóftarmyndun um 3 x 7 m er við syðri langvegg beitarhúsanna. Einhverjar mishæðir eru einnig austast í bæjarhólnum sem kunna að vera tóftir.

Heimildaskrá

Múlasýslur. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.

Buðlungavellir 157464 50- 2

Sérheiti: Guttormsshús
Hlutverk Fjárhús, Hlaða
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 696319,147 Y: 514134,917
Hleðsluhæð: 1,8 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Guttormshús. Ljósm.GZ

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Efrahús (...) hét fjárhús uppi á túninu, og út og upp af, utan túngirðingar voru Guttormshús (...), fjárhús og hlaða yfir Hallormsstaðafé, sem fóðrað var af Buðlungavallabónda, áður Skjögrastaðabændum, upp í landskuld, oft 40-50 fjár" (ÖHG:20).

Lýsing

Fjárhús um 10 m að lengd og um 4 m að innanmáli, garði hefur verið eftir miðju fjárhúsi en dyr hafa verið við norðvestur horn hússins. Aftan fjárhússins er hlaða um 8 x 4 m að innanmáli. Vindauga mun hafa verið á hlöðunni til austurs. Vestan hlöðunnar og áfast henni og fjárhúsinu er minna fjárhús um 8 x 3 m að innanmáli. Garði hefur legið fyrir miðju húsi og dyr vitað til norðurs. Grjót sést enn í hleðslum og er mesta vegghæð um 1,8 m en þykkt 2 m. Enn eru leifar af timbri og bárujárni úr þekju.

Aðrar upplýsingar

Guttormshús voru byggð af Guttormi skógarverði um 1920 eftir að fjárhald frá Hallormsstað var lagt af á Tittlingsseli.

Heimildaskrá

Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun 2002.

Buðlungavellir 157464 50- 3

Sérheiti: Efrahús
Hlutverk Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 696247,03 Y: 514037,041
Hleðsluhæð: 3 m
Lengd: 18 m
Breidd: 10 m

Efrahús. Ljósm.GZ

Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Efrahús (...) hét fjárhús uppi á túninu, og út og upp af, utan túngirðingar voru Guttormshús (...), fjárhús og hlaða yfir Hallormsstaðafé, sem fóðrað var af Buðlungavallabónda, áður Skjögrastaðabændum, upp í landskuld, oft 40-50 fjár" (ÖHG:20).

Lýsing
Tóftin er lengst um 18 m og breiðust um 10 m, liggur nálega norður-suður. Efst við hana er hlöðutóft sem liggur nálega austur-vestur. Tóftin er úr torfi og grjóti og eru hleðslur enn mjög vel standandi. Útskot er til austurs syðst á vestari langvegg, dyr hafa vitað til norðurs. Leifar þekju liggja í tóftinni.

Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun 2002.

Buðlungavellir 157464 50 - 4

Sérheiti: Bæjarhús
Hlutverk Beitarhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 696378,583 Y: 512245,686
Hleðsluhæð: 2,7 m
Lengd: 40 m
Breidd: 20 m
Ástand: Ómetið
Hættuorsök: Skógrækt
Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Ofan bæjar var Balinn (...) og utan við hann í miðju túni fjárhús, nefnd Bæjarhús (...) og stóðu á gamla bæjarhólnum. Voru þar beitarhús í tíð Halla Þorsteinssonar á Skjögrastöðum (fram til 1931)" (ÖHG:20).

Lýsing
Hóllinn er mestur um 40 m að lengd og 20 m að breidd. Á hólnum standa stæðileg beitarhús, fjárhús með áfastri hlöðu. Fjárhúsið er um 22 x 6 m að innanmáli en hlaðan er um 8 x 6 m að innanmáli. Beitarhúsin liggja nálega austur-vestur en dyr hafa vitað til vesturs. Mesta hæð veggja er um 2,7 m en þykkt veggja er mest 1,5 m. Enn eru leifar þekju í tóftinni.
Beitarhúsin standa á upphækkun sem munu vera leifar gamla bæjarhólsins. Ekki eru margar leifar eldri tófta í hólnum en ferköntuð tóftarmyndun um 3 x 7 m er við syðri langvegg beitarhúsanna. Einhverjar mishæðir eru einnig austast í bæjarhólnum sem kunna að vera tóftir fjárhúss.

Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun 2002.

Buðlungavellir 157464 50 - 5

Hlutverk Matjurtagarður
Tegund: Mannvirki
Staðsetning: X: 696284,89 Y: 514256,793
Lengd: 5 m
Breidd: 4 m
Ástand: Ómetið
Hættumat: Engin hætta

Staðhættir
Grasi vaxin dalur eða dæld liggur niður brekkuna neðan norðaustur enda túns á Buðlungavöllum. Um 80 m neðan túns við austurhlíð lægðarinnar er matjurtagarður.
Lýsing
Garðurinn er um 4 x 3 m ferkantaður niðurgröftur, engin merki um garðlag. Hér er líklega um lítinn matjurtagarð að ræða en kann einnig að vera undirstöður einhverskonar húss.

Buðlungavellir 157464 50 - 6

Hlutverk Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 696798,668 Y: 506687,117
Hleðsluhæð: 0,6 m
Lengd: 100 m
Ástand: Ómetið
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Túngarðsbrot, horft í suður. Ljósm.GZ

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Ofan við Hólinn var gamall túngarður sem náði inn undir gilbrún á Buðlungavallaá. Pétur Einarsson ruddi honum um og girti á hólbrúninni" (ÖHG:20).
Lýsing
Túngarðsbrot liggur í boga suður fyrir bæjarhólinn og er nyrðri endi hans um 50 m suðaustan bæjarhóls. Garðurinn liggur á um 100 m kafla og endar við fjárhús sem liggja í túni ofan og sunnan íbúðarhússins sem enn stendur. Á hluta garðsins hefur verið lagt stakt stórgrýti til stuðnings við vírgirðingu.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun 2002.

Buðlungavellir 157464 50 - 7

Hlutverk Rétt
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X: 696284,89 Y: 514256,793
Lengd: 5 m
Breidd: 6 m
Ástand: Ómetið
Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir

Rúningsrétt, horft í norðvestur.. Ljósm.GZ

Í örnefnaskrá segir: „Lítil rétt var utanvert í hólnum [Buðlungavallahól] og þar rúið um miðja öldina" (ÖHG:20). Grasi vaxið gildrag eða dæld liggur niður brekkuna neðan norðausturenda túns á Buðlungavöllum. Um 80 m neðan túns við austurhlíð lægðarinnar er rétt.

Lýsing

Um 6 x 5 m að stærð, að hluta til grafin inn í brekkuna austan megin en syðri langveggur er grjóthlaðinn. Mótar fyrir ferhyrndu svæði en nyrðri langveggur og vestari skammveggur eru óljósir, hafa líklega verið girðing.

Heimildaskrá

Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun 2002.

Buðlungavellir 157464 50 - 8

Sérheiti: Stekkjargrund
Hlutverk Fjárhús, Hlaða, Stekkur
Tegund: Tóft; Heimild
Staðsetning: X: 696301,721 Y: 513606,161
Ástand: Ómetið
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Fjárhús og hlaða á Stekkjargrund við Buðlungavallaá. Ljósm.GZ

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Inn við Buðlungavallaá er Stekkjarklettur eða Stekkaklettur og Stekkjargrund og þar ræktað upp tún frá Buðlungavöllum. Innst á Stekkjargrund við Buðlungavallaá var Stekkur, síðar fjárhús byggt upp í tíð Péturs Einarssonar, tóftin vel varðveitt" (ÖHG:21).
Torf- og grjóthlaðin fjárhús og hlaða liggja í hvammi á austurbakka Buðlungavallaár.

Lýsing

Fjárhúsið er um 10 x 8 m að utanmáli og er garði fyrir miðju húsi. Aftan við og áfast fjárhúsinu er hlaða um 5 x 8 að utanmáli og hefur verið innangengt milli hlöðu og fjárhúss. Hleðslur standa enn mjög vel. Dyr hafa verið á fjárhúsinu til norðvesturs. Veggir eru mest um 1,5 m að breidd en um 2 m á hæð.

Heimildaskrá

Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun 2002.

Buðlungavellir 157464 50 - 9

Hlutverk Fjós, Hesthús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 696203,82 Y: 514096,255
Hleðsluhæð: 2 m

Lengd: 15 m
Breidd: 10 m
Ástand: Ómetið
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Við bæinn að norðan (neðan við) voru fjós og hesthús, endurbyggð af Gunnlaugi Kjerúlf" (ÖHG:20).
Lýsing
Tóft er fast norðan við uppistandandi íbúðarhús á Buðlungavöllum. Þau snúa nálega norður suður og eru um 15 x 10 m að utanmáli. Hleðslur standa enn mjög vel og eru leifar þekju með bárujárni í tóftinni. Dyr hafa verið norðarlega á vestur langhlið.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun 2002.

Buðlungavellir 157464 50 -10
Hlutverk Reiðgata
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
„Klif sem Klifá dregur nafn sitt af er allhátt klettabelti innan við ána og var þar tæp reiðgata og síðar mjór jeppavegur, [...]" (ÖHG:20). Nú liggur breiður akvegur um Klifið.
Aðrar upplýsingar
Ekki skráð 2004.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun 2002.

Buðlungavellir 157464 50 -11
Hlutverk Varða
Tegund: Varða
Staðsetning: X696893,869 Y512776,376
Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Þá ásnum sleppir [Stórás] heita innan hans Bugar, ofan við þá Bugabrúnir, Bugabrún (...) segir Gunnlaugur M. Kjerúlf, en ofan við hana er klapparás með vörðum, skógarbrekka á milli" (ÖHG:21).
Aðrar upplýsingar
Hjörleifur Guttormsson skráði á vettvangi sumarið 2004.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun 2002.

Buðlungavellir 157464 50 -12
Hlutverk Stekkur
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 696339,587 Y: 513825,914

Hleðsluhæð: 0,4 m



Lengd: 3 m
Breidd: 2 m
Ástand: Ómetið
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Stekkurinn liggur í þýfismóa á vesturbakka lækjar um 40 m austur af svokölluðum Tvívörðumel. ”Utan og neðan við Stekkjargrund er Tvívörðumelur og má greina á honum grjótdreif eftir tvö vörðubrot.” (ÖHG: 21)
Lýsing
Smátóft, um 2 x 3 m að innanmáli, vegghleðsla sést en er mjög vaxin mosa og sinu. Áföst henni er óljósara en stærra hólf um 6 x 3 m að innanmáli. Þarna er líklega um stekkjartóftir að ræða.

Buðlungavellir 157464 50 -13

Hlutverk Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: X: 696378,714 Y: 513828,502
Hleðsluhæð: 0,3 m
Lengd: 10 m
Breidd: 5 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Skógrækt



Staðhættir
Tóftin er í þýfismóa vestan lækjar og um 50 m austan og ofan stekkjar sem liggur austan við Tvívörðumel.
Lýsing
Tóftin er mjög gróin, jarðsokkin og vaxin mosa. Hún liggur nálega norður-suður og er um 10 x 5 m að utanmáli. Veggir mjög hlaupnir í þúfur og er mesta vegghæð um 30 cm. Dyr hafa vitað til norðurs.

Buðlungavellir 157464 50 -14

Svarðargröf, garðlag. Ljósm.GZ

Hlutverk Mótekja, garðlag
Staðsetning: X: 696365,672 Y: 513827,639
Ástand: Ómetið
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Landbrot

Staðhættir
Á vesturbakka lækjar þess sem rennur austan við svokallaðan Tvívörðumel. Beinn veggur eða niðurgröftur um 10 m langur, liggur samsíða læknum.

Sunnan hans er minni ferkantaður niðurgröftur um 3 x 3 m. Í gegn um þennan niðurgröft rennur mýrarkelda. Vera kann að þarna hafi verið tekinn svörður en ummerki eru öll mjög óljós.

Buðlungavellir 157464 50 -15

Hlutverk Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning:X: 696306,106 Y: 514134,054
Hleðsluhæð: 0,2 m
Lengd: 8 m
Breidd: 4 m
Ástand: Ómetið
Hættuorsök: Skógrækt
Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir
Ferköntuð tóftarmyndun er um 80 m austan við íbúðarhúsið á Buðlungavöllum og um 15 m austan gamla bæjarhólsins.
Lýsing
Veggjalög eru ekki sýnileg en tóftin er um 8 x 4 að utanmáli og stendur á nokkurri upphækkun sem bendir til endurbygginga á sama stað. Kann að tilheyra eldra byggingaskeiði á Buðlungavöllum.

Buðlungavellir 157464 50 -16

Sérheiti: Tvívörðumelur
Hlutverk Varða
Tegund: Heimild; Varða
Ástand: Ómetið
Hættuorsök: Skógrækt

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: „Utan og neðan við Stekkjargrund er Tvívörðumelur og má greina á honum grjótdreif eftir tvö vörðubrot.” (ÖHG:21).
Lýsing
Lítill grjótmelur er fast ofan vegar inn að Skjögrastöðum beint ofan Buðlungavalla og neðan við svokallaðan Stekk. Á melnum eru óverulegar leifar tveggja varða.
Heimildaskrá
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun 2002.

Tóftir utan Hallormsstaðalands

Mjóanes (Mjóvanes) 157540 46

Horft til norðausturs yfir friðlýsta skálatóft (fyrir miðri mynd) og gamla bæjarstæðið í bakgrunni.. Ljósm. GZ

Saga

Jörðin Mjóanes, Vallahreppi, stendur upp af nesi sem nú kallast Mjóanestangi og liggur út í Lagarfljót, um 8 km utan Hallormsstaðar. Jörðin hefur frá fornu fari verið í bændaeign. Nokkur spilda lands hefur þó verið tekin undir skógrækt á vegum Skógræktar ríkisins.

Mjóaness er getið í Droplaugarsonasögu (þá sem Mjóvaness) og bjuggu þar Helgi Ásbjarnarson og Þórdís todda.[43] Í gamla túninu sem liggur neðan þjóðvegar er friðlýst tóft og garðlög, talin frá elstu tíð.

Afbýli frá Mjóanesi var Mjóanessel en þar var búið um skeið á 19. öld fram undir 1860. [44] Gunnlaugsstaðir voru hjáleiga frá Mjóanesi komin í bændaeign og sjálfsábúð 1918.[45] Í Jarðabók Johnsens er Mjóanes sagt 20 hundruð að dýrleika, þar af 4 hundruð í hjáleigunni Gunnlaugsstöðum.[46] Bænhús mun hafa verið á Mjóanesi forðum tíð.[47]

---

[43] Íslendingasögur X bindi, bls. 127.
[44] Sveitir og jarðir II, bls. 145.
[45] Sveitir og jarðir II, bls. 146.
[46] Jarðabók Johnsens, bls. 371
[47] Sveitir og jarðir II, bls. 127

Gömlu bæjarhúsin stóðu í gamla túninu upp af Mjóanestanga vestan Mjóaneslækjar og neðan núverandi þjóðvegar. .

Náttúrufar og jarðabætur

Land jarðarinnar frá Fljóti að fjallsrótum er mestmegnis hallalitlar hálfdeigjumýrar með klettaholtum og melhryggjum. Gamla túnið var fremur harðlent, engjar nærtækar að mestu, þýfðar og þurrlendar, beitiland snjólétt. [48] Sóknarlýsing frá 1840 segir: „Þar er töðufall á heimajörðinni hér um fyrir fjórar kýr, útheyskapur lítill en útigangur allgóður”.[49]

Heimildaskrá

Íslendingasögur X bindi. Austfirðinga sögur, Guðni Jónsson bjó til prentunar, Reykjavík, 1953.
Múlasýslur. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.
J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.



[48] Sveitir og jarðir II, bls. 145.
[49] Sýslu- og sóknarlýsingar, bls. 315.

Fornleifaskrá



Mjóanes 157540 46 - 1

Sérheiti: Mjóanes
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild

Staðhættir
„Gamli bærinn stóð á lækjarbakkanum [Mjóaneslækjar] stuttan spöl austur af skálatóttinni [...]" (ÖM:9).

Mjóanes 157540 46 - 2

Sérheiti: Mjóanes
Hlutverk: Býli/Skáli
Tegund: Tóft
Staðsetning: X 704337,339 Y 523988,660
Friðlýst: Já
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð



Staðhættir

„Að fornu bjuggu Helgi Ásbjarnarson og Þórdís todda í M, og í túni er forn tótt, talin skálatótt Helga; friðlýst” (Sjm:144).
„Forn skálatótt er á Mjóanestúni, talin frá dögum Helga Ásbjarnarsonar, sem bjó í Mjóanesi á söguöld (sbr. Droplaugarsonasögu). Tótt þessi er nú friðlýst. Gamli bærinn stóð á lækjarbakkanum stuttan spöl austur af skálatóttinni[...]” (ÖM:9)
Vegleg tóft er í í gamla túninu á Mjóanesi um 80 m neðan þjóðvegar, um 60 m vestan Mjóaneslækjar.

Lýsing

Tóftin er allt að 35 m löng að utanmáli og um 10 m að breidd. Tvær samliggjandi tóftir. Stærri tóftin er 18 x 6 m að innanmáli og snýr na-sv. Veggjahæð er um 2 m hæð og allt upp í 4 – 5 m að breidd. Áföst vestan hennar er bogadregin tóft um 7 x 3 m að innanmáli. Inngangur í bygginguna hefur verið að austan en þar er engin vegghleðsla. Tóftin hefur verið lengri upprunalega þar sem að um 15 m langt garðlag liggur út frá suður langvegg til austurs og beygir svo til norðurs.

Skálatóft, séð til vesturs. Ljósm. GZ.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.
Ö- Mjóanes eftir Eirík Eiríksson, Örnefnastofnun.

Mjóanes 157540 46 - 3

Tóft vestast í túni. Ljósm. GZ.

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðsetning: X 704300,480Y 523955,072
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð

Lýsing

Um 30 m vestan við skálatóftina, vestast í túni, er önnur tóft mjög gróin. Hún snýr nv-sa og er um 20 m löng og 7 m breið að utanmáli. Tóftin er tvískipt, sunnan til er tóft um 8 x 6 m að utanmáli, veggjalög fremur óljós. Engar dyr sjást á tóftinni. Norðan hennar er stærra hólf um 10 x 7 m að utanmáli. Austari langveggur þessarar tóftar er beinn og nokkru lengri en vestari langveggur. Dyr eru á tóftinni til norðurs. Mesta vegghæð er um 40 cm og þykkt 1 m. Um 10 m vestan tóftarinnar liggur túngarðurinn vestan við túnið.

Mjóanes 157540 46 - 4

Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X 704281,081Y 524046,858
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð

Túngarður vestan túns, horft í suður. Ljósm. GZ.

Staðhættir
„Túngarður vestan við tún nú landamerkjagarður á parti við skógræktarlandið" (ÖM:10).

Lýsing
Túngarður er liggur meðfram túninu vestanverðu og liggur norður-suður. Garðurinn sést á um 100 m kafla þar sem hann liggur í boga vestur fyrir túnið að kletti neðst í túninu. Við syðri enda garðs um 20 m sunnan við tóft no. 46-3 beygir garðurinn til vesturs og sést á a.m.k. 1,5 km löngum kafla. Þar sem að garðurinn er gleggstur vestast í túni er hann um 2. m breiður og 1. m hár. Garðlagið sem liggur til vesturs frá túngarðinum er nokkuð jarðsokkið og hverfur á köflum, kann að vera undan girðingu.

Mjóanes 157540 46 - 5

Garðlag neðan túns, séð til norðurs. Ljósm. GZ.

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X 704303,001 Y524296,708
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð

Lýsing
Lágt garðlag liggur frá kletti neðst í túni á um 100 m kafla niður á tanga við fljótið. Garðurinn er um 30 cm á hæð og um 70 cm á breidd, nokkuð jarðsokkinn og gróinn.

Mjóanes 157540 46 - 6

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X 704303,001Y 524296,708
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð

Lýsing

Um 80 m vestur af garðlagi (46-6) er annað lágt garðlag sem liggur suðaustur-norðvestur og sést á um 80 m kafla. Garðlagið hverfur í plægða nýrækt sunnan til og í skóg norðan til. Mesta hæð um 40 cm, þykkt 50 cm.

Gunnlaugsstaðir (Gunnlaugarstaðir) 157486 47

Horft til suðausturs að núverandi bæjarhúsi á Gunnlaugsstöðum, friðlýst skálatóft í forgrunni. Ljósm. GZ.

Saga

Gunnlaugsstaðir eru ysti bærinn í hinni gömlu Hallormsstaðasókn, um 9 km inn frá Hallormsstað, ofan núverandi þjóðvegar. Jarðarinnar er getið í Droplaugarsonasögu (þá nefnd Gunnlaugarstaðir). Í sögunni segir: „Þá bjó sá maðr, er Án hét ok var kallaður trúðr, á Gunnlaugarstöðum ofan frá Mjóvanesi”.[50]
Gunnlaugstaðir eru sagðir hjáleiga frá Mjóanesi í Jarðabók Johnsens og þá talin 4 hundruð út úr heimajörðinni.[51] Jörðin var komin í bændaeign og sjálfsábúð 1918.

Náttúrufar og jarðabætur

Landið er að mestu hálfdeigjuland með óreglulegum holtum og hæðum.
„Gamla túnið er hólótt, harðlent og snöggt í þurrkatíð, engjar votar, þýfðar og fremur snögglendar. Jörðin þótti þó fremur vel fallin til búskapar því að vetrarbeit var góð og landið snjólétt, ásetningur baggi á kind og 4 hb. á hross. Sumarhagar rýrir” segir í Sveitum og jörðum (bls. 146).

[50] Íslendingasögur X bindi, bls. 126.
[51] Jarðabók Johnsens 1847, bls. 371.

Heimildaskrá

Íslendingasögur X bindi. Austfirðinga sögur, Guðni Jónsson bjó til prentunar, Reykjavík, 1953.
J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.

Gunnlaugsstaðir 157486 47

Hlutverk: Býli/Skáli
Tegund: Tóft
Staðsetning: X 705736,985 Y524520,281
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð



Staðhættir
„Skammt neðan við bæ er hóll sem heitir Stórihóll. Í sundi milli Stórahóls og bæjar, dálítið innarlega er Skálatótt. Þar er talið að staðið hafi forn skáli. Tætturnar eru ekki friðlýstar en jafnan hefur þess verið gætt að hrófla ekki við þeim" (ÖG:3).
Um 40 m norðvestur af núverandi íbúðarhúsi á Gunnlaugsstöðum, syðst í hólmyndun efst (syðst) í túni.

Skálatóftin, horft í suðvestur. Ljósm.GZ.

Lýsing
Tóftin er um 32 m að lengd og um 14 m að breidd þar sem hún er breiðust. Hún liggur sv-na. Tóftin er að minnsta kosti þrískipt. Þrjú hólf eða herbergi liggja í röð en eitt liggur til hliðar. Stærsta hólfið er syðst og einn inngangur er í tóftina til norðvesturs. Það er eini sýnilegi inngangurinn í bygginguna. Miðhólfið eða tóftin virðist hafa verið tvískipt en veggjalög eru mjög óljós. Nyrsta tóftin er minnst og áföst henni austan við er önnur tóft. Um 5 m norðaustur af skálatóftinni er önnur óljósari tóft sem liggur eilítið á ská við hana. Veggjalög eru einungis sýnileg á þrjá vegu en tóftin er opin til vesturs. Tóftirnar eru báðar mjög jarðsokknar og veggjalög óljós. Dýpt tóftar er mest um 1 m en þykkt veggja er allt að 4 metrar.

Heimildaskrá
Ö-Gunnlaugsstaðir, Finnur N Karlsson skráði, Örnefnastofnun, 1991.

Hrafnkelsstaðir (Rafnkelsstaðir) 156960 154

Saga

Hrafnkelsstaðir eru ysti bær í Fljótsdal, austan Jökulsár. Bærinn er þekktur úr Hrafnkötlu en þar segir frá því er Hrafnkell freysgoði varð brottrækur frá Aðalbóli í Hrafnkelsdal. Þar segir: „Hrafnkell færði bú sitt austr yfir Fljótsdalsherað ok um þveran Fljótsdal fyrir austan Lagarfljót. Við vatnsbotninn stóð einn lítill bær, sem hét að Lokhillu".[52] Var býlið upp frá því kennt við Hrafnkel.

Jörðin var eign Skriðuklausturs en síðar í einkaeign og í sjálfábúð frá 1927. Í Jarðatali Johnsens er jörðin nefnd Rafnkelsstaðir og er þar talin 12 hundruð að dýrleika og með henni taldar tvær eyðihjáleigur Brattagerði og Hrólfsgerði.[53]

Inni á Gilsárdal, yst við svokallaðan Lækjardal og suður af Lækjardalslæk eru leifar fornbýlis. Í örnefnaskrá Hrafnkelsstaða I (3) sem skráð er af Ara Gíslasyni eftir Methúsalem Kjerúlf stendur: "Í gilinu [Gilsárgili] fellur að framan Lækjardalslækur, kemur eftir Lækjardal. Upp af Lækjardal utarlega er Háholt, en innst er Lækjardalsbotn. Utan við Lækjardalsmela eru vallgrónar tættur af eyðibýli, sem heitir sem ekki eru neinar heimildir til um. Upplýsingar um þetta býli koma frá Gunnlaugi M. Kjerúlf sem kom einu sinni að staðnum með föður sínum, Methúsalem sem taldi að þar hefði búið einsetumaður og nefndi býlið Háls. Tóftir býlisins voru skráðar í sérstakri vettvangsferð inn á Gilsárdal og er Hálsnafninu haldið í fornleifaskrá.

Náttúrufar og jarðabætur

„Landið [Hrafnkelsstaða] er nokkuð bratt Jökulsármegin, þurrlent og snöggt, en þó algróið valllendi ríkjandi. Tún eru um hjalla, brattar brekkur og botna, greiðfær og harðlend [...] Gilsárdalur liggur mun hærra en Fljótsdalssléttan, og vex Ranaskógur á mólendi yst í dalnum, en innar er mýrlendi, og voru þar meiri engjar en innar á dalnum".[54] Í sóknarlýsingu frá 1840-41 segir um Hrafnkelsstaði: „Hér er tún grasgefið með því að það er undir votu bergi; heyskapur annars vegar lítill og smáfenginn en útigangur fyrir sauðpening rétt góður á gras og kvistlendi.

Heimildaskrá

Íslendingasögur X bindi. Austfirðinga sögur, Guðni Jónsson bjó til prentunar, Reykjavík, 1953.
Múlasýslur. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000.
Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.
Örnefnaskrá Hranfnkelsstaða I, skráð af Ara Gíslasyni eftir Methúsalem Kjerúlf. Örnefnastofnun.

[52] Íslendingasögur X bindi. bls. 104.
[53] Jarðatal Johnsens frá 1847, bls. 357.
[54] Sveitir og jarðir II, bls. 69.

Hrafnkelsstaðir 156960 154 - 1
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

Staðhættir
Gamli bærinn stóð á sama stað og íbúðarhúsið sem byggt var 1916 (Sjm:68).
Heimildaskrá
Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.

Háls – fornbýli í Gilsárdal

Horft til norðurs út Gilsárdal, fornbýlið Háls fyrir miðri mynd, nokkuð grösugra en umhverfið. Ljósm. GZ.

Hrafnkelsstaðir 156960 154 - 2
Sérheiti: Háls
Hlutverk: Býli
Tegund: Bæjarhóll
Staðsetning: X 695419,120Y 510692,733
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Gróður
Heimildamaður: Gunnlaugur M. Kjerúlf

Staðhættir
Í örnefnaskrá Hrafnkelsstaða I (3) sem skráð er af Ara Gíslasyni eftir Methúsalem Kjerúlf stendur: "Í gilinu [Gilsárgili] fellur að framan Lækjardalslækur, kemur eftir



Lækjardal. Upp af Lækjardal utarlega er Háholt, en innst er Lækjardalsbotn. Utan við Lækjardalsmela eru vallgrónar tættur af eyðibýli, sem heitir Háls."
Í örnefnaskrá Hallormsstaðar segir: „Vestan Gilsár gegnt Brandslág er norður endinn á Lækjardalstanga, rana sem verður milli Gilsár og Lækjardals. Innarlega á rana þessum má sjá rústir, allt að 13 talsins og stóð þar býlið Háls að Gunnlaugur M. Kjerúlf hefur eftir Methúsalem föður sínum. Voru þeir þar eitt sinn staddir saman í rytjuveðri að haustlagi. Sagði Methúsalem að þarna hefði búið einsetumaður" (ÖHG:24).
Leifar af fornbýli stendur á sléttlendi útundan Lækjardalsmelum um 100 m vestur af árgili Gilsár, nokkurn veginn til móts við Einiberjatanga á austurbrún gilsins. Bæjarstæðið er um 70 m austur af Lækjardalslæk.

Lýsing

Bærinn hefur staðið í þurrlendismóa austan við mýrardrag. Bæjarhóllinn sjálfur er enn nokkuð ljós, vaxinn grasi en minna kjarr á honum en öðrum tóftum. Bæjarhóllinn er um 20 x 15 m að utanmáli og í honum hafa verið fjórar vistarverur. Innangengt er á milli þriggja þeirra og kann að vera að dyr hafi verið á suðvestur langvegg. Þriðja tóftin er svo áföst sunnan við og hefur verið gengið inn í hana að norðaustan. Syðst í bæjarhólnum er áfast áheldi, hlaðið á þrjá vegu en opið til norðausturs.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Hranfnkelsstaða I, skráð af Ara Gíslasyni eftir Methúsalem Kjerúlf. Örnefnastofnu
Hallormsstaður – örnefnaskrá, Hjörleifur Guttormsson skráði, Örnefnastofnun 2002.

Hrafnkelsstaðir 156960 154 - 3

Sérheiti: Háls
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X 695467,279Y 510757,970
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Gróður

Smátóft er innan túngarðs um 15 m suðaustur af bæjarhólnum. Tóftin er um 5 x 3 m að utanmáli veggir jarðsokknir, hæstir um 40 cm og þykkastir um 1 m. Veggjalög eru mjög gróin lyngi.

Hrafnkelsstaðir 156960 154 - 4

Sérheiti: Háls
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: X 695441,167Y 510756,253
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Gróður

Lýsing
Túngarður liggur umhverfis bæjastæðið. Garðurinn liggur frá norðvesturhorni bæjarhólsins í um 10 m til vesturs. Þar liggur hann neðst í mýrardragi á um 70 m kafla til suðurs þar sem hann beygir og liggur á um 30 m kafla beint í austur. Þar beygir hann aftur og sést vel á um 12 m kafla en verður síðan mun óljósari. Þó má geta sér til um legu hans á um 30 m kafla í þýfismóa þar sem hann hverfur alveg. Garðurinn er mjög jarðsokkinn og vaxinn lyngi en hann er breiðastur um 2 m og hæstur um 70 cm.

Hrafnkelsstaðir 156960 154 - 5

Sérheiti: Háls
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Mannvirki
Staðsetning: X 695452,190Y 510788,012
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Gróður

Lýsing
Um 20 m norðan bæjarstæðisins er hólmyndun þar sem sýnilegar eru leifar einhvers mannvirkis, e.t.v. réttar. Túngarðurinn liggur upp að þessum hól að sunnanverðu.

Hrafnkelsstaðir 156960 154 - 6

Sérheiti: Háls
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft
Staðsetning: X 695439,134Y 510787,154
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Gróður

Lýsing
Um 20 m norðvestur af bæjarstæðinu um 8 m utan túngarðsins er tóft um 5 x 3 m að utanmáli. Tóftin er orðin mjög gróin, veggir hæstir um 40 cm og þykkt 70 cm. Dyr hafa verið á norðvestur-skammvegg.

Hrafnkelsstaðir 156960 154 - 7
Sérheiti: Háls
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóftaþyrping
Staðsetning: X 695454,223Y 510757,112
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Gróður

Lýsing
Um 30 m norðvestan bæjarhólsins er tóftaþyrping sem liggur í hálfboga suðvestur-norðaustur. Fjögur hólf eða smátóftir eru í rústinni. Rústabungan er um 12 m að lengd og um 7 m á breidd þar sem hún er breiðust

Hrafnkelsstaðir 156960 154 - 8
Sérheiti: Háls
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóftaþyrping
Staðsetning: X 695424,046 Y 510817,196
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Gróður

Lýsing
Um 80 m norðan við bæjarhólinn, uppi á lágri hæð eru tvær tóftir. Þær eru nú mjög vaxnar trjágróðri og því erfitt að sjá veggjalög glöggt. Syðri tóftin er ferköntuð, nálega 6 x 3 m að utanmáli, dyr hafa verið til suðurs. Veggjahæð mest 50 cm, þykkt 1 m. Um 1 m norðan hennar er önnur, nálega ferhyrnd tóft með óverulegri veggjum. Hún er um 5 x 5 m að utanmáli og engar dyr að sjá. Veggir einungis um 30 cm á hæð og um 50 cm á breidd.

Hrafnkelsstaðir 156960 154 - 9
Sérheiti: Háls
Hlutverk: Útihús
Tegund: Tóft og garðlag
Staðsetning: X 695410,991Y 510816,337
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Gróður

Lýsing
Grasi vaxin lægð er um 80 m norður frá bæjarstæðinu úti við Lækjardalslæk. Í lægðinni er mjög vallgróin ferköntuð smátóft um 3 x 3 m að utanmáli. Mjög óljóst garðlag er út frá henni til austurs og norðurs upp að brekkunni.

Vallholt 156971 154

Saga

Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi (bls.71) er Vallholt sagt nýbýli úr Hrafnkelsstaðalandi, stofnað 1946-1948. Vallholt er talið byggt á þeim stað þar sem fornbýlið Hrólfsgerði stóð. Hrólfsgerðis er getið í Hrafnkötlu og voru síðar reist á því beitarhús frá Hrafnkelsstöðum. Nú standa þar gripahús frá Vallholti.

Vorið 2004 var farin vettvangsferð til að skrá rústir fornbýlisins Háls á Gilsárdal. Voru þá jafnframt skráðar þær minjar í landi Vallholts sem gengið var fram á. Leiðsögumaður með í för var Sigurður E. Kjerúlf frá Vallholti.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.

Vallholt 156971 154 – 1

Sérheiti: Hrólfsstaðir
Hlutverk:Bæjarstæði
Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Vallholts sem skráð er af Helga Hallgrímssyni stendur (ÖHH:1): Bærinn er byggður á svonefndu Vörðuholti, stutt fyrir framan (innan) beitarhúsin Hrólfsgerði, þar sem talið er, að Hrólfsstaðir hafi staðið, en þeirra getur í Hrafnkels sögu (...) Bæjarstæðið er á hól eða útskoti í hlíðinni, afar sérkennilegt, og er útsýni þaðan mikið og fagurt." Einnig: "Merkin milli Vallholts og Hrafnkelsstaða I liggja frá Jökulsá "um grafning framan við Vörðuholt í Bóndagat, sem er hola niður í harðvellisbarð. Úr því í yzta enda á Breiðahjallakletti, þá út með túngirðingu, út fyrir Hrólfsgerðislæk, í Hálsgirðingu, með henni upp á Bláarás. Af honum beina stefnu í ytri enda á Tófuaxlarkletti. Þá þvert yfir í Engjalæk. (Örnefnaskrá Hrafnhelsstaða I)." „Segja má að V sé byggt á gamla fornbýlisstaðnum Hrólfsgerði sem nefnt er í Hrafnkötlu og gripahús rétt á gerðinu, en þar voru beitarhús frá Hrafnkelsstöðum" (Sjm:71).

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi II, Búnaðarsamband Austurlands 1975.
Örnefnaskrá Vallholts, skráð af Helga Hallgrímssyni. Örnefnastofnun.

Vallholt 156971 154 – 2

Sérheiti: Ranaskógur
Hlutverk: Kolagerð
Tegund: Holur
Staðsetning: X 695683,781Y 513441,221
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Gróður

Lýsing

“Ytri hluti landsins, milli Gilsáreyra og Gilsárgils, kallast Rani. Hann er nú mestallur skógi vaxinn, og heitir þar Ranaskógur, einhver skógivaxnasti og fegursti birkiskógur Íslands (Ranaskógur var fyrrum ítak frá Víðivöllum yrti, sem átti skóginn en ekki landið.” (ÖHH: 1)
Nokkrar kolagrafir eru í svokölluðum Ranaskógi á vesturbakka Gilsár.
Heimild
Örnefnaskrá Vallholts, skráð af Helga Hallgrímssyni. Örnefnastofnun.

Vallholt 156971 154 – 3



Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Staðsetning: X 695582,204Y 512596,585
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Gróður

Staðhættir
Í örnefnaskrá Vallholts stendur: “Þar sem Engjalækur fellur ofan í gilið, eru eldgamlar húsatættur á ytri bakkanum og stutt frá gilbarminum, nafnlausar. Er líklegast að þar hafi verið sel frá Hrafnkelsstöðum (sbr. selásinn fyrrnefnda). Nú er grundin með tóttunum að verða kjarri vaxin.” (ÖHH:7)
Á grasbala efst í Ranaskógi um 50 m norður og upp af bakka gilsins sem Gilsá fellur um, 10 m norðan Engjalækjar, beint til móts við tún á Skjögrastöðum er tóft, e.t.v. beitarhúsa- eða seltóft.
Lýsing
Tvær samliggjandi tóftir, sú stærri er um 5 x 9 m að utanmáli, liggur nálega norður-suður og hafa dyr verið til suðurs. Áföst henni er tóft um 5 x 6 m að utanmáli og hafa dyr á henni verið til vesturs. Ekki er hægt að sjá að innangengt hafi verið milli tóftanna. Veggir eru mjög grónir og er mesta veggjahæð um 40 cm en þykkt um 2,5 m.

Vallholt 156971 154 - 4



Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft og garðlag
Staðsetning: X 695398,163 Y 511808,602
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

Staðhættur
Tóft af kofa og gripheldi eru um 50 m upp af Gilsárgili við landamerkjagirðingu milli Vallholts og Hrafnkelsstaða í Fljótsdal.
Lýsing
Kofinn er hlaðinn upp við brekku, veggir úr grjóti. Hann er um 4 x 2 að innanmáli hafa dyr verið á norðausturhlið. Um 20 m suður af tóftinni er gripheldi hlaðið upp

við stóra náttúrusteina. Hleðslan er úr grjóti um 7 m að lengd og um 3 metrar þar sem hún er breiðust. Inngangur hefur verið til suðurs.

Vallholt 156971 154 - 5

Hlutverk: Tófugildra
Tegund: Hleðsla
Staðsetning: X 695215,444Y 511796,587
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

Tófugildra á Langholti. Horft til suðausturs. Ljósm. GZ.

Staðhættir
Í örnefnaskrá segir: "Nokkru ofar og austar á Hálsinum er Hálsmýri, nokkuð breitt mýrarsund milli klettóttra og grýttra holta. Austan við hana er Engjaalda og síðan Ytraengi, mýra og móasvæði, sem nær austur og suður að Engjalæk, en hann kemur sunnan af Hálsi og fellur ofan í Gilsárgil andspænis eyðibýlinu Skjögrastöðum. Fremraengi eða Innraengi er innar með læknum að austanverðu. Þar var lengi heyjað frá Hrafnkelsstöðum. (Innar og neðar er Langholt, rétt fyrir innan Hálsgirðingu, og neðan við það Lambhagamýri, en Lambhagi er hvammur þar niðri í Gilsárgilinu. Þetta er í hinu sameiginlega landi Hrafnkelsstaðabæjanna í Gilsárdal, en svo mun talið, að dalurinn hefjist við Engjalæk)." (ÖHH:7)
Lýsing
Hlaðin tófugildra er efst á klettahæð, svokölluðu Langholti, líklega í óskiptu ("sameiginlegu") landi Hrafnkelsstaða og Vallholts, sbr. örnefnaskrá.
Heimild
Örnefnaskrá Vallholts, skráð af Helga Hallgrímssyni. Örnefnastofnun.

Vegghleðsla nyrst á Langholti. Ljósm. GZ.

Vallholt 156971 154 - 6

Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Vegghleðsla
Staðsetning: X 695243,578Y 511767,402
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

Lýsing
Um 2,5 m langur hlaðinn veggur úr hellugrjóti er nyrst á svokölluðu Langholti. Kann að hafa verið hlaðið upp úr gamalli vörðu.

Niðurstöður – samantekt

Minjar og vaðveislugildi

Menningarlandslag er hugtak sem hefur hlotið aukið vægi innan þjóðminjavörslunnar hin seinni ár. Er þá átt við samspil manngerðra minja innbyrðis sem og tengsl þeirra við náttúru og sögu. Slík heild kann að hafa áhrif á varðveislugildi minjanna auk þess sem hún segir fyllri sögu um búsetu og kjör manna til forna.

Hugtakið menningarlandslag hefur einnig verið í umræðunni í tengslum við svokallaða menningartengda ferðaþjónustu og má segja að nú sé viss vakning í notkun menningararfsins til kynningar á landi og þjóð. Þá er ekki einungis um að ræða söguslóðir eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera gömlu verklagi, byggingaháttum og landnotkun vitni. Kynning á fornleifum er ekki síður mikilvæg heimamönnum og eykur áhuga og skilning á nánasta umhverfi og þeirri byggðasögu sem lesa má út úr menningarlandslagi.

Fornleifar eru vitaskuld einnig metnar út frá eigin verðleikum, hve sjaldgæfar þær eru og hvert fræðslugildi þeirra er. En það kann enn fremur að skipta máli hvaða þýðingu þær hafa fyrir rannsóknir og að hvaða leyti þær þykja geta fært mönnum nýja vitneskju um mannlíf til forna.

Minjar í og við Hallormsstaðaskóg

Við skráninguna var að hluta til stuðst við svæðisskráningu fornleifa á Fljótsdalshéraði sem gerð var af Fornleifastofnun Íslands. Heildar vettvangsskráning var gerð á Hallormsstað, Skjögrastöðum og Buðlungavöllum og Ormsstöðum. Auk þess voru skráðar minjar í námunda jarðanna sem taldar voru kasta ljósi á elstu byggð og hafa sérstakt vægi vegna ritunar sögu Hallormsstaðar.

Fjöldi minja á skráðum jörðum

Jörð	Fjöldi minja	Minjar skráðar á vettvangi	Horfnar minjar
Hallormsstaður	134	113	20
Skjögrastaðir	25	12	3
Buðlungavellir	16	14	0
Utan Hallormsstaðalands	22	22	
Samtals	197	161	23

Alls voru skráðar upp úr heimildum 197 minjar. Á vettvangi voru skráðar 184 minjar þar af voru tuttugu og þrjár þeirra horfnar eða um 11% vettvangsskráðra minja. Sextán minjar sem getið er í svæðisskrá voru ekki skráðar á vettvangi.

Minjar og notkunargildi þeirra

Segja má að á Hallormsstað sé sérstakt minjaumhverfi að því leyti að þar er um minjar í skógi að ræða. Búast má við að í framtíðinni muni stærri landssvæði hverfa

undir skóg og því er það áhugavert að greina hvernig og hversu vel minjar varðveitast við slíkar aðstæður. Fornleifaskráning sú sem hér var gerð bendir glögglega á nauðsyn þess að skráning fornleifa fari fram áður en farið er í skipulega ræktun skóga. Skógi hefur verið plantað í og við margar fornleifanna. Þó svo að skógi vaxnar minjar geti verið sjáanlegar á yfirborði og virðist heillegar eru það trjáræturnar sem valda mestum skaða á minjunum. Trjárætur aflaga jarðlægar mannvistarleifar svo sem gólflög og vegghleðslur þannig að mikilvægar fornleifafræðilegar upplýsingar glatast.

Mikilvægt er að gert sé ráð fyrir minjum við skipulagningu skógræktar og að þeim sé ætlað nægilegt rými innan skógræktarsvæða. Með því að skrá og flokka minjar er hægt að gera áætlun um varðveislu og sýnileika minja og minjaheilda við skógræktaráætlanir. Á þann hátt er einnig hægt að fylgjast með mikilvægum minjastöðum eftir því sem að náttúrulegum skógi vex ásmegin í skjóli skipulagðrar skógræktar eða friðunar.

Vegna sérstöðu Hallormsstaðaskógar sem þjóðskógar í vörslu Skógræktar ríkisins opnast margir möguleikar í tengslum við skipulagningu skógarins og útivistarmöguleika innan hans. Ýmsar leiðir eru til notkunar minja við skipulagningu útivistarsvæða. Má þar nefna göngustígagerð, skilti og kort. Við merkingu og skipulagningu stíga um skóginn væri upplagt að miða við legu áhugaverðra minja í landi. Nokkrir minjastaðir eru sérstaklega vel fallnir til þessháttar kynningar og má þar nefna tóftir beitarhúsa, býlis og fornbýlis á Borgargerði, skálatóft við Sólheima, Tittlingssel, Skjögrastaði og Ferjutangahús innst í Lambabólum sem tengja mætti Trjásafni í Mörk.

Minjar á Hallormsstað

Fjölbreytt minjaumhverfi er í Hallormsstaðaskógi. Fáar minjar er enn að finna heima við þar sem gamli Hallormsstaðarbærinn stóð enda hafa tún verið sléttuð auk þess sem þar liggur þjóðvegurinn í gegn um skóginn. Þar er nú einnig nokkur byggðarkjarni. Enn stendur bæjarhús Hallormsstaðarbæjarins, byggt 1884, í fullri notkun. Hinsvegar er lítið eftir af hinum eiginlega bæjarhóli sýnilegt á yfirborði þó að menjar um hann kunni að leynast neðanjarðar. Fornleg tóft er í svokölluðum Botni ofan bæjar og enn má sjá einhverjar leifar gamla túngarðsins. Heilleg nátthagatóft er í skógi ofan túns. Einnig voru skráðar minjar frá fyrri hluta 20. aldarinnar sem tilheyra upphafi húsmæðraskólans og skólabúinu sem því tilheyrði. Auk þess voru elstu skógræktarreitirnir skráðir.

Flestar minjar sem skráðar voru og enn eru augljósar í landslagi tilheyra þó hjáleigum og afbýlum Hallormsstaðar auk tófta selja og beitarhúsa. Áhugaverðar eru rústir og garðlög á Atlavíkurstekk. Einnig fornbýli og aðrar seinni tíma minjar á Borgargerði auk leifa fornbýlisins Geitagerðis. Sérstæð garðlög eru við Prestaker svokallað en þar er hlaðinn garður hringinn umhverfis tjörn og einnig liggur garðlag þvert yfir tjörnina. Engar heimildir eru um tilgang þessara garðlaga en þó má áætla að fjárhætt hafi verið við tjörnina og garðurinn því verið nokkurskonar vörslugarður. Vel varðveittar tóftir af seli eða beitarhúsum eru við Ferjutanga en engar heimildir eru til um þær. Hallormshaugur er á klettaholti í skógi og einnig er vel varðveitt seltóft á svokölluðu Miðseli við Ljósá ofanverða. Hallormsstaðarétt er uppi við klett innan grunnskólans á Hallormsstað og hefur verið sett upp tréverk innan hennar enda mun réttin notuð við kennslu.

Öllum tóftum í Hallormsstaðaskógi stafar hætta af gróðri. Skógur vex á og við öll fornbýlin þrjú Atlavíkurstekk, Geitagerði og Borgargerði. Trjágróður hefur þó verið hreinsaður af Stekkjartóftinni svokölluðu á Atlavíkurstekk með ágætum árangri. Skógur sækir einnig að Hallormshaugi og þá eru garðlög við Prestaker nánast horfin í skóg.

Minjar á Skjögrastöðum

Segja má að minjaumhverfi Skjögrastaða sé ákaflega vel fallið til kynningar og er gott dæmi um bæ þar sem búið hefur verið upp á gamla mátann á fyrri hluta 20. aldarinnar. Bæjarhúsin sjálf brunnu 1931 og var þá búskapur fluttur til Buðlungavalla. Menjar bæjarhóls og útihúsa í túni umhverfis hann standa því enn nánast óhreyfð en ekki hefur verið sléttað þar úr túnum. Heillegar beitarhúsatóftir eru rétt austan túns og gamlar stekkjartóftir eru innan við Grafningsá.

Skógur fer mjög vaxandi við Skjögrastaði og hefur gróðri verið plantað í nágrenni tóftanna.

Minjar á Buðlungavöllum

Á Buðlungavöllum eru enn heillegar minjar útihúsa innan túns. Húsin eru hlaðin úr torfi og grjóti en eru öll frá fyrri hluta 20. aldar. Gamli bæjarhóllinn er enn sýnilegur og á honum stendur vegleg tóft beitarhúsa frá Skjögrastöðum. Einhverjar mishæðir eru sýnilegar í hólnum en engin bein veggjalög. Utan túns eru tóftir fjárhúss og hlöðu á Stekkjargrund, gamlar stekkjartóftir utan Tvívörðumels og önnur fornleg tóft ofan hennar. Tóftir á Buðlungavöllum, aðrar en tóftirnar utan Tvívörðumels, eru dæmi um útihús, byggð fyrir og um miðja 20. öldina með gömlu verklagi.

Tóftirnar eru í lítilli hættu nema að skógi verði plantað innan túns.

Minjar á Ormsstöðum

Bæjarstæði Ormsstaða var sléttað út þegar þjóðvegur var lagður í gegnum Hallormsstaðaskóg á sjöunda áratug 20. aldar. Lítil merki eru um bæjarhólinn en einhverjar mishæðir í túni benda til að enn geti verið að finna minjar undir yfirborði. Í Leifar nokkurra útihúsa úr torfi og grjóti frá 20. öld eru í túni. Utan túns eru heillegar stekkjartóftir, Ormsstaðastekkur, og nokkru ofar og innan hans eru seltóftir, sem vera kann að séu selstaða frá Ormsstöðum. Heillegar hesthústóftir eru á sléttlendi nokkru ofan túns. Svokallaður Ormshaugur er ofan og sunnan túns en engin mannaverk er að sjá á þeirri hólmyndan.

Skógur umlykur bæjarhól og tún á Ormsstöðum en enginn skógur er í túni og þar hefur ekki verið plantað. Hinsvegar hefur skógi verið plantað í og við hesthústóftina og skógur umlykur Ormsstaðastekk og seltóftirnar.

Minjar á Tittlingsseli

Á Tittlingsseli eru mjög greinilegar minjar, túngarður, beitarhúsatóftir auk eldri tófta sem tilheyra líklega selinu sem staðurinn dregur nafn sitt af. Beitarhúsin standa á nokkurri hólmynd sem líklega er frá býlinu sem fór í eyði 1756. Auk þess eru tóftir

fjögurra fjárhúsa í nágrenninu. Allar eru tóftirnar mjög heillegar og mynda skemmtilega minjaheild.

